Fornleifaskráning í Garði á Reykjanesi: Verndarsvæði í byggð



Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Ágústa Edwald, Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Jakob Orri Jónsson, Jóhann Gunnarsson, Kristborg Þórsdóttir, Orri Vésteinsson og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS737-19011
Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík

Ljósmynd á forsíðu er af Útskálum og suðausturhluta fyrirhugaðs verndarsvæðis. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

©2019
Fornleifastofnun Íslands ses
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur 5

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 7

3. Aðferðir við fornleifaskráningu 9

4. Fornleifaskrá 11

GK-078 Lambastaðir 11

GK-079 Hof 24

GK-080 Útskálar 37

GK-081 Lónshús 83

GK-082 Akurhús 88

GK-083 Nýibær 97

GK-084 Móakot 103

GK-085 Presthús 108

GK-086 Garðhús 112

GK-087 Vatnagarður 116

GK-088 Miðhús 122

5. Upphaf og þróun byggðar innan verndarsvæðis 124

6. Samantekt um fornleifaskráningu og -rannsóknir innan verndarsvæðis 127

Bæjarstæði og bústaðir 130

Kálgarðar, gerði og garðlög 133

Önnur hús í hverfinu 137

Minjar um sjósókn 138

Samgönguminjar 139

Brunnar 140

Samantekt á niðurstöðum 141

Heimildaskrá 144

Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93 147

Viðauki II: Minjakort 155

Samantekt:

Í skýrslunni er að finna deiliskráningu Fornleifastofnunar Íslands á um 60 ha svæði í svokölluðum Út-Garði, í Garði á Reykjanesi. Skráningin er unnin fyrir sameinað sveitarfélag Garðs og Sandgerðis, Suðurnesjabæ, vegna fyrirætlana um verndarsvæði í byggð. Úttektarsvæðið nær frá mörkum Útskála og til vesturs að Skagatá, norðan Skagabrautar. Skráningin var unnin af Ragnheiði Gló Gylfadóttur, Kristborgu Þórsdóttur og Jakobi Orra Jónssyni (en áður hafði Fornleifastofnun Íslands unnið nokkur verkefni á svæðinu). Fornleifaskráningin verður á meðal þeirra gagna sem lögð verða til grundvallar um tillögu að verndarsvæði í byggð.

Við skráninguna var byggt ofan á eldri skráningar á svæðinu og gögnin endurskoðuð fyrir þá staði innan marka sem áður höfðu verið skráðir. Við úttektina voru margvíslegar heimildir kannaðar, loftmyndir skoðaðar og sömuleiðis gamlar ljósmyndir. Einnig var rætt við heimildamenn um svæðið. Við vettvangsúttekt var gengið kerfisbundið um allt svæðið í leit að minjum. Minjarnar voru mjög fjölbreytilegar og tengjast bæði hefðbundnum landbúnaði og sjávarútvegi, en einnig voru skráðar yngri minjar tengdar þéttbýli sem myndaðist á 20. öld á svæðinu. Áður höfðu Kanon Arkitektar skráð öll standandi hús og kofa í hverfinu. Í fornleifaskráningu voru skráðar allar fornleifar (100 ára og eldri) en einnig öll önnur mannvirki en standandi hús, samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands og er því hluti þeirra minja sem skráðar voru ekki fornleifar í laganna skilningi.

Svæðið var skráð í mars 2019 og voru samtals skráðar tæplega 280 fornleifar, og er það gríðarlegur fjöldi á ekki stærra svæði og endurspeglar það að hluta hversu þéttbýlt svæðið hefur verið um langt skeið og góða varðveislu minja innan verndarsvæðis.

Efnisorð: Fornleifaskráning, Suðurnesjabær, Garðskagi, Fornleifastofnun Íslands, Verndarsvæði í byggð

Summary

In this report are the findings and conclusion from a detailed survey carried out for Suðurnesjabær municipality in Reykjanes penisula. The survey took place in march 2019. A total of around 280 archaeological sites were surveyed in an area that was abour 60 ha in size. Most of the archaeological sites were considered to be at moderate risk of being affected by the planning and farming.


Keywords: Institute of archaeology, detailed survey, archaeology, Suðurnesjabær municipality

1. Inngangur

Í desember 2018 gerði Fornleifastofnun Íslands ses. samkomulag við sameinað sveitarfélags Garðs og Sandgerðis, Suðurnesjabæ, um að vinna deiliskráningu í svokölluðum Út-Garði. Sveitarfélagið vinnur um þessar mundir tillögu um verndarsvæði í byggð á umræddu svæði. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar greinargerð um mat á varðveislugildi verndarsvæða er ítarleg fornleifaskráning.

Verndarsvæðið í Garði er tæplega 60 ha að stærð og nær til frá Útskálasíki til vesturs að Skagatá. Skagabraut afmarkar svæðið til suðurs. Mörk verndarsvæðisins liggja að sjó að norðan. Á þessu svæði er ein elsta byggðin í Garði og má sjá þess talsverð merki í menningarlandslagi á svæðinu. Elstu húsin eru frá seinni hluta 19. aldar en þau yngstu frá því um 1970. Rætt var við heimildamenn á meðan vettvangssskráningu stóð og á úrvinnslustigi og fá þeir kærar þakkir fyrir ómetanlega hjálp.

Áður en vettvangsskráning hófst var farið yfir eldri rannsóknir sem Fornleifastofnun hafði unnið á svæðinu allt frá árinu 1999. Um þá yfirferð sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir sem hafði umsjón með fornleifaskráningunni. Nánar er fjallað þessar rannsóknir síðar í skýrslunni.



Skráningarsvæðið sést sem rauðu punktur, norðvestast á Reykjanesi. ©Landmælingar Íslands og Fornleifastofnun Íslands.



Loftmynd tekin úr dróna af fyrirhuguðu verndarsvæði. Skráðar minjar og uppmælngar sjást á myndinni. © Fornleifastofnun Íslands.

Auk Ragnheiðar unnu þau Kristborg Þórsdóttir og Jakob Orri Jónsson deiliskráninguna. Í skráningu minja vegna verndarsvæðis var flogið með dróna yfir svæðið og það ljósmyndað kerfisbundið af Garðari Guðmundssyni og eru honum færðar þakkir fyrir. Áður en rannsóknir hófust 2019 voru 157 minjastaðir þekktir innan fyrirhugaðs verndarsvæðis. Þegar skráningunni lauk voru minjastaðirnir orðnir 280 talsins og því ljóst að skráningin bætti miklu við fyrri þekkingu um svæðið.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Í fjórða kafla er sjálf fornleifaskráin, þ.e. lýsing á þeim minjum sem skráðar voru ásamt staðsetningarhnitum, ljósmyndum og uppmælingum. Í fimmta kafla er svo samantekt um sögu byggðar á svæðinu og rannsóknarsaga svæðisins og í þeim sjötta eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá og kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og þær minjar sem fundust innan þess.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi
> leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða
> og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum,
> kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til
> sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum
> samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar
> hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt

kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem
tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum
eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Áður en útttektarsvæðið í Út-Garði var skoðað á vettvangi var farið yfir eldri rannsóknir sem Fornleifastofnun hefur unnið fyrir sveitarfélagið með hléum árin 1999-2017. Auk þess var talað við staðkunnuga og ítarheimildir, loftmyndir og kort könnuð. Frekari upplýsingar bættust einnig við á vettvangs- og úrvinnslustigi, t.d. af gömlum ljósmyndum og loftmyndum. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka verndarsvæðis „í hættu vegna ábúðar“ eins og venja er með minjar innan heimatúna, það er þéttbýlt á svæðinu sem enn er að hluta nýtt til beitar. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða en verði tillaga um verndarsvæði í byggð í Garði samþkkt mun það stuðla að varðveislu minja á svæðinu.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, NM o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Úttektarsvæðið sem fjallað er um í skýrslu telst allt til svokallaðs Út-Garðs en innan þess voru 10 býli um miðja 19. öld samkvæmt Jarðatali Johnsens, þ.e. Lambastaðir (GK-078), Hof (GK-079), Útskálar (GK-080), Lónshús (GK-081), Akurhús(GK-082), Nýibær (GK-083), Móakot (GK-084), Presthús (GK-085), Garðhús (GK-086) og Vatnagarðar (GK-087). Bæjarstæði hjáleignanna voru skráð undir númerum þeirra og allar minjar í heimatúnum en allar aðrar minjar einfaldlega skráðar undir númeri höfuðjarðarinnar, Útskála.

Við skráningu er hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-011:150). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðisins. Við úttektina var stuðst mikið við túnakort af svæðinu sem gerð voru 1919 af Vigfúsi Guðmundssyni en inn á það eru merkt öll býli á svæðinu, útihús, garðar, kálgarðar og túngarðar og er það geysimikilvæg heimild um búsetulandslag á svæðinu í upphafi 20. aldar. Fyrstu skipulagsuppdrættir af sveitarfélaginu sem gerðir voru árið 1954, kölluð Stúdentakort, gáfu einnig mikilvægar upplýsingar og sýna vel þær breytingar urðu á byggðinni á þeim 35 árum sem eru á milli kortanna.[1]

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

1 Túnakort 1919: Stúdentakort 1954.



Dæmi um skráningu á minjastað í skráningarskýrslum Fornleifastofnunar.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.


Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur lýsing á aðstæðum eins og við á og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem staðinn varða.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrán aftast í skýrslunni.

Rétt er að geta þess að Útskálajörðin er mun stærri en verndarsvæðið og því eru nokktar fornleifar innan Útskála en utan þess svæðis sem skýrsla þessi fjallar um. Þetta er orsök þess að númeraröð fornleifa í þessari skýrslu er ekki samfelld heldur vantar hér og þar í röðina. Í slíkum tilfellum er skýringin því alltaf sú að umræddar fornleifar eru utan verndarsvæðismarka.

4. Fornleifaskrá

GK-078 Lambastaðir





N
0
25
50
75
100 m
Minjar
Uppmæld lína
Bæjarhóll
Grjóthlaðnar minjar
Steypa
Grónar minjar
þúst

1703: konungsjörð. Dýrleiki óviss. 1847, 33 1/3 hdr. Bændaeign.
1563: Jarðarinnar er getið í Jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól frá 1563. DI XIV, 155.
"Sagt er, að fyrr á öldum hafi Hof og Lambastaðir verið ein jörð, Lambastaðir, en síðan verið skipt milli tveggja systra. Hof á heldur meira land en Lambastaðir." Ö-Garðskagi, 1.
1703: "Túninu spillir vatn, sem um veturinn liggur á, item spillist það af sandi og sjávargangi, þegar stórfæður brjóta garðinn, og þarf hönum með stóru erfiði og athuga við að halda. Engjar eru öngvar. Útigangur í lakasta máta og nær enginn sumar og vetur, nema hvað fjaran er, þegar þáng, söl eður murukjarni og brúk rekur upp fyrir sjávargangi. Vatnsból er ekkert nema það eitt, er í annarar jarðar landi þarf til að sækja, bæði lángt og erfitt, og bregst þó tíðum bæði sumar og vetur." JÁM III, 77.
Tún 1919: 2,2 teigar, kálgarðar 1350 m2.

GK-078:001 *Lambastaðir* heimild um bústað
"Sjávargangur hefur so merkilega grandað jörðinni, að bærinn er fyrir þann skuld færður þángað sem nú stendur hann, og gjörist að því æ meir og meir, so valla má óhætt kalla pening og heyjum þar sem nú eru," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Í örnefnalýsingu segir ennfremur: "Rétt innan við gamla bæinn á Hofi er Lambastaðahóll. Þar stóð gamli bærinn á Lambastöðum, sá sem fluttur var undan sjó fyrir 1703 eða ef til vill annar yngri, því sjórinn hefur herjað hér á landið af miklum móð. Nýi bærinn á Lambastöðum [002] er hinsvegar ofarlega í landareigninni, beint upp af gamla bænum," segir í örnefnalýsingu. Elsta bæjarstæði Lambastaða, þar sem bærinn stóð fyrir 1703, er nú að öllum líkindum farið í sjó.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 77.

GK-078:002 *Lambastaðir* bæjarhóll bústaður A 320637 N 402753
"Lambastaðir eru líka að þokast undan sjónum. Þar er hærri hóll og snarbrattara í flæðarmáli [en á Hofi], með miklu húsarústa grjóti - og nokkrum arfagróðri, en engin sjógarður. Hóllinn (bæjarstæðið gamla) hæstur bak við húsið," segir í athugasemdum á túnakorti frá 1919. Á túnakorti 1919 er sýnt eitt stórt hús með bíslagi til suðurs og 8 litlir kofar þar austan við, kálgarður sunnan við og a.m.k. 3 kofar og eitthvað sem gætu verið trönur við vörina vestan við. "Rétt innan við gamla bæinn á Hofi er Lambastaðahóll. Þar



Fornleifar á bæjarstæði Lambastaða - yfirlit. ©Loftmyndir ehf.



Bæjarhóll GK-078:002, horft til norðurs.

stóð gamli bærinn á Lambastöðum, sá sem fluttur var undan sjó fyrir 1703 eða ef til vill annar yngri, því sjórinn hefur herjað hér á landið af miklum móð. Nýi bærinn á Lambastöðum er hinsvegar ofarlega í landareigninni, beint upp af gamla bænum," segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóll Lambastaða er um 180 m ASA við bæjarhól Hofs 079:001, fast sunnan við sjóvarnargarð. Síðast stóð tvílyft bárujárnsklætt timburhús á hólnum en það var rifið fyrir fáum árum (2007).

Bæjarhóllinn er fast sunnan við sjóvarnargarð. Hann er vaxinn sinu en sunnar eru slétt tún.

Bæjarhólllinn er alls um 86x30 m að stærð, snýr austur vestur og er um 1,5 m hár. Við suðausturhorn hans er steyptur grunnur 029. Vestarlega á hólnum er skúr úr bárujárni og vegur 008 liggur upp á hólinn úr suðri. Fjölmörg önnur mannvirki eru á hólnum sem er algróinn og mikil mannvist er þar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Garðskagi, 5-6

GK-078:003 *Lambastaðavör* hleðsla lending A 320632 N 402758



Lambastaðavör GK-078:003, horft til norðurs.

"Lending er voveifleg, so að ekki getur lagst nema eitt skip í senn, og þar með brimsöm," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Í örnefnalýsingu segir ennfremur: "Rétt við gamla bæinn á Lambastöðum er yzta uppsátrið á skaganum, Lambastaðavör. Þarna var brimasamt og ekki hægt að lenda nema boðarnir, þ.e. Ljóssveinar og Þórðarflös, lægju niðri. Vestan við vörina er klettur, sem ver hana. Hann heitir Snasi. Fram af vörinni er bogadregið rif, sem myndar djúpt lón, og heitir það Lambastaðarif. Varð að sigla fyrir endann á rifinu og síðan skáhallt inn í lendinguna, þannig að tvö sundmerki í landi bæri saman. Farið var inn í lendinguna um rennu, sem rudd hafði verið gegnum grjótið vestanverðu við Lambastaðarifið. Renna þessi heitir Lækur. Þegar komið er inn Lækinn, þarf að snöggbeygja fyrir Snasa inn í vörina." Lambastaðavör er um 25 m norðvestan við bæ 002 og er merkt á túnakort frá 1919. Vik er í klöppunum þar sem lendingin er, sjóvarnargarður er meðfram strandlengjunni.

Lendingin sést greinilega á fjöru, þar er rutt svæði í stórgrýti. Skilti hefur verið sett upp í varnargarðinum til að merkja Lambastaðavör, en skiltið er beint suður af lendingunni.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM III, 77; Túnakort 1919; Ö-Garðskagi, 6

GK-078:004 hús útihús A 320617 N 402631

Útihús er merkt á túnakort frá 1919, fast norðan við kálgarð 006. Útihúsið stendur enn og er um 115 m SSA við bæ 002.
Húsið er í óræktuðu, sinuvöxnu túni. Norðan við það er slétt tún.
Húsið, sem er jarðhýsi, er enn undir þaki. Dyr þess vísa inn í kálgarð 006 til suðurs og líklegt að hér hafi verið geymdar kartöflur og annað grænmeti sem ræktað hefur verið í garðinum. Jarðhýsið er um 8x5 m stórt og snýr norður-suður. Dyr eru á miðjum suðurvegg þess. Tveir strompar eru á húsinu, syðst og nyrst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Útihús GK-078:004, horft til norðvesturs.

GK-078:005 tóft útihús A 320747 N 402636

Útihús er merkt á túnakort frá 1919 fast við túngarð 010, austast í túninu. Tóft þess er um 140 m suðaustan við bæ 002.
Tóftin er í óræktuðu, sinuvöxnu túni.
Hún er um 6x5 m stór, einföld og opin til norðurs. Tóftin er að hluta stungin niður og er veggjahæð að innan um 0,6 m en að utan aðeins um 0,3 m. Tóftin er hlaðin úr fjörugrjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Tóft GK-078:005, horft til suðurs.




Uppmælingar af tóftum GK-078:005 og GK-078:009.© Loftmyndir ehf.

GK-078:006 gerði kálgarður A 320643 N 402619



Kálgarður GK-078:006, horft til vesturs.



Uppmæling af kálgarði 006.

Kálgarður er merktur á túnakort frá 1919, sunnan við útihús 004 og austan við veg 008. Garðurinn er enn vel greinilegur og er um 120 m sunnan við bæ 002. Hann er sambyggður jarðhýsi 004 að norðan. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn og gróinn sinu. Hann er um 25x37 m stór og snýr austur-vestur. Garðurinn liggur fast sunnan við túngarð 010 sem myndar norðurvegg hans. Hann er um 1 m hár. Tvö útihús eru sambyggð kálgarðinum, annað við suðurhliðina og hitt í norðausturhorni garðsins, þar sem hann hefur sameinast túngarðinum. Svo virðist sem austurveggur kálgarðsins hafi verið endurhlaðinn eftir að malbikaður göngustígur var gerður útihúsinu í norðausturhorni hans.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-078:007 garðlag kálgarður A 320667 N 402572
Afgirt "túnútgræðsla" er merkt á túnakort frá 1919. Í suðausturhorni hennar eru merktir fjórir sambyggðir kálgarðar. Enn sér að hluta fyrir útgræðslunni og görðunum um 185 m sunnan við bæ 002 og um 70 m sunnan við útihús 004.
Garðlagið liggur í óræktuðu sinuvöxnu túni.



Kálgarður GK-078:007, horft til norðvesturs.



Uppmæling af kálgarði GK-078:007.

Leifar kálgarðanna og túnútgræðslunnar ná yfir svæði sem er alls um 130x80 m stórt og snýr norður-suður. Vestast á svæðinu liggur garðlagið annarsvegar ANA-VSV og hinsvegar norður-suður. Þar nær það yfir svæði sem er um 50x55 m stórt og snýr austur-vestur. Sá leggur þess sem liggur ANA-VSV hefur markað suðurhlið kálgarðanna og sá sem liggur norður-suður hefur verið vesturmörk túnútgræðslunar. ANA-VSV leggurinn er um 60 m langur en norður-suður leggurinn er um 40 m langur. Hann mætir suðvesturhorni kálgarðs 006. Austurhluti túnútgræðslunnar er einnig greinilegur þar sem garðlag liggur til suðurs út frá túngarði 010 það beygir svo til vesturs og þá aftur til norðurs að túngarðinum. Þannig myndar garðlagið með túngarðinum afgirt svæði sem samsvarar túnakortinu frá 1919 vel. Þetta garðlag er alls um 140 m langt og nær yfir svæði sem er um 50x40 m stórt. Garðlagið er hæst um 1,3 m hátt en víðast er það um 0,8 m hátt. Það er hlaðið úr grjóti sem nú gróið að miklu leyti og vaxið sinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-078:008 heimild leið A 320625 N 402718
Traðir eru merktar að bæ 002 úr suðri á túnakorti frá 1919. Þar yfir er vegslóði en traðirnar eru horfnar undir hann. Hann liggur frá Skagabraut til norðurs að bæjarhólnum.
Vegurinn liggur frá Skagabraut yfir slétt tún að bæjarhólnum.
Slóðinn er um 3 m breiður og um 0,1 m djúpur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-078:009 tóft útihús A 320730 N 402638
Tóft af útihúsi er um 5 m vestan við tóft 005 og fast norðan við túngarð 010. Þetta er útihús sem er um

130 m suðaustan við bæ 002.
Tóftin er í sinuvöxnu, óræktuðu túni.
Tóftin er um 10x5 m stór og snýr austur-vestur. Túngarður 010 myndar suðurvegg tóftarinnar. Ekkert op er á henni. Tóftin er hlaðin úr grjóti og hleðslur hennar eru hæstar um 0,6 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega hefur verið útihús eða einhvers konar aðhald.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft 078:009, horft til vesturs.

GK-078:010 garðlag túngarður A 320799 N 402678
Á túnakorti frá 1919 er sýndur túngarður sem afmakaði allt heimatún Lambastaða og Hofs GK-079. Túngarðurinn er enn vel greinilegur og allur varðveittur nema til norðurs, þar er sjóvarnargarður. Túngarðurinn er U-laga og liggur til suðurs frá bæjarhól Hofs, sveigir til austurs að mörkum á móti Lónshúsum GK-081. Þar sveigir hann til norðurs að sjóvarnargarði. Suðurveggur túngarðsins er um 110 m sunnan við bæ 002 og norðvesturhorn hans er um 160 m vestan við bæ 002.
Garðlagið liggur í óræktuðu sinuvöxnu túni.
Garðlagið afmarkar svæði sem er um 330x150 m stórt og snýr austur-vestur. Það er vel gróið en virðist vera byggt bæði úr torfi og grjóti. Garðlagið er mjög breitt, breiðast um 2 m og um 1,5 m hátt. Hlið er á túngarðinum fast upp við kálgarð 006. Það er um 3 m breitt. Túngarður Lónshúsa 081:009 liggur út frá suðausturhorni garðlagsins. Frá árinu 2007 hafður verið grafið í gegnum túngarðinn á tveimur stöðum, annarsvegar fyrir akslóða og lagnir í gegnum tún Lambastaða og hinsvegar af húsi sem einnig sker kálgarð 006.



Túngarður GK-078:010, horft til austurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-078:011 heimild um býli
"Hjáleiga heima við bæinn, ekki nafn gefið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Ekki er vitað hvar þessi hjáleiga stóð og má vera að hún sé komin í sjó líkt og bæjarstæði Lambastaða frá 1703. Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 kemur fram tvær hjáleigur Lambastaða séu komnar í sjó, líklega er þetta önnur þeirra.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 77


GK-078:012 heimild um býli
"Hjáleiga hin þriðja heima við bæinn ekki nafn gefið og nú í eyði síðan næstu fardaga, hefur þó áður bygð verið lángar stundir, og var þá landskuld þar af l álnir, betalaðist með fiski, item eitt kúgildi. Og er hún með vilja lögð í eyði fyrir þann skuld, að heimabóndinn, sem nú brúkar þá grasnyt, er hjáleigunni fylgdi, gat grasnautnarinnar ekki mist að skaðlausu, kann og ekki hjáleigan fyrir þá skuld aftur að byggjast, nema með heimajarðarinnar skaða," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Ekki

er vitað hvar þessi hjáleiga stóð og má vera að hún sé komin í sjó líkt og bæjarstæði Lambastaða fyrir 1703. Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 kemur fram tvær hjáleigur Lambastaða séu komnar í sjó, líklega er þetta önnur þeirra.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 78

GK-078:013 *Skagahóll* bæjarhóll landamerki A 320227 N 402711
"Úr nefndum merkisteini á miðjum Skagahól nyrðri er markalína Lambastaðalands að sunnan bein sjónhendingarlína í suðurhorn skólahússins á Útskálum að merkisteini merktum M [016] og úr honum bein lína í Lónshúsahlið," segir í Landamerkjabók Gullbringusýslu frá 1889 samkvæmt örnefnalýsingu. Skagahóll er um 20 m suðaustan við Hólavelli 080:064. Hóllinn er á þeim stað þar sem Brynjúlfur Jónsson teiknar rústabungu á uppdrátt sinn af sáðreitunum á Garðskaga, sem birtur var í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1903. Í grein Brynjúlfs segir: "Akurlönd hafa verið á Skaganum fyrir norðan Útskála. Sér þar enn votta fyrir að minnsta kosti 18 akurreinum, 4-8 fðm. breiðum, sem eru aðgreindar með þráðbeinum, jafnhliða görðum ... takmarkast þeir að vestanverðu af garði, sem þar liggur frá sjónum langsetis í suðaustur að lítill hæð eða tóftabungu, sem er skamt frá norðvesturhorni hinna norðustu túngarða í Útskálahverfinu, sem nú eru." Skagahóll og tóftabungan eru eflaust einn og sami staðurinn.
Skagahóll er klapparhóll í sléttu túni við íbúðarhúsið á Hólavöllum. Búið er að reisa styttu á hólnum og þar koma þrjár girðingar saman.



Skagahóll GK-078:013, horft til norðurs.



Uppmældar minjar GK-078:013.

Hóllinn er um 20x16 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er um 2-2,5 m hár. Dæld er í suðurhluta hólsins, líklega eftir útihús. Dældin er 3,6 x 1,3 m að stærð, 0,2 m að dýpt og opnast til suðurs. Í norðurhlið hólsins hans skín í bera klöppina. Enginn merkjasteinn er nú á hólnum en girt er úr honum til norðurs að Helgarétt 079:015. Engar hleðsluleifar eru á hólnum sem er gróskumikill og sker sig úr umhverfinu og greinilegt er að mannvist er hér undir sverði. Garðlag 080:106 liggur til austurs og vesturs að hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðskagi, 2; Árbók 1903, 36.

GK-078:014 heimild um landamerki
"Frá Lónshúsahliði ræður Lambastaðatúngarður [010] merkjum allt þar til bugur hans gengur lengst til suðausturs. Þaðan ræður bein lína í stein merktan M, settan innanvert við sjávargarðinn, og í klöpp í fjöru merkta M [015] og á sjó fram," segir í Landamerkjabók Gullbringusýslu frá 1889 og birt er í örnefnalýsingu. Staðsetning merkjasteinsins er ekki þekkt. Hann er líklega farinn í sjó eða undir núverandi sjóvarnargarð sem hefur verið endurbyggður eftir að landamerkjalýsingin var gerð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garðskagi, 2

GK-078:015 heimild um landamerki
"Frá Lónshúsahliði ræður Lambastaðatúngarður [010] merkjum allt þar til bugur hans gengur lengst til suðausturs. Þaðan ræður bein lína í stein merktan M, settan innanvert við sjávargarðinn [014], og í klöpp í fjöru mekrta M og á sjó fram," segir í Landamerkjabók Gullbringusýslu frá 1889 og birt er í örnefnalýsingu. Klöppin merkt M fannst ekki við vettvangsskráningu enda líklega á kafi í sjó.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garðskagi, 2

GK-078:016 heimild um landamerki
"Úr nefndum merkisteini á miðjum Skagahól nyrðri [013] er markalína Lambastaðalands að sunnan bein sjónhendingarlína í suðurhorn skólahússins á Útskálum að merkisteini merktum M og úr honum bein lína í Lónshúsahlið," segir í Landamerkjabók Gullbringusýslu frá 1889 og birt er í örnefnalýsingu. Staðsetning merkisteinsins er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garðskagi, 2

GK-078:017 *Lýsisbræðslan* hús A 320586 N 402611
Gamalt steinhús sem gengur undir nafninu Lýsisbræðslan er 145 m sunnan við bæ 002. Samkvæmt Magnúsi Gíslasyni heimildamanni var húsið byggt fyrir 1919. Húsið er fast sunnan við garðlag 079:013 og um 5 m vestan við veg 008.
Húsið er á moldarplani á sléttri grasflöt.
Árið 2007 er húsinu lýst svohljóðandi: „Húsið er steinsteypt með bárujárnsþaki. Það er um 8x4,5 m að grunnflatarmáli og snýr austur-vestur. Breiðar dyr eru á austurgafli hússins. Á suðurhlið þess eru dyr vestarlega og tveir gluggar. Tveir gluggar eru einnig á norðurhlið hússins sem og á vesturgafli þess. Á norðurhlið þaksins er risgluggi." Húsið hefur verið gert upp eftir þessa lýsingu og er ekki að sjá risglugga á því nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Hús GK-078:017, horft til vesturs.

GK-078:018 þúst óþekkt A 320698 N 402716
Þúst er í túni Lambastaða um 70 m suðaustur af bæ 002 og um 220 m austur af Hofi GK-079:002. Sé tekið mið af staðsetningu þústarinnar var þetta líklega útihús eða mannvirki tengt fiskveiðum.
Slétt og gróið tún.
Þústin er um 0,5 m á hæð og sker sig úr grónu túni. Hún er nokkurnvegin hringlaga, um 4 x 3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst GK-078:018, horft til vesturs.

GK-078:019 þúst óþekkt A 320712 N 402718



Þúst GK-078:019, horft til norðurs.

Þúst er í túni Lambastaða, um 80 m suðaustur af bæ 002 og um 230 m austur af Hofi 079:002. Þústin er um 12 m austan við þúst 018.
Slétt og gróið tún.
Þústin er um 0,5 m á hæð og er í grónu túni. Hún er 3,5 x 3 m að stærð, snýr norður-suður og er hringlaga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-078:020 þúst óþekkt A 320714 N 402704



Þúst GK-078:020, horft til austurs.

Þúst er í túni Lambastaða, um 90 m suðaustur af bæ 002 og 11 m sunnan við þúst 019. Sé tekið mið af staðsetningu hennar er hér um útihús eða mannvirki tengt útræði á jörðinni.
Slétt og gróið tún.
Þústin er um 0,5 m hærri en umhverfi sitt og er 4 x 3 m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur, í austurhlið hennar er dæld, mögulega leifar af hólfi. Dældin er allt að 0,10 m djúp. Dældin er um 2 x 1,5 m stærð, snýr norðvestur-suðaustur og í hana safnast vatn í leysingum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-078:021 dæld óþekkt A 320730 N 402624



Dæld GK-078:021, horft til norðvesturs.

Fast sunnan við túngarð 010 og um 1 m vestan við garðlag GK-080:050 er dæld. Garðlag 007 sem afmakaði túnútgræðslu á túnakorti frá 1919, liggur að dældinni en hún sker það garðlag.
Dældin er í sléttu túni sem nýtt er til beitar.
Ferköntuð dæld sem 17 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Mesti hæðamunur á milli hennar og nánasta umhverfis er um 0,2 m. Hvönn vex í norðurhluta dældarinnar, upp við túngarð 010. Mögulega er dældin leifar grunns einhvers húss. Þar sem þessi dæld sker garðlag 007 er hún líklegast yngri en og telst því mögulega ekki til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-078:022 garðlag túngarður A 320627 N 402552

Um 50 m norðan Skagabrautar er garðlag sem liggur samsíða götunni. Garðlagið er milli garðlags 080:051 og malbikaðs vegs sem liggur að íbúðarhúsi Lambastaða, nú (2019) nýtt sem gistiheimili. Á túnakorti frá 1919 er sýndur garður sem er fyrir vesturhlið Nýlendutúns en heldur áfram til norðurs og tengist suðurhlið Lambastaðatúngarðs eftir að hafa tekið á sig hlykk. Garðurinn er enn vel greinilegur.

Suðurendi hans er um 15 m VNV við Nýlendu 048. Þaðan liggur hann til norðurs þar til hann tengist túngarði Lambastaða sunnan við tóft 078:009.
Norðan garðlagsins er beitartún, en sunnan þess slægt tún. Garðurinn er alls um 120 m langur. Hann er allhár, hæstur um 1,2 m og um 0,9 m breiður. All víðasér í grjót í honum og er sumt þess mjög stórt. Nú er gaddavírsgirðing á garðlaginu.
Garðlagið er um 105 m að lengd, um 1,5 m að breidd og um 0,3 m að hæð mest og má sjá steina í hleðslu hér og þar, sérstaklega þar sem það liggur að garðlagi 080:051, en ekki er að sjá nema eitt umfar í grunninn. Vesturendi garðlagsins endar við malbikaðan veg en er í línu við garðlag handan hans sem skráð er sem hluti [078:007] og austurendi hans er við hlið sem markar milli hans og garðlags [080:051]. Girt hefur verið með rafmagnsgirðingu ofan á eða með garðlaginu að mestu, nema næst malbikuðum vegi að ibúðarhúsi Lambastaða. Eldri girðingastaurar standa enn hér og þar á garðlaginu við hlið rafmagnsgirðingarinnar.



Garðlag GK-078:022, horft til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-078:023 heimild um útihús A 320686 N 402739
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró fast vestan við bæ 002, á sjávarkampinum. Til austurs frá henni er svæði merkt ´malir´ á túnakortinu.
Þróin var fast sunnan við sjóvarnargarð sem þarna er. Svæðið er vaxið sinu en sunnar eru slétt tún.
Engin ummerki um þrónna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-078:024 kantur uppsátur A 320612 N 402744
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var bátaspil fast vestan við bæ 002, beint sunnan við lendingu 003. Á fyrsta skipulagsuppdrætti, fyrir Garðinn frá árinu 1954 er sýnt grjóthlaðið uppsátur á sama stað. Enn er gamalt spil sem notað var samfara lendingunni til að draga báta á land á staðnum.
Uppsátrið er fast sunnan við sjóvarnargarð. Svæðið er vaxið sinu en sunnar eru slétt tún.
Enn sér móta fyrir grónum, L-laga kanti og ummerki um tvenn uppsátur. Kanturinn er 12x8 m að stærð, 0,3 m á hæð og gróinn. Annað uppsátrið er um 7 m austan bárujárnsklædda skúrsins, er um 9 x 5 m að utanmáli og snýr norður-vestur. Í uppsátrinu er enn timburbátur, veðraður og brotinn. Vélin úr bátnum er til sýnis í lokuðum kassa um 2 m suður af uppsátrinu.



Uppsátur GK-078:24, horft til norðurs.

Um 7 m suðvestar eru leifar annars uppsáturs, nú (2019) dreif af grjóti, steypu og við. Það er 20 x 10 m að lengd og skagar til suðurs frá bæ 002. Vír liggur í hrúgu í norðurhluta uppsátursins
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Stúdentakort 1954.

GK-078:025 mannvirki útihús A 320601 N 402760
Steyptur grunnur er vestast á bæjarhól 002, á þeim stað er sýnt hús á skipulagsuppdrætti frá 1954. Húsið hefur verið rifið en enn má sjá umerki um grunninn. Grunnurinn er rúmum 25 m vestur af



Mannvirki GK-078:025, horft til norðvesturs.

bárujárnsklædda húsinu.
Grunnurinn er 13x6 m að stærð og liggur austur-vestur, samhliða sjávarkampinum. Hann er 0,2 m á hæð Grunnurinn er að hluta grjóthlaðinn en að mestu steyptur. Önnur ummerki hússins eru horfin og það sést ekki á túnakorti frá 1919.
Svæðið er vaxið sinu en sunnar eru slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Stúdentakort 1954.

GK-078:026 gerði kálgarður A 320635 N 402731


Kálgarður GK-078:026, horft til norðausturs.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við bæ 001. Stór hluti hans er enn varðveittur.
Svæðið er vaxið sinu en sunnar eru slétt tún.
Kálgarðurinn er 23x14 m að stærð, 0,9 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er U-laga og veggirnir eru grjóthlaðnir. Gróið er yfir hleðslurnar að hluta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-078:027 heimild A 320625 N 402737
Malir eru sýndar á túnakorti frá 1919, fast vestan við kálgarð 026. Þar sést enn hleðsla en traðir 008 lágu á milli kálgarðsins og þessa mannvirkis.
Svæðið er vaxið sinu en sunnar eru slétt tún.
Heðslan er L-laga, 8x6 m að stærð og 0,2 m á hæð. Veggirnir eru grjóthlaðnir og sá hluti sem enn er varðveittur var hluti af vesturvegg. Aðrir hlutar eru horfnir.



Hús GK-078:028, horft til norðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-078:028 þúst útihús
A 320631 N 402751
Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús með sex hólfum um 8 m vestan við bæ 002. Það er horfið. Á sama stað er sýnt hús á skipulagsuppdrætti frá 1954, það er stendur enn og hefur verið gert upp á síðustu árum.
Svæðið er vaxið sinu en sunnar eru slétt tún.
Þetta hús er líklega tengt sjósókn á bænum. Grunnflötur þess er 7,4x6 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Stúdentakort 1954.

GK-078:029 mannvirki A 320656 N 402738

Á Skipulagsuppdrætti frá 1954 er sýnt hús í norðausturhluta kálgarðs 026. Grunnur þess sést enn, í austurjaðri bæjarhóls 002.
Svæðið er vaxið sinu en sunnar eru slétt tún.
Grunnurinn er 6x3 m að stærð, snýr ANA-VSV og er steyptur. Þetta var að öllum líkindum útihús eða tengt sjósókn á jörðinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Stúdentakort 1954.




Grunnur GK-078:029, horft til norðausturs.

GK-078:030 tóft útihús A 320668 N 402742

Á túnakorti frá 1919 eru sýnd þrjú lítil mannvirki og suðaustan þeirra var þró, fast austan við bæjarhól 002. Á skipulagsuppdrætti frá 1954 er sýnt hús, ummerki þess sjást enn og það er byggt yfir hinum mannvirkjunum. Tóftin er rúmum 20 m autan við bæ 002.
Svæðið er vaxið sinu en sunnar eru slétt tún.
Þessi fjögur litlu mannvirki voru á svæði sem er 16x6 m og snýr austur-vestur samkvæmt túnakorti frá 1919. Tóftin er um 16 x 10 m að utanmáli, skiptist í tvö hólf og snýr austur-vestur. Vestara hólfið um 6,5 x 4 m að innanmáli, snýr norður-suður og er opið til suðurs. Austur hólfið er um 5 x 4 m að innanmáli, snýr norður-suður og er opið til norðurs. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og mjög hrunin. Veggir eru um 1 m að hæð. Í norðvesturhluta tóftarinnar hefur steyptu marki verið komið fyrir í útvegg hennar með ártalinu “1954”.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919




Tóft GK-078:030, horft til suðvesturs.



Uppmælingar af tóft GK-078:030.

GK-079 Hof




N
0
25
50
75
100 m
Minjar
Uppmæld lína
Bæjarhóll
Grjóthlaðnar minjar
Steypa
Grónar minjar
þúst

1703 og 1847 er Hof hjáleiga frá Lambastöðum. “Sagt er að fyrr á öldum hafi Hof og Lambastaðir verið ein jörð, Lambastaðir, en síðan verið skipt milli tveggja systra. Hof á heldur meira land en Lambastaðir ... Milli 1920 og ‘30 var nýbýlið Efra-Hof stofnað úr landi Hofs. Stendur sá bær enn ofar en nýi bærinn á Hofi. 1933 var íbúðarhúsið Grund reist í landi Efra-Hofs. Þar er enn búið, og fylgir því dálítill jarðarskiki.” Ö-Garðskagi, Hof, Lambastaðir, 5.
1703: “Fóðrast kann i kýr að helmíngi laklega. ... Eldiviðartak af fjöruþángi í lakasta máta.” JÁM III, 78.
Tún 1919: Hof a 1,6 teigar, kálgarðar 3280 m2. Hof b 1,4 teigar (á víxl).

GK-079:001 Hof bæjarhóll bústaður A 320479 N 402792
“Rústir gamla Hofs: 6 tættur og síðustu leifar af 2 kofum í sjógarðlagi, sem sjór grefur undan. Þar stóð timburhús Einars Jónss. Hreppstjóra áður fyrr og þurrabúð (Þórarins Pálss.), eyðilögð 1917. En bærinn sjálfur fluttur 1906, inn á túnið [002]” segir í athugasemdum á túnakorti frá 1919. Í örnefnalýsingu segir ennfremur: “Bærinn að Hofi stóð áður inn með sjónum inn af Helgarétt [015]. Þar var mikill sjávargangur, og var því reistur nýr bær fjær sjó, þegar foreldrar Sigurbergs komu að Hofi. Eftir það var gamli bærinn aðeins þurrabúð. Var hann stundum kallaður Gamla-Hof til aðgreiningar frá nýja bænum. Nú er þessi þurrabúð ekki til lengur, en ennþá mótar fyrir tættunum. Inn undir baðstofuna hafði verið hlaðið holræsi, sem lá út í forina fyrir utan. Enn sést móta fyrir opinu á því.” Bæjarhóll Hofs er fast sunnan við sjóvarnargarðinn um 190 m austan við bæjarhól Lambastaða GK-078:002.



Uppmælingar á bæjarhól GK-079:001.



Tóft vestast í bæjarhól Hofs GK-079:001. Horft til ASA.

Hóllinn er fast sunnan við sjóvarnargarð. Sunnan við hann er slétt grasflöt.
Bæjarhóllinn er um 40x10 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 2 m hár. Um það bil á miðjum hólnum er tóft. Hún er um 5x5 m stór, opin til suðurs. Hleðslur tóftarinnar eru um 0,6 m háar og allvíða sér í grjót í þeim. Tóftin er eflaust leifar þurrabúðarinnar sem var á bæjarstæðinu eftir að bærinn var fluttur. Í norðausturhorni bæjarhólsins er dálítil hólbunga, um 5x2 m stór og um 0,4 m há, leifar útihúss 003, þá sér móta fyrir útihúsi 005 sem var sunnan við bæinn, sunnarlega á hólnum. Árið 2014 var göngustígur lagður meðfram sjóvarnargarði. Göngustígurinn er malbikaður en hlaðið er upp undir hann austur og vestur af bæjarhólnum og yfir hann að hluta en á um 20 m kafla hefur verið útbúin viðarbrú yfir hólinn í stað malbiks. Brú þessi hylur tóftirnar sem sáust 2007 svo aðeins sést torfveggur, um 11 m að lengd og 2 m að þykkt. Hann er mest um 1,3 m að hæð. Vestast á hólnum er tóft með tveimur hólfum. Tóftin er byggð utan í hólinn til norðurs, er um 10 x 6 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og má sjá 6 umför grjóts í eystra hólfinu. Veggir tóftarinnar eru um 1,3 m að hæð mest.

Vestara hólfið er um 5 x 2,5 m að innanmáli, snýr norður-suður og er opið til suðurs. Eystra hólfið er um 5 x 2 m að innanmáli, snýr norður-suður og er opið til suðurs. Suður af vestara hólfinu er dæld í hólinn, um 0,3 m að dýpt, sem virðist vera leifar eldri byggingar. Dældin er um 3 x 2 m að stærð og snýr austur-vestur. Syðst í hólnum eru tveir steinsteyptir grunnar, sem líklega eru yngri en 1919. Annar þeirra er líklega stallur sem skráður er sem 005.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Garðskagi, 5-6

GK-079:002 Hof bæjarstæði bústaður A 320476 N 402716
Þar sem bærinn á Hofi stóð frá árinu 1906 er nú steinsteypt hús á litlum hól. Húsið er um 75 m sunnan við bæjarhól 001. Enn er búið í húsinu, það er ekki með kjallara. Á bæjarhólnum voru fjögur hús árið 1919 þegar túnakortið var gert, þau eru öll horfið.
Umhverfis hólinn eru slétt tún.
Hóllinn er um 18x10 m stór, snýr austur-vestur. Hann er lágur, um 0,4 m hár. Engar hleðsluleifar eða skýr ummerki eldri húsa eru á hólnum. Hugsanlega er hluti hússins frá 1906 en líklega hefur verið byggt við það í seinni tíð, að norðan og vestan. Það er steinsteypt með bárujárnsþaki. Gengið er inn í húsið á vesturgafli þess.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Íbúðarhúsið á Hofi GK-079:002, horft til austurs.

GK-079:003 heimild útihús A 402788 N 320498
Útihús eða kofi var á sjávarbakkanum rétt austan við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1919. Enn sér móta fyrir útihúsinu, norðaustast á bæjarhólnum, um 20 m austan við þurrabúðartóftina á hólnum. Mannvirkið er einnig sýnt á skipulagsuppdrætti frá 1954. Þar var hólbunga árið 2007 en hún er nú horfin.
Hólbungan er á sinuvöxnum bæjarhólnum fast sunnan við sjóvarnargarð. Sunnar eru slétt tún.
Árið 2007 var minjunum lýst svohljóðandi: „Hólbungan er um 5x2 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 0,4 m há. Engar skýrar hleðsluleifar eru á henni.“ Árið 20019 fannst þessi þúst ekki en líklega hefur hún horfið undir malbikaðan göngustíg sem liggur meðfram sjóvarnargarðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Stúdentakort 1954.


Gryfja GK-079:004, horft til suðurs.

GK-079:004 gryfja útihús A 320549 N 402764
Útihús var við sjóvargarðinn um 50 m austan við útihús 003 samkvæmt túnakorti frá 1919.
Þar sem útihúsið var er nú slétt tún.
Dæld er í sléttu túni sem kemur saman við staðsetningu útihússins af túnakorti. Dældin er um 3 x 3 m að utanmáli, snýr norðaustur-suðvestur, og er um 0,5 m lægri en umhverfi sitt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-079:005 heimild um útihús A 402780 N 320480
Útihús og kálgarður voru fast sunnan við eldri bæjarrúst 001 samkvæmt túnakorti frá 1919. Lítill stallur er syðst á bæjarhólnum 001 þar sem útihúsið var. Samkvæmt skýringum við túnakortið var þarna for (gryfja fyrir áburðarlög) og/eða salerni.
Stallurinn er á sinuvöxnum bæjarhólnum, sunnan við sjóvarnargarð. Sunnar eru slétt tún.
Stallurinn er um 3x2 m stór, snýr austur-vestur. Hann er um 0,2 m hár. Engar skýrar hleðsluleifar eru á honum. Öll ummerki um kálgarðinnn eru horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-079:006 heimild um útihús A 320428 N 402799
Útihús var við sjávargarðinn um 50 m vestan við eldra bæjarstæðið 001 samvkæmt túnakorti frá 1919. Útihúsið er sýnt með opinn suðurgafl. Hugsanlega hefur hér verið naust.
Þar sem útihúsið var er nú sinuvaxið svæði sunnan við sjóvarnargarð.
Hér er grjót á víð og dreif í sinunni en engar hleðsluleifar eru greinanlegar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-079:007 hús útihús A 320463 N 402675



Útihús GK-079:007, horft til austurs.

Útihús var austan við traðir 012, um 40 m sunnan við bæ 002 samkvæmt túnakorti frá 1919. Húsið er enn undir þaki. Það er fast austan vegar að bænum og vestan túngarðs 013.
Húsið er í lítilli brekku sem hallar til vesturs, austan við það eru slétt tún en að vestan er vegur að bænum. Húsið er um 5x4 m stórt og snýr norður-suður. Það er niðurgrafið. Veggir þess eru hlaðnir úr grjóti, um 1 m háir og þakið er úr bárujárni. Dyr eru á miðjum norðurgafli þess. Hlutverk hússins er ekki þekkt en líklega hefur það verið notað sem geymsla, hugsanlega fyrir jarðávexti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-079:008 brunnur vatnsból A 320444 N 402723



Brunnur GK-079:008, horft til vesturs.

Brunnur er í túninu um 30 m vestan við bæ 002 samkvæmt túnakorti frá 1919. Brunnurinn sést enn. Brunnurinn er á sléttri grasivaxinni flöt.
Lítil hólbunga er á sléttri flötinni. Hún er um 5x5 m stór og um 0,2 m há. Í henni miðri er járnhleri yfir brunninum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-079:009 garðlag varnargarður A 320422 N 402801
Á túnakorti frá 1919 er sýndur sjógarður fyrir túnum Hofs, Lambastaða og Lónshúsa, en í athugasemd á



Eystri hluti sjóvarnargarðs GK-079:009, horft til austurs.




Vestari hluti garðsins, horft til austurs. Hann er mun verr varðveitur.

kortinu kemur fram að enginn sjógarður sé fyrir sjálfu bæjarstæði Lambastaða 078:002 og má merkja þann mun á kortinu. Sjóvarnargarðurinn er greinilegur samhliða núverandi sjóvarnargarði norðan við Hof. Sjógarðurinn er nefndur í landamerkjalýsingu frá 1889.
Garðurinn liggur samhliða núverandi sjóvarnargarði, fast sunnan við hann. Sunnar eru sléttar flatir.
Garðurinn er greinilegur þar sem hann liggur til austurs frá bæjarhól Hofs 001, um 45 m þar til hann hverfur undir núverandi sjóvarnargarð. Lítill bútur af garðinum er einnig varðveittur um 50 m vestan við bæjarhólinn. Hann er um 1 m langur. Garðurinn er hlaðinn úr ávölu fjörugrjóti, hann er um 1,5 m hár þar sem hann er hæstur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-079:010 gerði kálgarður A 402684 N 320335
Kálgarðar eru merktir í suðvesturhorni heimatúns á Hofi á túnakorti frá 1919. Þeir skiptust í þrjú hólf en fleiri hafa bæst við til norðurs síðan. Enn sér móta fyrir kálgörðunum um 100 m VSV við bæ 002.
Kálgarðarnir eru á sléttri grasflöt. Austan við þá er íbúðarhúsið á Efra-Hofi.
Gerðið er um 60x40 m stórt og snýr norður-suður. Það liggur fast austan við túngarð 013. Hleðslur þess eru um 0,5 m háar. Hvergi sér í grjót í þeim og þvergarðar eru horfnir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Suðausturhorn kálgarðs GK-079:010.



Kálgarður GK-079:010 sést fyrir miðri mynd.

GK-079:011 gerði kálgarður A 320450 N 402699
Kálgarðar voru í suðausturhorni vesturtúns Hofs, fast vestan við traðir 012 samkvæmt túnakorti frá



Kálgarður GK-079:011, horft til suðvesturs.



Kálgarður GK-079:011 er fyrir miðri mynd,

1919. Enn sér móta fyrir kálgörðunum fast vestan við slóða að bænum, um 30 m suðvestan við bæ 002. Garðarnir eru í sléttu túni.
Garðarnir mynda ferhyrnt gerði sem er um 35x35 m stórt. Þeir eru mun hærri séð innan frá úr gerðinu. Þar eru þeir um 1 m háir en að utan einungis um 0,5 m háir. Hér og þar sér í grjót í hleðslunum. Á seinni árum var þetta kálgarður, hann er enn nýttur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-079:012 heimild um traðir A 320465 N 402716
Traðir eru merktar að bæ 002 úr suðri á túnakorti frá 1919. Vegur er enn á þessum stað. Hún liggur frá Efra-Hofi til norðurs hjá Sjávargötu 080:054 að Neðra-Hofi 002.
Slóðinn liggur um sléttar flatir.
Slóðinn er um 3 m breiður malarslóði. Ekki sér til upphlaðinna traða á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-079:013 garðlag túngarður A 320376 N 402796



Garðlag GK-079:013, horft til norðurs.

Garðlag liggur til norðurs frá austurenda garðlags GK-080:106. Það er L-laga og líkist einna helst upphlöðnum vegi. Það afmakaði mögulega vesturhlið heimatúns Hofs og er sýnt a túnakorti frá 1919.
Gróið tún, nýtt til beitar.
Garðlagið er 150 m að lengd, 3-4 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Það liggur til vesturs, skammt frá þúst 022 og sveigir síðan til suðurs og endar við garð 080:106. Það er algróið en hér og þar glittir í grjót. Sá hluti garðlagsins sem liggur austur-vestur er umfangsminni og það grjót sem sést líkist einna helst púkki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-079:014 tóft fjós A 320380 N 402685
Um 25 m norðvestan við íbúðarhúsið Efra-Hof og um 5 m austan við kálgarða 010 er tóft. Júlíus Guðlaugsson á Efra-Hofi sagði að þar hafi verið fjós og hlaða. Júlíus taldi að húsin hefðu verið byggð eftir 1930 en fyrir seinni heimsstyrjöldina. Húsið er sýnt á Skipulagsuppdrætti frá 1954.
Tóftin er á sléttri grasflöt norðan við Efra-Hof. Fast norðan við hana er skúr.
Tóftin er 4x4 m stór, opin til suðurs. Hún er vestast á ílangri hólbungu sem er um 14x5 m stór. Hún



Tóft GK-079:014, horft til norðurs.



Uppmælingar af tóftinni eru fyrir miðri mynd.

snýr austur-vestur. Hleðslur tóftarinnar eru um 1 m háar og vel sér í grjóthleðslur inni í henni, mest um 6 umför. Hólbungan er um 0,4 m há.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Stúdentakort 1954.

GK-079:015 Lambastaðafjárrétt tóft rétt A 320276 N 402863
"Þessi eru landamerki umhverfis Lambastaða og Hofs landareign: Úr merkistein á miðjum Skagahól nyrðri [078:013] ræður bein stefna í norður í merktan stein [016] á sjávarkampi 5 föðmum fyrir vestan Lambastaðafjárrétt, og sama stefna ræðu yfir fjöru á sjó fram," segir í Landamerkjabók Gullbringusýslu frá 1889 samkvæmt örnefnalýsingu. Þar segir ennfremur: "Vestast í Hofslandi, milli vikanna, er Helgarétt (sama og Lambastaðafjárrétt) hlaðin úr fjörugrjóti. Hún er talin kennd við bónda, sem eitt sinn bjó á Lambastöðum. Sennilega hefur hún áður verið skilarétt fyrir hreppinn, en seinna aðeins heimarétt Lambastaða. Nú er hún ekki notuð lengur. Hún stendur enn uppi, en sjórinn hefur brotið af henni sjávarmegin." Helgarétt er fast sunnan við sjóvarnargarðinn um 210 m vestan við bæ 001 og um 20 m austan við akurreiti GK-080: 035.



Lambastaðafjárrétt GK-079:015, horft til VSV.



Uppmæling af réttinni, ofan á loftmynd.

Réttin er á sléttri grasivaxinni flöt sunnan við varnargarðinn.
Eitt stórt hólf er eftir af réttinni. Það er um 8x6 m stór og snýr austur-vestur. Hólfið er opið til norðurs að varnargarðinum en þar sem sjór hefur brotið af réttinni. Réttin er hlaðin úr ávölu fjörugrjóti og hleðslur hennar eru mest um 2 m háar. Malbikaður göngustígur liggur nú fast norðan við réttina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðskagi, 2, 5

GK-079:016 heimild um landamerki A 320266 N 402865

“Þessi eru landamerki umhverfis Lambastaða og Hofs landareign: Úr merkistein á miðjum Skagahól [078:013] nyrðri ræður bein stefna í norður í merktan stein á sjávarkampi 5 föðmum fyrir vestan Lambastaðafjárrétt, og sama stefna ræðu yfir fjöru á sjó fram,” segir í Landamerkjabók Gullbringusýslu frá 1889 samkvæmt örnefnalýsingu. Merkjasteinninn fannst ekki við vettvangsskoðun enda er hann líklega horfinn í sjó eða undir núverandi sjóvarnargarð. Hnit var tekið um 5 m vestan við réttina 015.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Garðskagi, 2

GK-079:017 þúst óþekkt A 320553 N 402712



Þúst GK-079:017, horft til norðurs.

Um 100 m suðaustan við bæ 001 og um 100 m suðvestan við Lambastaði GK-078:002 er lágur hóll. Hóllinn er um 5 m norðan við garðlag 028.

Hóllinn er í sléttu túni.

Hóllinn er um 12x5 m stór og snýr NNV-SSA. Hann er um 1,2 m hár. Engar skýrar hleðsluleifar eru á hólnum. Ekki er vitað til að hús hafi staðið á honum en hann sker sig úr umhverfinu svo líklegt verður að teljast að hann sé að hluta uppsöfnuð mannvistarlög. Hugsanlega hefur hér staðið einhver af þeim hjáleigum sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 nefnir (sjá fornleifar 078:011 og 078:012).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-079:018 þúst óþekkt A 320580 N 402644



Garðlag GK-079:018, horft til suðurs.

Tæpum 130 m suðaustur af Hofi 002 og um 120 m suður af Lambastöðum 078:002 er þúst.

Í sléttu túni.

Þústin er um 5 x 5 m að stærð, nokkurnvegin hringlaga og um 0,5 m hærri en umhverfi sitt. Þústin er algróin og allt bendir til þess að þetta séu uppsafnaðar mannvistarleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-079:019 þúst óþekkt A 320575 N 402723


Þústir eru um 100 m austur af Hofi 002 og tæpum um 70 m suðvestur af Lambastöðum 078:002.

Í sléttu túni.

Fjórar þústir eru í þyrpingu og virðast mynda einhverja heild. Svæðið er í heild um 34 x 19 m að stærð og snýr í austur-vestur. Þúst A er vestust, um 10 x 10 m að stærð og nokkurnvegin hringlaga. Þúst B er



Þúst GK-079:019 3, horft til norðurs.



Þústir GK-079:019

syðst á svæðinu og stærst þústanna, um 15,5 x 8 m að stærð, nokkurnvegin ferköntuð og snýr austur-vestur. Norðan hennar eru tvær þústir hlið við hlið. Sú vestari þeirra er þúst C en hún er um 6 x 4 m að stærð, sporöskjulaga og snýr norður-suður. Seinasta þústin D er um 7 x 6 m að stærð, nokkurnvegin hringlaga, og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,30 m hærri en yfirborð sitt en aðrar þústir á svæðinu eru um 0,10 m hærri en yfirborð sitt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-079:020 þúst óþekkt A 320518 N 402666

Þúst er í túni Hofs, um 60 m suðaustan við núverandi íbúðarhús og um 140 m suðvestan við bæ 001. Sé tekið mið af staðsetningu var um útihús að ræða.
Sléttað tún.
Þústin er um 8 x 6,5 m að stærð, sporöskjulaga og snýr austur-vestur. Þústin er um 0,10 m hærri en umhverfi sitt og mosavaxnari en túnið almennt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst GK-079:020, horft til suðurs.

GK-079:021 tóft útihús A 320486 N 40273

Á túnakorti frá 1919 eru merkt tvö hús norðan við bæ 002. Mögulega eru leifar annars þeirra enn sjánlegar fast austan núverandi (2019) steinsteypt útihús og túngarð GK-078:010.
Við útihús, á mörkum sléttaðs túns.
Tóftin er illgreinanleg að hluta en framkvæmdir við byggingu steinsteypts útihúss sem enn er undir þaki (2019) hafa raskað vesturhluta hennar svo útveggur þar og að hluta til suðurs er horfinn. Hólf er þó vel greinanlegt innan tóftarinnar. Tóftin er um 8 x 6 m að utanmáli, snýr austur-vestur og er um 0,4 m að hæð mest. Hólfið er um 3 x 2,5 m að innanmáli, ferkantað og snýr norður-suður, en bygging hefur raskað suður hluta þess. Ekki er að sjá op á tóftinni en sjá má steina



Tóft GK-079:021, horft til austurs.

í hleðslum í öllum veggjum, mest tvö umför.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-079:022 þúst óþekkt A 320432 N 402784



Þúst GK-079:022, horft til suðurs.

Þúst er um 80 m norðvestur af bæ 002 og um 200 m vestur af Lambastöðum 078:002. Þústin er innan afgitst túns, að öllum líkindum er það yngra en heimatúnið eða yngsti hluti þess, túngarður 013 afmarkar það.
Sléttað tún.
Þústin er um 10 x 8 m að stærð, sporöskjulaga og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,2 m hærri en umhverfi sitt og vaxin meiri mosa en annars í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-079:023 garðlag túngarður A 320310 N 402844


Túngarður GK-079:023, horft til NNV.

Grjóthlaðin undirhleðsla liggur til suðurs frá sjávarkampinum og endar skammt norðan við útihús í landi Blómsturvalla. Undirhleðslan er líklega ekki forn en talin hér til fornleifa.
Gróið tún.
Undirhleðslan er 125x1,5 m að lengd og grjóthlaðin víða er gróið yfir hana. Hún er 0,2 m á hæð. Vírgirðing er enn ofan á garðinum. Hér og þar glittir í 1 umfar af grjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-079:024 garðlag túngarður A 320231 N 402733


Túngarður GK-079:024, horft til suðurs.

Túngarður er fast austan við akurreiti GK-080:035, hann er ekki sýndur á túnakorti og líklega ekki forn. Hann er hins vegar sýndur á skipulagsuppdrætti frá 1954, þá eru 10 op á honum en ekki er vitað hver tilgangur þeirra er. Túngarðurinn er umfangsmikill og gæti verið forn í grunninn.
Túngarðurinn er L-laga og liggur um 125 m til suðurs frá sjárvargarðinum. Hann sveigir síðan til austurs og endar við útihús GK-080:077 á Hólavöllum. Hann er 2,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Hann er algróinn en víða glittir í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Stúdentakort 1954.

GK-079:025 mannvirki samgöngubót A 320318 N 402758

Timburstaur, ofan á lágri þúst er um 160 m suðvestan við bæ 001 og um 30 m austan við garðlag

023. Sé tekið mið af staðsetningu þess var líklega um siglingamerki að ræða.
Slétt tún sem nýtt er til beitar.
Um 3 m hár staur er umkringdur lágum grjótkanti í miðju túni. Sé tekið mið af hæð hans og staðsetningu gæti verið um siglingamerki að ræða, efsti hlutinn er horfinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Mannvirki GK-079:025 horft til vesturs.

GK-079:026 tóft útihús A 320373 N 402803
Grjóthlaðin lítil tóft er tæpum 100 m vestan við bæ 001 og fast norðan við garðlag 028. Hún er ekki forn sé tekið mið af ástandi hennar.
Slétt, gróið tún nýtt til beitar.



Tóft GK-079:026, horft til NNA.



Uppmæling af tóft GK-079:026.

Tóftin er 5x3 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin og opin til suðurs. Veggirnir eru 0,1 - 0,2 m á hæð og víða er gróið yfir þá. Líklega var þetta skúr eða lítið útihús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-079:027 gerði kálgarður A 320406 N 402780
Kálgarður er 20 m vestan við þúst 022 og afmarkast af garðlagi 013 til vesturs og norðurs. Það sést enná til paldra inni í kálgarðinum sem liggja norður-suður og eru líklega ekki fornir.
Slétt tún sem nýtt er til beitar. Það er mikið jarðrask búið að vera hér.
Kálgarðurinn er 40 x 22 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðlagið sem afmarkar kálgarðinn til suðurs og vesturs, er 0,2 m á hæð og algróið. Það glittir í stöku grjót í þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kálgarður GK-079:027, horft til austurs.

GK-079:028 gerði kálgarður A 320549 N 402678



Kálgarður GK-079:028 er fyrir miðri mynd.

Kálgarður er í suðvesturhorni heimatúns Hofs. Kálgarðurinn er fyrir austan bæ 002 og þúst 020 er inni i honum miðjum. Hann er sýndur að hluta á túnakorti frá 1919.
Slétt tún sem nýtt er til beitar.
Kálgarðurinn er 65x65 m að stærð og op er í norðvesturhorni, við bæ 002. Túngarður GK-078:010 afmarkar hann til suðurs og vesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919.

GK-079:029 kantur kálgarður A 320418 N 402793




Kálgarður GK-079:029, horft til austurs.

Ummerki um kálgarð eru norðan við garðlag 013, og sunnan við varnargarð 009. Hann er ekki forn.
Slétt tún nýtt til beitar.
Kálgarðurinn er niðurgrafinn og afmakast af kanti til austurs og suðurs. Hann er 35x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Það mótar fyrir beðum inni í honum. Kanturinn er 0,2-0,3 m á hæð og og um leið er kálgarðurinn það djúpur. Sjóvarnargarður og vírgirðing afmarka aðrar hliðar kálgarðsins.
Hættumat: engin hætta

GK-079:030 gerði kálgarður A 320460 N 402727

Á Skipulagsuppdrætti frá 1954 er sýnt grjóthlaðið garðlag fast vestan við þúst 021. Á sama stað er sýndur garður á túnakorti frá 1919.
Kálgarðuinn náði allt frá útihúsi 005 og endaði til suðurs við brunn 008. Hann skiptist í 2 hólf, vesturveggur þess syðsta sést enn. Vesturveggurinn náði fram á sjávarkampinn. Hann er U-laga, 42x15 m að stærð og opin til vesturs. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, grónir en víða glittir í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Stúdentakort 1954.

GK-080 Útskálar




N
0
25
50
75
100 m
Minjar
Uppmæld lína
Bæjarhóll
Grjóthlaðnar minjar
Steypa
Grónar minjar
þúst

Um 1200. Staður. Getið í kirknatali Páls Jónssonar frá um 1200 - DI XII, 9.
[um 1270]: Útskálar eiga viðreka milli Útskálaóss og Skagaflesjar og 4/5 milli ássins fram undan borginni hjá Kirkjubóli og hjallsins á Fitjum. Útskálar eiga einnig þriðjung í viðreka milli Kölduhamra og Miðhólms og allan viðreka frá honum suður til Mjósyndis. 'Jtem eigu vtskaler vatztokv j kroks brvnn ok halldi hvorertveggv brvnnenvm. Krokvr ok midhvs eiga tveggia skipa vpp satur j navsta holm. Jtem eiga vtskaler allar veidar sydvr j lambarif, enn krokvr ok midhvs. Enn kirkivbol ad svnnann. Enn fiskreka allan at miofa tanga. DI II, 77.
[um 1270]: Útskálar eiga þann þriðja af níu hlutum allan nema 17 hverja vætt úr þeim hlut sem Presthús eiga. Útskálar eiga einnig þriðjung af fjórða hlut og sjöttung af sjötta hlut, samtals 16,01 % af hval sem er meir en 12,5 vættir og rekur milli Æsubergs og Keflavíkur - DI II, 78-79.
17.12.1340: Selur Bjarni Guttormsson fjórðung í Útskálalandi 'vmm framm aull þau akurlond sem Biarni keypti til vtskaala ok ein[n] karfa met atkierum ok ollum reida ok bäti' Skálholtskirkju gegn því að staðurinn taki Hrómund son hans á æfilangan kost. Bjarni og Ingibjörg kona hans gefa einnig Pétri postula og heilögum Þorláki annan fjórðung úr Útskálalandi til æfinlegrar eignar - DI II, 734.
10.6.1370: J mote Þeim iiij bæium sem vndann Vtskaala kitkiu eru tekner leggur Biorn bonde kirkiunni ad Vtskalum jord er heiter j Vorum med tveimur kugilldum til æfinnligrar eignar - DI III 56-257. Máldagar 1363, 1397 og 1575 - geta í engu um fasteign - DI III, 256-257; DI IV, 104; DI XV 639.
5.8.1560: Gísli Jónsson Skálholtsbiskup veitir sr. Jóni Loptssyni Útskála sem ævinlegt beneficium - DI XIII, 508.
1703: 9 hjáleigur: Lónshús, Akurhús, Nýibær, Móakot, Presthús, Garðhús, ónefnd heima við staðinn, Vatnagarður og Naust, auk þess tvær hjáleigur í eyði sem höfðu verið heima við staðinn. Einnig höfðu Blómsturvellir/Snorrakot lagst í eyði um 1670, og Hesthús var eyðihjáleiga sem ekki var vitað hvar hafði verið. JÁM III, 79-84.
1703: Vatnsnautn á staðurinn í Króksbrunni, en Krókur þar í mót skipsuppsátur í staðarins landi fyrir tólfæring eður smærra. JÁM III, 79.
1839: 7 hjáleigur: Lónshús, Akurhús, Nýibær, Móakot, Presthús, Garðhús og Vatnagarður en Naust hafði farið í eyði 1782 - SSGK, 160.
1919: Tún 7,5 ha., garðar 2600 m2. 1703: Túnin spillast af sjóargangi, önnur í betra lagi, en önnur hættari sandi, sem sjór og vindur ber á, og af leysingavatna ágángi um vetrartímann. Engjar öngvar. Útigangur mjög lítill sumar og vetur. JÁM III, 79.
1839: Mælt er að staðarins tún hafi mikið af sér gengið, og tvívegis hafi túngarðurinn verið færður upp á túnin að norðanverðu. Núleifandi elztu menn muna eftir grastóum fremst framan í fjöru, sem sýnir, að fyrr meir hafi allt það svið verið grasi vaxið og máske tún; hefir þá sjór ekki gengið lengra en að rifi því, sem nú á brýtur fremst fram við fjörumál (þaragarð). SSGK, 160.
1839: Beitiland staðarins er lítið annað en á svonefndum Skaga, sem liggur fyrir sunnan Lambastaði, á milli Út-Garðsins og Nessins. Það var í fyrri daga fallegt og grösugt sléttlendi, en nú gengur þar á mikill sandur, svo oft á vetrum sést ekki til jarðar fyrir honum; á honum gengur Út-Garðspeningurinn, og sauðfé hafnast þar vel, ef ekki er ofsett á. Á Skaganum voru fyrr meir kornakrar og sáðgerði fornmanna, og má enn sjá mót til girðinganna ... - SSGK, 161

GK-080:001 *Útskálar* bæjarhóll bústaður A 321176 N 402374
Bæjarhóllinn er vestan við kirkjugarðinn í miðju Útskálatúni. Á honum stendur timburhús á hlöðnum grunni, byggt 1882. Það er tæplega 50 m vestan við kirkjuna en bæjarhóllinn nær alveg að kirkjugarðinum, um 20 m frá kirkjunni. Á túnakorti frá 1919 er sýnd húsalengja fast austan við íbúðarhúsið og var þá aðeins mjótt sund á milli. Sú lengja er nú horfin en austast þar sem hún stóð komið steypt útihús sem snýr NNV-SSA og nær fram á brún bæjarhólsins að norðaustan.
Sérstakur hóll, flatur að ofan. Gnæfir yfir náttúrulega slétt tún í kring. Uopi á hólnum eru tvö hús, annað á steyptum grunni, hitt á hlöðnum, og malarborið plan allsstaðar í kring um þau og út á brúnir hólsins nema mjó ræma vestast. Sunnanmegin á hólnum er sléttað malarplan, líklega uppfylling, þar sem kálgarðurinn 006 var, en hann náði þó 15 m lengra í suður þar sem nú er slétt tún. Hóllinn er mjög brattur að vestan og norðan og þar eru hliðarnar grasi grónar, en að sunnan og austan er hallinn minni og þar allsstaðar möl ofaná. Heimreið liggur upp á hólinn á sama stað og hún var 1919, sunnantil á vesturhlið og niður af honum í norðausturhorni hjá kirkjugarðshorninu. Dæld er í hlið hólsins að



Útskálar GK-080:001, horft til norðurs.

vestanverðu, nálægt því sem húsið 004 stóð, en að öðru leyti eru hliðar hans allar sléttar og hefur hóllinn að líkindum allur verið lagaður til og snyrtur á seinni hluta 20. aldar.
Nú er bíslag vestan á íbúðarhúsinu en 1919 voru skúrar norðan og austan á. Húsið snýr ekki eins við áttum og kirkjan heldur meira NNV-SSA. Það er annað timburhúsið á hólnum , hið eldra var byggt 1855, og er ekki vitað hvar síðasti torfbærinn var né hvernig hann snéri. Sr. Sigurður Sívertsen byggði eldra timburhúsið "það var 12 álna langt og 8 álna breitt íveruhús, en lét þó gömlu baðstofuna standa og byggði hana upp með nýrri súð." Undir Garðskagavita, 146. Á hólnum voru 1919 útihúsin 003 og 004 og kálgarðarnir 005 og 006 auk íbúðarhússins og lengjunnar austan við það. Fornleifauppgröftur fór fram á bæjarhólnum haustið 2005. Þar sem uppgröfturinn fór fram við norðanvert íbúðarhúsið hafði áður verið niðurgrafin viðarbygging en í tengslum við endurbætur á húsinu stóð til að reisa þar stærri byggingu. Uppgröfturinn var um 27 m2 stór og alldjúpur, eða um 3 m. Efstu jarðlög voru sundurskorin af lögnum og köplum en undir þeim voru þrjú mannvistar stig, gróflega áætlað. Elstu minjarnar sem voru grafnar upp lágu undir syrpu af gjóskulögum frá 12. öld og sást þá ekki enn í óhreyfðan jarðveg. Varðveisla var með eindæmum góð í bæjarhólnum jafnt á lífrænum leifum og málmi. Einn merkasti gripurinn sem fannst við uppgröftinn var útskorinn kambur af norænni miðaldagerð en svipaðir kambar hafa fundist í 11.-13. aldar lögum í Noregi
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Undir Garðskagavita, 146. Guðrún Alda Gísladóttir, munnleg heimild.

GK-080:002 hús kirkja A 321223 N 402387



Útskálakirkja GK-080:002, horft til suðausturs.

Kirkjan er 50 m austan við timburhúsið á bæjarhólnum sem snýr ekki eins og hún. Kirkjan og kirkjugarðurinn standa mun neðar en hóllinn og er lítil upphækkun merkjanlega þar sem garðurinn er. Árið 1919 var kirkjan heldur norðar en fyrir miðju garðsins en grafreiturinn var þá alls 60-65 m langur N-S og 45-50 m á breidd. Hann hefur síða verið færður út, um 15 m til austurs og um 50 m til suðurs. Steypt girðing er fyrir vesturhlið og stærstum hluta norðurhliðar en grjóthlaðinn garður (nýlegur) fyrir austurhlið.
Engin tré eru í garðinum sem er að mestu sléttur.
Kirkjan er byggð 1861. Hún er 18x7 m, með forkirkju undir minna formi (6x3 m), á grjóthlöðnum grunni sem hefur verið múrhúðaður. Eldri kirkja var byggð 1799, öll úr timbri, 20 álna löng en 8 álna breið. Forveri hennar var með timburþaki en grjóthlöðnum hliðarveggjum. Margir gamlir legsteinar eru í kirkjugarðinum næst kirkjunni. 1879 minnist Sr. Sigurður Sivertsen þess að "kirkjugarðurinn á Útskálum hefur nú verið færður út í þriðja sinn og á tvo vegu hlaðinn upp af grjóti, en á einn veg, að vestan, hefur verið sett upp grindverk úr tré. Hann var færður út 1827, 1861 og loks nú 1879." Undir Garðskagavita, 162.
C. 1840: "Þá dönsku dysjuðu Norðlingar fyrir norðan garð [á Hafurbjarnarstöðum]. Þetta var ár 1551, en það man ég, að bein úr dysjum þeirra voru blásin upp og færð heim hingað [til Útskála] í kirkjugarð hér um 1828. Þar fannst og silfurhringur með gömlu merki líkt eins og á mörgum steyptum beltispörum." SSGK, 184-85. Það var lífseig trú á Suðurnesjum að kumlin á Hafurbjarnarstöðum væru dysjar Kristjáns skrifara og danskra fylgisveina hans sem drepnir voru af norðlenskum vermönnum á Kirkjubóli 1551 en

í ritgerð frá 1593 kemur fram að þeir voru dysjaðir fyrir norðan túngarð á Kirkjubóli en að seinna hafi þeir verið teknir upp og grafnir heima hjá hálfkirkjunni á Kirkjubóli (Bsk II, 256). Beinin sem flutt voru í Útskálakirkjugarð um 1828 hafa því væntanlega komið úr heiðnum gröfum. Sjá ennfremur KE í Árbók 1943-47, 119-20. Úr kirkjugarðinum á Útskálum koma tveir legsteinar með rúnaáletrunum, sem báðir eru á Þjóðminjasafni (Þjms. 10927, 10928). Þeir fundust báðir í stétt við kirkjudyrnar 1840 og voru sendir til Oldnordisk Museum í Kaupmannahöfn 1843 en aftur til Íslands 1930. Báðir eru tímasettir til 15. aldar. Árbók 2000-2001, 11-12.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Magnús Grímsson. 1940, 245; Túnakort 1919; SSGK, 184-85; Undir Garðskagavita, 162.

GK-080:003 heimild um útihús A 321168 N 402389
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m norðvestur af bæ 001. Á þessum stað er hólbrún, sléttað malarhlað ofan við en sléttað tún í brekkunni neðan við brúnina. Húsið hefur staðið á henni eða í brekkunni rétt neðan við. Samkvæmt merkingum á túnakortinu var þetta steypt þró.
Brún á bæjarhól. Slétt malarborið hlað ofan við en sléttað tún í brekkunni neðan við brúnina.
Engin ummerki um þrónna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:004 dæld útihús A 321164 N 402356
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m SSV af bæ 001. Þar er smáhóll á bæjarhólsbrúninni og á honum fánastöng. Dæld er inn í hólinn að vestanverðu, þar var tóftin að öllum líkindum.
Dældin er 7x4,5 m að stærð og 0,3 m á dýpt. Hún er greinilegust til norðurs og austurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919


Dæld GK-080:004, horft til austurs.

GK-080:005 heimild um kálgarð A 321162 N 403372
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast vestan við bæ 001, á milli útihúsa 003 og 004. Þessi kálgarður hefur verið úti á norðvesturbrún hólsins og að hluta í slakkanum þar niður af.
Nú brún á bæjarhól - sléttað tún
Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:006 heimild um kálgarð A 321203 N 402350
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stór kálgarður sunnan undir bæ 001. Þessi kálgarður náði vestur frá kirkjugarði (mjótt sund var á milli garðanna) og að vesturtröðum 013. Hann náði um 50 m til suðurs frá íbúðarhúsinu og hefur þar verið aflíðandi brekka niður af. Nú er þar malarfylling undir bílastæði sem nær 35 m suður frá húsinu.
Að stærstum hluta undir malarfyllingu.
Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:007 tóft útihús A 321215 N 402515

Um 15 m sunnan við sjóvarnargarð og um 145 m NNA við bæ 001 er sigin tóft í túninu. Þessi tóft var upphaflega skráð sem fjárskýli (sjá 099) sem sýnt er á túnakorti frá 1919. Við deiliskráningu á svæðinu 2019 kom í ljós að fjárskýlið var 65 m austar. Hlutverk þessarar tóftar er ekki þekkt en ætla má að hér hafi verið útihús frá Útskálum. Þúst 110 er fast vestan við tóftina en samband minjanna er óljóst.


Tóftin er í túni Útskála. Á svæði sem ekki er lengur slegið og er á milli sléttaðs túns til suðurs og sjóvarnargarðs til norðurs. Ummerki um lagnaskurði fyrir skolplögn eru beggja vegna við tóftina og sameinast litlu norðan við hana.

Tóftin er einföld og er 11x9 m að stærð, snýr nálega austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,4 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er ekki mjög skýrt en þó vel greinanlegt. Ekki sést op á tóftinni en inngangur hefur að líkindum verið í austurenda. Þar eru veggir lægstir og mest útflattir. Hvergi sést í grjót í hleðslum en ætla má að tóftin sé grjót- og torfhlaðin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft GK-080:007, horft til VNV.



Uppmæling af tóft GK-080:007.

GK-080:008 garðlag túngarður A 321380 N 402462

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var túngarður á sjávarbakkanum nyrst í Útskálatúni og náði hann áfram að Útskálasíki. Skýring hefur verið rituð á kortið: "Nýbrotinn túngarður og sjór sleikir lága sendna bakka." Af kortinu að dæma hefur hluti garðsins þó enn verið heillegur, fyrir túni Akurhúsa GK-082. Engin ummerki túngarðsins sjást nú norðan við Útskálatún né norðan við Akurhús. Honum hefur líklega verið raskað þegar núverandi sjóvarnargarður var byggður ef hann hefur ekki þá þegar verið horfinn í sjó.

Nú er sinuvaxið svæði milli túns og sjóvarnargarðs.

Þrír hlutar túngarðsins sjást enn. Annars vegar sést grjóthlaðinn kantur 008 1 meðfram göngustíg sem lagður hefur verið meðfram sjóvarngargarði í túnjaðri. Þessi hluti er gróinn en sést í grjót hér og hvar.



Túngarður GK-080:008 2, horft til ASA.



Túngarður GK-080:008 3, horft til norðurs.


Hleðslur eru úr lagi gengnar og signar. Kanturinn sést á 45 m löngum kafla og liggur VNV-ASA. Hann er hæstur 0,4 m í VNV-enda. Framan og sunnan við kantinn er hlaðinn grjótgarður 008 2 sem tengst hefur garði suðaustan við veg 011. Garðurinn sést á 18,5 m löngum kafla og heldur mjög óljóst áfram í norðvesturenda að kanti 008 1. Þar sem garður og kantur mætast er eins og garðurinn beygi til suðvesturs en mögulega er aðeins um hrun að ræða. Innri brún er 0,5-0,6 m á hæð og þar sjást 2 umför hleðslu en ytri brún mun lægri (0,1-0,2 m) þar sem jarðvegur hefur safnast að honum. Garðurinn er allur gróinn og vaxinn grasi og sinu. Grjóthlaðið garðlag 008 3 er sunnan við veg 011 og afmarkaði austurhluta heimatúnsins. Hann sést liggja til suðausturs, sveigir til suðurs og eftir vesturbakka Útskálasíkis. Hann hverfur við þró 014 en túngarður 148 liggur þaðan til vesturs að kirkjugarði 002. Þessi garðlög ásamt túngarði GK-088:014 og túngarði 136 afmörkuðu líklega tún umhvefis minjar 071 og 072. Túngarðurinn er grjóthlaðinn, hann er 1-2 m á hæð og það glittir í 1 umfar af gjóti í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:009 heimild um útihús A 321092 N 402582
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 220 m norðvestur af bæ 001 á mörkum við Akurhús. Útihúsið stendur við afmarkað svæði sem nefnt er “malir” á túnakortinu.
Nú er slétt tún sunnan við sjóvarnargarðinn á merkjum móti Akurhúsum.
Engin ummerki hússins sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:010 heimild um útihús A 321119 N 402515
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tóft um 60 m norðan við veg 011. Við tóftina hefur verið rituð skýring: “sjór að grafa undan tóftinni.”
Þar sem tóftin var er nú sinuvaxið svæði norðan túns og sunnan sjóvarnargarðs.
Engin ummerki tóftarinnar sjást nú enda líklegt að hún sé farin í sjó þar sem þegar var farið að grafa undan henni árið 1919.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:011 heimild um leið A 321287 N 402445
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur frá norðvesturhorni kirkjugarðs 002 og til norðausturs, fram á sjávarbakkann. Vegurinn er enn á þessum stað.
Vegurinn liggur frá malarplani milli kirkjugarðs og bæjar, um slétt tún fram að sjó.
Vegurinn er malarborinn. Hann er um 4 m breiður. Hann hefur sennilega verið lagður ofan á eldri veginn sem er horfinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919


Kálgarður GK-080:012, horft til suðurs.



Kálgarður GK-080:012 er til hægri á myndinni.

GK-080:012 tóft kálgarður A 321345 N 402412
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stór kálgarður á tjarnarbakkanum um 130 m austan við bæ 001. Enn sér móta fyrir kálgarðinum á tjarnarbakkanum.Túngarðar 008 og afmörkuðu hann til austurs og suðurs. Kálgarðurinn er í sléttu túni. Það er nýtt til beitar og mikill ágangur af þeim sökum er á svæðinu.
Kálgarðurinn er um 50x30 m stór og snýr norður-suður. Hleðslur hans eru mjög signar svo rétt sér móta fyrir lægð í túninu að innan. Að utan sést brún kálgarðsins sem kantur. Hleðslurnar er hærri ef mælt er innan úr garðinum. Þar eru þær um 0,3 m háar, að utan eru þær um 0,1 m háar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:013 heimild um leið A 321156 N 402303
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir frá bæ 001 til suðurs, út í gegnum túnið um Presthúsatún. Í örnefnalýsingu segir: "Upp undir vegi, utan við götuna niður að Útskálum, eru Presthús [GK-085]." Vegurinn er enn á þessum stað.
Vegurinn liggur um slétt tún, hjá Prestshúsum og að Útskálum.
Vegurinn hefur verið endurbættur í seinni tíð og er nú malbikaður. Engin ummerki eldri traðir eru greinileg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Útskálar, 2

GK-080:014 þúst útihús A 321354 N 402360
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 2 m sunnan við kálgarð 012. Þar er nú dæld í sléttu túninu. Samkvæmt skýringum við túnakortið var þarna for (gryfja fyrir áburðarlög) og/eða salerni.
Dældin er í sléttu túni við tjarnarbakkann.
Dældin er um 30x15 m stór og snýr norður-suður. Hún er grænni en túnið umhverfis, um 0,2 m djúp. Engar hleðsluleifar eru við dældina en svæðið hefur augljóslega verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:015 *Naust* heimild um býli A 321409 N 402544
Í Jarðabók Árna og Páls er Naust talin sem níunda hjáleiga frá Útskálum. Um hana segir í örnefnalýsingu: «Naust, er nefnd 1703, þar var þá þríbýli. Það er þessi jörð, sem talin er að hafa verið á Naustarifi, eða réttara að Naustarif séu leifar strandarinnar...Naust hafa fyrr verið nefnd sem býli, en er nú horfið í sjó. Heitir þar nú Naustarif, þar sem bær þessi var, en nú brýtur á því sem þaragarði fyrir framan land og fer í kaf um öll flóð.» Í sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir ennfremur: «... Jörðin Naust, þríbýli, sem fyrir 80 árum var byggð. Braut sjórinn upp á, svo hún ár 1762 var óbyggileg álitin og 1782 eyðilögð með öllu. Þar, sem tún þessarar jarðar var fyrrum, heitir nú Naustarif; gengur sjór þar alltaf yfir, og er ei nema grjót og möl.» Þá segir í örnefnalýsingu Nýlendu: «Naustarifið liggur fyrir allmiklu af Útskálalandi og hér fyrir framan [þ.e. Nýlendu, Akurhús og Lónshús], fer í kaf um öll flóð. Á Naustarifi er sagt að hafi verið bær sá, er Naust hét. Var það þríbýlisjörð, er eyðilagðist að öllu leyti 1782.» Nákvæm staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt enda landið komið í sjó. Hnit var tekið af korti vestan við Manntapaflúð (Mannskaðaflös) um 295 m norðaustan við bæ 001.
Hnit var tekið á klöppum fram undan ströndinni en þær eru velgreinilegar á loftmynd og sjást eflaust á fjöru.
Klappirnar voru ekki skoðaðar á vettvangi en augljóst þykir að allar minjar býlisins séu horfnar vegna rofs.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM III, 83; Ö-Útskálar, 1-2; SSGK, 160; Ö-Nýlenda, 1-2

GK-080:016 heimild um býli
Í Jarðabók Árna og Páls segir í upptalningu á hjáleigum: «Hjáleigur tvær hafa áður verið heima við staðinn og eru nú báðar í eyði; var hvorugri nafn gefið nema eftir þeim sem i hvört sinn bjuggu þar, grasnyt fylgdi hvörri þeirra og var l álna landskuld af og i kúgildi með hvörri, þær hafa nú yfir xxx ár í eyði

legið. Kunna og ómögulegt aftur að byggjast, nema með staðarins fordjörfun.» Staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt. Fimm rústahólar eru skráðir í túni Útskála 038, 039, 070,071 og 072, hugsanlega hefur hjáleigan staðið á einhverjum þeirra en ekki er hægt að fullyrða um það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 83-84

GK-080:017 heimild um býli
Í Jarðabók Árna og Páls segir í upptalningu á hjáleigum: «Hjáleigur tvær hafa áður verið heima við staðinn og eru nú báðar í eyði; var hvorugri nafn gefið nema eftir þeim sem i hvört sinn bjuggu þar, grasnyt fylgdi hvörri þeirra og var l álna landskuld af og i kúgildi með hvörri, þær hafa nú yfir xxx ár í eyði legið. Kunna og ómögulegt aftur að byggjast, nema með staðarins fordjörfun.» Staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt. Fimm rústahólar eru skráðir í túni Útskála 038, 039, 070, 071 og 072, hugsanlega hefur hjáleigan staðið á einhverjum þeirra en ekki er hægt að fullyrða um það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 83-84

GK-080:018 *Blómsturvellir* heimild um býli
Í Jarðabók Árna og Páls segir: «Blómsturveller, öðru nafni Snorrakot. Nú í auðn og það yfir xxx ár, var með l álna landskuld og i kúgildi. kann ei aftur að byggjast nema með staðarins skaða. Grasnautn, sem þar fylgdi með, meina menn sje nú lögð til hjáleigu þeirrar, er Vatnagarður [GK-087] heitir.» Staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt og hennar er ekki getið í yngri heimildum. Fimm rústahólar eru skráðir í túni Útskála 038, 039, 070, 071 og 072, hugsanlega hefur hjáleigan staðið á einhverjum þeirra en ekki er hægt að fullyrða um það. Blómsturvellir 058 eru merktir á túnakort frá 1919. Það eru þó án vafa ekki þeir Blómsturvellir sem Jarðabókin getur um þar sem þeir eru of langt frá Vatnagarði til að vera lagðir undir þá jörð. Auk þess sagði Magnús Gíslason, heimildamaður, frá fjölskyldu sem flutti þangað (á Blómsturvelli 058) í byrjun 20. aldar og nefndi bæinn Blómsturvelli því þau höfðu svo gaman af blómum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 84

GK-080:019 *Króksós* heimild um lendingu A 321474 N 402455
Í Jarðabók Árna og Páls segir: «Lendingar eru tvennar, önnur í betra lagi, en önnur hættari.» Í sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: «Tvær eru lendingar sem staðnum tilheyra, önnur í svonefndum Króksós, sem í máldögum heitir Útskálaós; er þar hættulegt og vandfarið sund, þegar brimsamt er, með því það er mjótt, og til annarar hliðar sker eða flúð, sem Manntapaflúð er kölluð; þar hefir skipum borizt á. Fyrir innan sundið liggur ósinn eða skipaleiðin, og er hverju skipi óhætt, þegar inn fyrir kemur.» Í örnefnaskrá segir ennfremur: «... Hér er svo hin lendingin í Útskálalandi landmegin við Naustarif og heitir Króksós.» Í örnefnaskrá Miðhúsa og Króks segir: «Naustarif er hér fyrir neðan, og lendingin er inn úr Króksós. Þar eru tvær varir, sem heita Miðhúsavör og Króksvör, sem er innst undan Útskálum. Króksós er mjór, en lónið sjálft er allbreitt og nær út að Naustarifi.» Í athugasemdum við örnefnaskrá Miðhúsa og Króks segir: «Útskálavör er niður undan skúrum nokkrum, aðeins innan við Útskála. Fara þurfti inn um Króksós til að komast inn í hana.» Útskálaós er um 310 m norðaustan við bæ 001, við uppsátur 140.
Þar sem lendingin var er skarð í klappirnar við ströndina. Það virðist vera náttúrúlegt að öllu leyti. Manntapaflúð er vestan við skarðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 79; Ö-Útskálar, 2; SSGK, 160; Ö-Miðhús og Krókur, 1; Ö-Krókur og Miðhús aths., 1

GK-080:020 *Lónið* hleðsla lending A 320917 N 402687
Í Jarðabók Árna og Páls segir: «Lendingar eru tvennar, önnur í betra lagi, en önnur hættari.» Í sýslu og sóknalýsingum frá 1839 segir ennfremur: «Önnur vörin er Lónið, þar að liggja líka sker, og er hjáleigan Lónshús kennd við það, sem þar á uppsátur.» Þá segir í örnefnaskrá: «... Lónsós og Lónið, sem er



Lónið GK-080:020, horft til norðvesturs.

fram undan Akurhúsum. Hér er svo hin lendingin í Útskálalandi landmegin við Naustarif og heitir Króksós [019].» Lónsós er um 395 m norðvestan við bæ 001 og um 25 m NNS við yngra bæjarstæði Lónshúsa 081:002.
Þar sem lendingin er, virðist vera skarð í klappirnar, það virðist vera náttúrulegt að öllu leyti.
Vörin sést greinilega þar sem grjóti hefur verið rutt úr og fyrir neðan skarðið í klappirnar. Skilti sem merkir vörina sem "Lónshúsavör" hefur verið komið fyrir í varnargarðinum suður af henni. Ruddi hlutinn er um 22 x 4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 79; Ö-Útskálar, 2; SSGK, 160.


GK-080:022 *Naustakot* heimild um býli A 321371 N 402493
"Neðan síkis á kampinum voru býli, nokkrar hjáleigur. Þar er hlið á garðinum [008], sem nefnt er Naustahlið. Við það er gamalt kot, nefnt Naustakot," segir í örnefnalýsingu. Staðsetning Naustakots er ekki þekkt. Magnús Gíslason heimildamaður sagði að hlið hefði verið á vegi 011 þar sem hann liggur að Vatnagarði. Vegurinn hefur eflaust eitt sinn einnig legið að Naustum 015 þegar þau voru í byggð og má því leiða líkur að því að hliðið hafi verið nefnt Naustahlið. Engar tóftir eru á þessu svæði sem nú er vaxið sinu norðan við veg en slétt tún eru sunnan við hann. Hnit var tekið norðan við hliðið, þar er þúst 150 skammt sunnar.
Nú er sinuvaxið svæði á milli sjóvarnargarðs og vegar.
Engin ummerki kotsins sjást á svæðinu sem líklega hefur verið raskað við gerð sjóvarnargarðsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Útskálar, 2

GK-080:023 *Móhús* bæjarstæði býli A 320828 N 402421

Móhús GK-080:023, horft til norðurs.

Á túnakorti Garðsins 1919 er sýnd hjáleiga frá Útskálum, Móhús, syðst og vestast í túninu. Bæjarröðin hefur legið frá norðaustri til suðvesturs. Tvílyft steinhús með kjallara stendur þar sem Móhús voru.
Fast vestan við húsið er malarplan og þá vegur að Akurhúsum, Akurhúsabraut. Í aðrar áttir er slétt grasflöt.
Húsið stendur á litlum stalli. Hann er um 20x12 m stór og snýr austur-vestur. Stallurinn er um 0,3 m hár. Líklegt þykir að hann hafi myndast við byggingu hússins sem nú stendur á staðnum fremur en að hann geymi uppsafnaðar mannvistarleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:024 gerði kálgarður A 320883 N 402424
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast suðaustan við Móhús 023 og tilheyrði því býli. Kálgarðurinn var upphaflega skráður 2007. Þá sáust engin ummerki um kálgarðinn en þegar farið var aftur á svæðið vegna deiliskráningar í mars 2019 voru skráðar óljósar leifar af honum meðfram heimreið að Nýjabæ (Skagabraut), norðaustan við íbúðarhúsið Glaumbæ.
Kálgarðurinn er á flatlendu svæði sem er að miklu leyti sléttað tún. Leifar af kálgarðinum eru í óræktarsvæði norðaustan við húsið Glaumbæ.
Ummerki um kálgarðinn sjást á svæði sem er 30x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Óljós



Á túnakorti frá 1919 eru nokkrar minjar tengdar Móhúsum GK-080:023.

kantur, leifar af túngarði 083:008, afmarka hann til suðausturs. Enn ógreinilegri kantur afmarkar kálgarðinn til norðvesturs. Óljós garðhleðsla afmarkar hann svo í norðausturenda sem er 8,5 m á lengd og 1,5 m á breidd. Garðurinn er grjóthlaðinn en mjög gróinn og er 0,3 m á hæð. Ung, grjóthlaðin tóft er í austurhorni kálgarðsins. Hún telst ekki til fornminja en er lýst engu að síður. Tóftin er um 4x4 m að stærð, er einföld og op er á henni á suðvesturhlið. Veggir eru 0,3-0,4 m á hæð. Innan kálgarðsins sjást leifar af yngri og minni kálgarði. Umhverfis hann er sigið gerði sem er 11x5,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést veggjahleðsla í suðvesturenda, aðeins óljóst innanmál. Gerðið virðist grjót- og torfhlaðið og er vel gróið. Hæð veggja er 0,1-0,2 m.



Kálgarður GK-080:024, horft til suðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:025 heimild um leið A 320820 N 402412
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir frá Móhúsum 023 til suðvesturs, út heimatúnið. Þar sem traðirnar voru er nú slétt flöt milli Skagabrautar og Móhúsa 023.
Engin ummerki traðanna sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919


GK-080:026 heimild um brunn
Á Skipulagsuppdrætti frá 1954 sést brunnur við Nýlendu 048. Hann var fast austan við bæinn en er horfin af yfirborði.
Slétt, gróið tún.
Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Stúdentakort 1954

GK-080:027 *Hellukot* bæjarstæði býli A 321244 N 402173



Hellukot GK-080:027, horft til austurs.

Á túnakorti Garðsins 1919 er sýnd hjáleiga, Hellukot, fast austan við tún Garðhúsa GK-086 og virðist byggð úr þeirra túnskika. Bærinn virðist hafa samanstaðið af tveimur húsum sambyggðum. Samkvæmt túnakortinu var tún Hellukots 0,26 ha og garðar 500 fermetrar. Þar sem Helllukot stóð er nú sinuvaxinn hóll. Skilti merkt "Hér stóð bærinn Hellur" hefur verið rekið ofan í hólinn. Hugsanlegt er að bærinn hafi verið þekktur undir því nafni áður en hann var kallaður Hellukot. Hvorki Hella né Hellukots er getið í Jarðabók Johnsens frá 1847 né í fasteignabók frá 1915 svo líklegt er að bærinn hafi ekki verið í byggð lengi. Fyrir austan bæinn sést sigin tóft 030 og garðlag 029 í túni, líklega tilheyrðu



Á túnakorti frá 1919 eru nokkrar minjar tengdar Hellukoti GK-080:027.

þær minjar þessum stað.
Hóllinn er á sinuvöxnu svæði fast vestan við garðlag 044. Slétt tún taka við að austan, vestan, sunnan og norðan.
Hóllinn er um 8x4 m stór og snýr norður-suður. Hann er um 1 m hár. Engar skýrar hleðsluleifar eru á hólnum. Það glittir í eitt umfar af grjóti neðst í honum til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:028 heimild um útihús A 321224 N 402182
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stakt hús um 10 m vestur af Hellukoti 027.
Þar sem útihúsið var er sinuvaxið svæði á mörkum tveggja túna.
Engin ummerki útihússins sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:029 gerði kálgarður A 321230 N 402165

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við Hellukot 027. Enn sér móta fyrir kálgarðinum, um 5 m sunnan við bæ 027.
Kálgarðurinn er á sinuvöxnu svæði milli tveggja túna. Kálgarðurinn er um 22x15m stór og snýr norður-suður. Hann er fast vestan við túngarð GK-088:014 sem myndar austurvegg hans. Garðurinn er lágur og er sem stungið hafi verið niður í jarðveginn innan hans. Hleðslur hans eru hæstar um 0,2-0,4 m. Innan kálgarðsins má greina þrjú hólf, sem afmörkuð eru með lágum veggjum og tilfærslu á jarðveg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Kálgarður GK-080:029, horft til suðurs.

GK-080:030 tóft útihús A 321227 N 402170



Tóft GK-080:030 og nálægar minjar.



Tóft GK-080:030, horft til NNA.

Lítil tóft er um 12 m suðvestan við bæ 027 og um 10 m sunnan við suðurvegg kálgarðs 029.
Tóftin er á sinuvöxnu svæði milli tveggja túna.
Tóftin er í norðvesturhorni kálgarðs 029. Hún er 4x2 m að stærð, einföld og snýr NNA-SSV. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og tóftin er niðurgafin að inan, 0,5 m niður. Ekkert op sést á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:032 *Hesthús* heimild um býli

Í Jarðabók Árna og Páls segir: «Hesthús hefur enn til forna hjáleiga verið og vita menn ekki hvar verið hafi, kann og ei að byggjast, þó menn vissu, fyrir sagðar orðsakir.” Staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt. Fimm rústahólar eru skráðir í túni Útskála 038, 039, 070, 071 og 072, hugsanlega hefur hjáleigan staðið á einhverjum þeirra en ekki er hægt að fullyrða um það.
Heimildir: JÁM III, 84

GK-080:033 *Fjósaflatir* þúst fjós A 321109 N 402526

Í örnefnalýsingu segir: «Upp af Sandaflötum, vestan eða réttara norðan Útskála, eru Fjósaflatir.» Um 20 m austan við merkin móti Akurhúsum GK-082 er lítil hólbunga í sléttu túninu. Samkvæmt örnefnalýsingu heitir svæðið Fjósaflatir svo hugsanlega er hún leifar fjóssins sem flatirnar eru kenndar við. Hún er um 165 m norðvestan við bæ 001. Minjarnar voru upphaflega skráðar árið 2007 en farið var aftur á vettvang vegna deiliskráningar á svæðinu 2019. Þústin sem sést í túninu er að öllum líkindum leifar af einhvers konar útihúsi en hún er það lítil og langt frá bæ að ólíklegt er að þarna hafi verið fjós. Fjósaflatir gætu vel dregið nafn sitt af öðrum minjum nær bæ og kemur þar tóft 038 sterklega til greina.



Fjósaflatir GK-080:033, horft til suðvesturs.

Hólbungan er í sléttu túni.
Hún er um 16x7,5 m stór og snýr austur-vestur en sveigir lítillega til suðurs. Þústin er um 0,3 m há. Engar hleðsluleifar sjást á hólbungunni en svæðið hefur augljóslega verið sléttað. Í austurenda hólbungunnar lækkar hún nokkuð og þar má óljóst greina innanmál hólfs sem er um 1 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Útskálar, 2

GK-080:035 *Garðskagi* hleðsla akur A 320125 N 402796


"Garðskagi er hið gamla nafn á nyrzta hluta skagans, reyndar alveg þvert yfir. Mun það vera leifar frá því að hér var afgirt land, akurreinar," segir í örnefnalýsingu. Í grein Magnúsar Grímssonar, Fornminjar á Reykjanesskaga, frá um 1860 segir: "Skaga (eða Garðskaga) kalla menn odda þann enn þríhyrnda, er lengst gengur fram í sjó í Garðinum og snýr til útnorðurs. Hann er að mestu sléttur og grasi vaxinn. ... Á Skaganum hafa í fyrndinni verið girðingar eigi alllitlar, og hafa þær skipt honum í marga ferhyrnda reiti, suma aflanga, suma jafna á alla vegu. Allir hafa þessir garðar verið hlaðnir upp úr hnaus eða sverði, en litlu eða engu grjóti."



Ummerki um akrana í landi Hólavalla.


Sunnan við nýja vitann og byggðasafnið, vestan Hólavalla og norðan Skagabrautar er slétt tún. Þar má þó sjá móta fyrir lægðum þegar sól er lágt á lofti. Þær munu vera leifar þeirra akurreina sem hér voru og lýst er í heimildum.

Í sýslu og sóknalýsingum frá 1839 segir um garðana: «Á skaganum voru fyrr meir kornakrar og sáðgerði fornmanna, og má enn sjá mót til girðinganna.» Í sóknalýsingu frá um1840 segir: «Er þessi garður [036], kallaður Skagagarður og hefir líkast til í fyrndinni verið varnargarður fyrir skaganum á hverjum verið hafa yrktir sáðakrar, og má enn sjá merki garðlaga, sem hlaðin hafa verið kringum sáðreitina. En á þessum aðalvarnargarði áttu að hafa verið læst hlið.» Í grein Magnúsar Grímssonar frá um 1860 segir ennfremur: «Er það auðsjáanlegt, að hér hafa verið tómir akrar, og er það mikið svæði, sem þeir hafa náð yfir, því sjórinn hefur án efa brotið töluvert af því. Ekki sjást nein merki um skurði eða þess háttar, og getur vel verið, að þeir séu nú fullir orðnir af sandi og gras gróið yfir, þó að þeir hafi verið þar áður. Ekki vita menn þessara akra



Uppdráttur Brynjúlfs Jónssonar frá 1902 af akurlöndunum.

eða akurlanda getið neins staðar nema í bréfi Jóns biskups í Skálholti, dat. 1340, er hann keypti einn fjórðung úr Útskálalandi til Skálholtsstaðar að Bjarna Guttormssyni - og «um fram öll þau akurlönd, sem Bjarni keypti til Útskála.» [Dipl. Isl. II, 733-34.]. Þó að þessi bending sé lítil, sýnir hún að Útskálar hafi átt akra, og þeir geta varla hafa veirð annars staðar en á Skaganum, því nokkuð af honum er enn í



Ummerki um akurlöndin sjást vel á stafrænu yfirborðslíkani með 50% hæðaskyggingu (hillshade). Það má greina fleiri akurreinar á myndinni, m.a. fyrir sunnan Byggðasafnið og í túni Hofs.

eign Útskála, og ganga merkin eftir einum garðlaginu, sem um Skagann liggur.»
Brynjúlfur Jónsson rannsakaði garðana árið1902. Í grein hans í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1903 segir: "Akurlönd hafa verið á Skaganum fyrir norðan Útskála. Sér þar enn votta fyrir að minnsta kosti 18 akurreinum, 4-8 fðm. breiðum, sem eru aðgreindar með þráðbeinum, jafnhliða görðum, er norðast liggja yfir um þveran þveran skagann, en þegar sunnar dregur, takmarkast þeir að vestanverðu af garði, sem þar liggur frá sjónum langsetis í suðaustur að lítill hæð eða tóftabungu, sem er skamt frá norðvesturhorni hinna norðustu túngarða í Útskálahverfinu, sem nú eru. Suður- og austur frá langsetis-garðinum og rústinni eru margar stærri girðingar, flestar hér um bil ferhyrndar, og ná þær allt suður að landamerkjum Útskála og Kirkjubóls. Hafa það að líkindum verið töðuvellir. Þar er nær sjó dregur, eru girðingar þessar óglöggar af sandburði." Eftir rannsókn Brynjúlfs voru akurreinarnar friðaðar. Kristján Eldjárn ritar í Árbók Ferðafélagsins árið1977: "Akurreinar Brynjúlfs voru friðlýstar árið 1930 eftir lýsingu hans, en ekki entist sú friðlýsing þeim til verndar, þótt ekki séu þær með öllu horfnar." Í Friðlýsingaskrá segir: "Útskálar. Akurlönd forn, á Garðskaga.10 Sbr. Árb. 1903: 35-36. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938." Árið 1999 var gerð rannsókn á þessum reinum og uppgröftur gerður í landi Hólavalla. Um örlög reinanna segir í rannsóknarskýrslunni sem birt var í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 2002-2004: "Nú, hundrað árum eftir för Brynjólfs, eru akurreinarnar afar ógreinilegar og víða horfnar með öllu. Ætla má að sjávarrof, bæði á vestur- og norðurströnd skagans, hafi valdið nokkurri eyðileggingu, en mest spjöll hafa orðið af manna völdum. Fjórar hjáleigur og nýr viti eru nú á því svæði sem Brynjúlfur Jónsson lýsir akurreinunum ... Þessari búsetu hafa fylgt húsbyggingar, vegagerð, túnasléttun og annað jarðrask ... Niðurstöður úr Garðinum eru fremur lítil afgerandi. Sandfylltar dældir í sniðum eru til marks um að jarðvegur hafi verið hreyfður, en ekki eru tök á að tímasetja þann atburð sem stendur. Ekki verður heldur fullyrt með vissu að raskið stafi af jarðrækt, þó að aðrar vísbendingar um kornrækt á staðnum geri þá túlkun sennilega." Túnið sunnan byggðasafnsins þar sem sér fyrir akurreinunum á stöku stað er um 145x125 m stórt og snýr austur-vestur. Hver akurrein er 3,5- 4 m á breidd, 0,1-0,2 m á hæð og eru milli 40-150 m að lengd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Útskálar, 3; SSGK, 161;184; Magnús Grímsson 1940, 244-245; Árbók 1903, 36; ÁFÍ

1977, 114; ÁG, 8; Árbók 2002-2003, 84-90.

GK-080:036 *Skagagarður* garðlag vörslugarður A 320754 N 402106
"Lokaðist það [akurland 035] af svonefndum Skagagarði, sem hlaðinn var frá túngarði Útskála og þvert fyrir tána yfir í túngarðinn á Kirkjubóli. Sér leifar hans hér og hvar enn," segir í örnefnalýsingu. Í sýslu- og sóknalýsingu frá um 1860 segir ennfremur: "Fyrir ofan Skagann hefur legið garður einn mikill, sem enn er kallaður Skagagarður, frá túngarðinum á Útskálum beint yfir í Túngarðinn á Kirkjubóli." Enn sér fyrir Skagagarði sunnan Skagabrautar en norðan hennar (innan deiliskipulagsreitsins sem lá til grundvallar fornleifaskráningu árið 2007) er hann farinn í tún og þar sjást engin ummerki hans. Samkvæmt stefnu garðsins sunnan vegar hefur hann legið um 25-30 m austan við landamerkjagarð 083:006. Þá má einnig vera að Skagagarðurinn hafi legið frá syðsta hluta túngarðsins á Útskálum að Krikjubóli og að hann hafi því aldrei legið norðan núverandi vegar.
Þar sem Skagagarður lá norðan Skagabrautar eru nú slétt tún. Sunnan vegar liggur hann að mestu í sinuvöxnum móa.
Í Chorogarphicu Árna Magnússonar frá 1720 segir: «Garður (sú sveit) hefur nafn af girðingum. Menn meina landið hafi afgirt verið frá Hrafnkelsstöðum og so continue að Þórustöðum.» Í sýslu- og sóknalýsingu frá 1839: «... Ein hefir höfuðgirðing verið yfir þveran Skagann, sem Skagagarður kallast; á honum voru að sögn læst hlið.» Í annarri lýsingu frá um 1840 segir ennfremur: «Mikill garður hefir í fyrndinni þaðan [frá Flangastöðum] legið, sem enn sést merki til, og hefir náð allt inn að Útskálum. Er það sögn manna, að með þeim garði hefðu allir átt að fara, sem innan að sóttu jólagleði þessa [á Flangastöðum], svo ekki villtust menn, þó niða myrkur væri. Þessi fornaldargarður liggur sunnanvert fyrir Skaganum eða heiðar megin, en Skaginn er sléttlendur og hagbeitarpláss frá Útskálum. Er þessi garður, sem heita má gersamlega niður fallinn, kallaður Skagagarður og hefir líkast til í fyrndinni verið varnargarður fyrir skaganum á hverjum verið hafa yrktir sáðakrar, og má enn sjá merki garðlaga, sem hlaðin hafa verið kringum sáðreitina. En á þessum aðalvarnargarði áttu að hafa verið læst hlið.» Í grein Magnúsar Grímssonar, Fornminjar um Reykjanesskaga frá 1860 segir um Skagagarð:»Rústirnar af garði þessum, sem nú eru að mestu grasi grónar og líta út eins og ávalur hryggur, eru glöggar nema á stöku stöðum, þar sem mælt er, að hlið hafi verið á honum. Garðurinn hefur að mestu verið hlaðinn úr stórgrýti og að líkindum afar hár og þykkur, eftir sem út lítur 3-4 álna á þykkt. Nú geta 2 menn riðið samsíða ofan á rúst hans víðast hvar. Með þessum garði hefur Skaginn með öllum ökrum og hofinu (?) verið alveg afgirtur.» Kristján Eldjárn skrifar í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1977: «En Skagagarðurinn mikil, sem byggðin hefur nafn af og prestarnir lýsa svo fagurlega, hann er enn til, friðlýstur og heill, að öðru leyti en því að á einum stað var rofið skarð í hann 1964 til að komast þar í gegn með veg sem liggur frá Sandgerðu til Út-Garðs. ... Á milli Út-Garðs (Útskálahverfis) og Kirkjubólshverfis er víðáttumikið land, sem ætíð hefur verið lítt eða ekki byggt fyrr á tíð og raunar enn á vorum dögum. Þetta er sendið land og grýtt og virðist ekki kostamikið. Upp undir heiðinni og þá ofarlega eða efst á Skaganum liggur Skagagarðurinn þvert yfir hann í nokkurn veginn beinni línu frá Útskálum, þ.e. Túngarðinum á Útskálum, þótt sú samkoma sjáist ekki nú, og þar til hann hverfur fyrir ofan bæina Kolbeinsstaði og Hafurbjarnarstaði í Kirkjubólshverfi, þar sem hann hefur á sama hátt náð sambandi við túngarð. Þessi beini garður, hinn raunverulegi Skagagarður, hefur verið röskir 1500 m að lengd. Hann er sannarlega þess virði að skoða hann. Hugsum okkur að við komum eftir þjóðveginum frá Sandgerði og stefnum til garðs. Fyrir ofan Kolbeinsstaði klofnar vegurinn í tvennt. Til hægri liggur vegur til Inn-Garðs og síðan áfram til Kaflavíkur. Til vinstri liggur áðurnefndur vegur til Út-Garðs og hann förum við. Þá sjáum við fljótlega Skagagarðinn nærri vegi til vinstri handar og ekki líður á löngu þar til við komum þar sem vegurinn sker garðinn. Þar er ráð að staldra við, ef maður hefur hug á að átta sig á Skagagarðinum. Við lítum um öxl og sjáum hvernig hann nær sambandi við túnin í Kirkjubólshverfi, og til hinnar handarinnar sjáum við glöggt hvernig garðurinn stefnir til norðausturs rétt utan við Útskálakirkju. Hér er auðvelt að sjá hvernig garðurinn tengir saman Útskálahverfi og Kirkjubólshverfi og hvernig hann girðir af Skagann, nokkurn veginn á mörkum hans og heiðarinnar. Hér er mjög auðskilið að þetta er aðalvarnargarður Skagans og einnig hvernig hann hefur getað tengst túngörðum til beggja hliða, sem vel hugsanlega hafa náð alla leið til Rafnkelsstaða að austan og Þórustaða að vestan eins og Árni Magnússon segir, eða jafnvel alla leið til Flankastaða eins og prestarnir segja. Í Kirkjubólshverfinu má enn rekja þessa garða að mestu leyti og á loftmynd sjást þeir greinilega og hvernig þeir enda við sjó rétt fyrir sunnan Þórustaði. Í Garðinum sést



Skagagarður GK-080:036 sést sunnan Skagabrautar, vestan við byggðina þar.


þetta miður sökum þess hve mjög hefur byggst þar en þó hygg ég að einnig þar mætti sjá búta af túngörðum ofan gömlu túnanna. Ekki fer hjá því að Skagagarðurinn veki undrun fyrir mikilleika sakir. Sú spurning hvarflar jafnvel í hug manns sem snöggvast að hann sé alls ekki mannaverk, heldur náttúrulegur ávalur ás. Slíkt væri dálaglegt. Til þess að vera ekki einn um ábyrgðina fékk ég þrjá glögga menn til að gera með mér áreið á garðinn haustið 1976. Einn þeirra var dr. Sigurður Þórarinsson. Hann sagði orðrétt þegar hann sá garðinn: "Það er ekkert í náttúrunnar ríki sem getur búið þetta til." Reyndar urðum við allir vel sammála um að vissulega væri Skagagarðurinn mannaverk. Hann má heita þráðbeinn, og þegar vel er að gáð er fleira sem sýnir að hann er af mannahöndum gerður. Hann hefur verið borið saman úr grjóti og jarðvegshnausum og áreiðanlega verið bæði hár og þykkur en með tímanum flast út og að nokkru sandorpist. Við þetta hefur hann smátt og smátt fengið þennan ávala svip og að lokum orðið firnabreiður í grunninn, víða líklega um 15 m. Skýrar helðslur sjást varla í honum nú, þótt steinar standi upp úr víða, og þegar skarðið var rofið í hann vegna vegarins 1964 tók verkstjóri (Björn Jóhannesson) ekki eftir greinilegri hleðslu svo hann muni. Reyndar er túngarðurinn á Hofi í Garði fróðlegur til samanburðar við Skagagarð. Hann er með ólíkindum mikill og ávalur nokkuð á svipaðan hátt, en til muna minna útflattur [079:013]. Og beint upp frá gerðum, við hornið á íþróttavellinum sem nú er, má sjá vænan bút af mjög fornlegu garðlagi sem að öllu leyti minnir á Skagagarðinn sjálfan. Að sögn prestanna góðu áttu nokkur hlið að hafa verið á Skagagarðinum. Ekki er það nema eðlilegt, en í raun réttri er þetta hermt í sögur til þess að skýra nokkur skörð sem nú eru í garðinn. En sum þeirra eru langtum of víð til að teljast hlið, og kem ég nú ekki auga á nærtæka skýringu á skörðum þessum. Garðurinn kann að hafa verið rofinn af einhverjum ástæðum, en þó mætti fremur virðast við athugun sem skörðin hafi verið frá upphafi og þá ef til vill fyllt upp í þau með einfaldri grjótgirðingu, sem síðan hefur hrunið eða verið fjarlægð. Hefur garðurinn kannski aldrei verið fullgerður í sinni stóru mynd?" Í bók Jóns Böðvarssonar, Suður með sjó frá 1988 segir: "Nýjar rannsóknir jarðfræðinganna Guðrúnar Larsen og Hauks Jóhannessonar hafa leitt í ljós að Skagagarðurinn á Suðurnesjum er miklu eldri en áður var haldið. Niðurstöðu þessa fengu þau eftir að hafa grafið gegnum garðinn á þremur stöðum sem merktir eru inn á kortið [sýnt á bls. 92]. Að sögn Hauks mælist garðurinn nú 1500 metra langur, og hefur náð meðalmanni í öxl fyrr á öldum. ... Garðurinn er stöllóttur að innanverðu en sléttur að utan, þannig að unnt hefur verið að reka fé út yfir hann án þess það kæmist inn aftur og hefir það líklega komið sér

vel vegna akurreina innan garðsins. Ofan á Skagagarði er grjóthleðsla sem telin er jafngömul torfgarðinum. Haukur segir að aldur garðsins megi greina all nákvæmlega út frá öskulögum sem sjást þegar grafið er í gegnum hann. Ljóst er að hann hafi verið reistur skömmu eftir að öskulag, kennt við landnám, féll í upphafi tíundu aldar. Svokallað miðaldalag er myndaðist við gos í sjó út af Reykjanesi árið 1226 lagðist ofan á garðinn, sem þá var að miklu leyti kominn í kaf vegna foks." Í skýrslu Garðars Guðmundssonar og fleiri í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 2002-2003 segir: "Hrun úr garðinum er undir miðaldalaginu frá 1226 og landnámslagið er í torfi garðsins. Magnús Á. Sigurgeirsson telur garðinn hlaðinn á 10.-11. öld." Viðbót 2017: Garðurinn var rakinn frá Skálareykum norður að Skagabraut v/ deiliskipulagsgerðar. Hann er ekki mjög áberandi en sést þó alla leiðina sem lágur hryggur, 5-8 m breiður og mest 0,3-0,4 m hár, algróinn. Hann fjarar heldur út eftir því sem nær dregur Skagabraut. Rúmum 100 m sunnan Skagabrautar er líkt og rask hafi orðið á garðinum á rúmlega 10 m löngum kafla sem sést helst á því að þar er garðurinn mjög ógreinilegur og gróður með öðru móti en í móanum umhverfis. Þar sem raskinu sleppir liggur greinilegur hryggur líkt og í framhaldi af garðinum en heldur meira í austur en fyrr, í stefnu skammt vestan við Skagabraut 23. Þessi hryggur tilheyrir líklega ekki garðinum heldur virðist hann liggja fast vestan við hrygginn þótt hann sé orðinn mjög óljós á þessu bili. Garðinn má rekja þokkalega á loftmynd í stefnu á heimreiðina að Skagabraut 36. Leiða má að því líkum að heimreiðin sé ofan á garðlaginu forna, sem haldi svo áfram til norðurs skammt vestan við bæjarhól á Útskálum og allt niður að sjó. Áður hafði í skráningu verið vikið að því að líklega væri garðurinn horfinn norðan Skagabrautar en á loftmyndum virðist votta fyrir honum í túninu tæpa 100 m NNV af íbúðarhúsinu á Útskálum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Útskálar, 3; SSGK, 161-62, 184; Árni Magnússon, Chorographica, 55; Magnús Grímsson 1940, 245; ÁFÍ 1977, 114; Jón Böðvarsson: Suður með sjó 1988, 91-93; Árbók 2002-2003, 85.

GK-080:038 tóft óþekkt A 321124 N 402426



Minjar við bæ 001 á loftmynd frá 1982.

Rúmum 20 m norður af NV-horni bæjarhólsins 001 er stór rústahóll í túninu.

Í sléttu túni og hefur verið slegið upp á vesturbrún hólsins en austari 2/3 hlutarnir eru í kafgrasi.


Skiptist í þrjú stór hólf, tvö samhliða austan á, annað 9 m og hitt 11 m breitt, bæði um 20 m löng, og þriðja þvert á þau norðan við, 18x10 m. Gætu verið kál- eða heygarðar ofan á eldri rústum en húsarústa væri helst að vænta í vesturhliðinni. Farið var aftur á vettvang vegna deiliskráningar í mars 2019 og voru minjarnar þá mældar upp. Talsvert rask hefur orðið fast suðaustan og suðvestan við tóftina vegna framkvæmda við hótelbyggingu sem ekki varð af. Sérstaklega er raskið mikið suðvestan við tóftina þar sem jarðvegi hefur verið ýtt upp í háar manir. Búið er að ganga frá framkvæmdasvæði suðaustan við tóftina en þar hefur verið sléttað og tyrft yfir suðaustasta hluta tóftarinnar. Tóftin er 40x34 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í henni eru greinileg þrjú hólf. Norðvestasta hólfið er 13x9 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Suðaustan við það eru tvö hólf sem snúa norðvestur-suðausturs,



Minjar GK-080:038 eru fyrir miðri mynd.

eins og tóftin. Það norðaustara er 18x9 m að innanmáli en suðausturmörk þess sjást ekki vegna rasks. Tvö fyrstnefndu hólfin kálgarðar sem notuð voru langt fram á 20. öld. Suðvestan við stærri kálgarðinn er hólf sem er 11x5 m að innanmáli. Ekki sést op inn í tóftina eða á milli hólfa. Óljós ummerki um fjórða hólfið eru í syðst í tóftinni en þar er mjög grunn lægð sem er 5x2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir í tóftinni eru um 1 m á hæð utanmáls. Suðvesturhluti tóftarinnar er hærri en aðrir hlutar hennar (1,5 m) og þar virðast vera umfangsmikil mannvirki. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en ekki er ósennilegt að þarna hafi verið fjós og gæti örnefnið Fjósaflatir norðan við Útskála verið dregið af því fjósi (sjá 033).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:039 þúst býli A 321206 N 402439
Allstórt og óreglulegt þústahrúgald er við norðausturhorn bæjarhólsins 001, um 20 m austan við rústahól 038, norðan við heimreiðina frá sjávarkambinum. Að hluta eru ójöfnurnar afleiðingar af raski á 20. öld, einkum austast þar sem tvær reglulegar djúpar dokkir eru, og syðst meðfram heimreiðinni á móts við kirkjugarðinn, en vestari hluti hrúgaldsins hefur útlit fyrir að vera eldri mannvirkjaleifar. Fornleifakönnun fór fram á þústinni á útmánuðum 2006. Við hana komu í ljós byggingarleifar og gripir frá 18.- 20. öld. Nemur við bæjarhól og er e.t.v. framhald hans að hluta. Slétt slegið tún í kring en hrúgaldið sjálft er óslegið.
Minjarnar voru upphaflega skráðar árið 2005 en aftur var farið á vettvang vegna deiliskráningar á svæðinu í mars 2019. Syðsta hluta þústarinnar hefur verið raskað mikið vegna framkvæmda. Þegar þústin



Þústir GK-080:039.



Minjar GK-080:039 eru neðan við bílaplan.

var skráð upphaflega var hún um 50x50 m að stærð og 1,5 m á hæð þar sem hún var hæst. Enn sjást ummerki um mannvirki á svæði sem er 52x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan þess má greina 5 afmörkuð mannvirki eða þústir sem fá tölustafi til aðgreiningar og hefst lýsingin á þeim austast. Þar er gróin þúst 039_1 sem er 17x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er ójöfn, 0,2-0,4 m á hæð en hæst í suðausturenda. Þar er nýlegur niðurgröftur sem virðist gerður af vélskóflu og í niðurgreftinum sést laust grjót. Hringlaga þúst 039_2 er 6 m vestan við þúst 039_1. Hún er 3x4 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er nokkuð skýrt afmörkuð, kúpt að ofan og 0,3 m á hæð. 10 m norðar er svo meintur garður 039_3 sem kann að vera leifar af kálgarði. Garðurinn liggur í L og vísar hornið til norðurs. Norðvesturhliðin er 9 m löng og norðausturhliðin er 7 m löng en óljóst framhald er af henni til suðausturs á 8 m löngum kafla. Garðurinn er hæstur á ytri brún hornsins sem hann myndar en þar er hann 0,4-0,5 m hár. Skeifulaga mannvirki 039_4 er 7 m suðvestan við 039_3. Það er 13x8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur, er opið til suðvesturs. Mannvirkið er hæst norðaustast þar sem það er 0,7-0,8 m á hæð. Að lokum er þúst 039_5 um 4 m sunnan við 039_4. Hún er ólöguleg og talsvert röskuð af framkvæmdum. Þústin er nokkuð afgerandi, 20x11 m að stærð og snýr austur-vestur. Mögulega hefur hún myndast að hluta vegna eldra rasks. Þústin er 0,8 m á hæð þar sem hún er hæst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðrún Alda Gísladóttir, munnleg heimild; Fornleifakönnun að Útskálum FS303-06092

GK-080:040 *Hestasteinn* heimild

“Hestasteinn, er stendur uppá Endann milli Stadarins og Kirkjugardsins a Utskálum; Hann er 3 strendur, hérum 3 Al danskar á Hæd, med þvi sem nidri Iörd er, og næstum þvi eins á digurd um Midjuna, þar sem hann er þo mjóstur. Þad er ótruleg Almuga Saga um Stein þenna, ad Smalamadur á Utskálum, hafi i Fornöld borid hann heim af Háa-Leiti i Stafness Heidi, hvar nu er mjög grjótugt Pláz, enn þá hafi eingin Steirn annar átt ad sjást þar ofan Iardar,” segir í Frásögum um Fornaldarleifar. Hestasteinninn fannst ekki við vettvangsskoðun og staðsetning hans er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: FF, 235.

GK-080:041 gripir

1865: “Lítið AKKERI úr silfri. Það fannst í jörðu nálægt Útskálum,” segir í skýrslu um Forngripasafn Íslands í Reykjavík frá 1868. Fundarstaður akkerisins er ekki þekktur.

Heimildir: Skýrsla FÍ I, 103

GK-080:044 garðlag landamerki A 321396 N 402305



Túngarður GK-080:044, horft til norðvesturs.

Garðlag sést liggja til norðvesturs frá garðlagi GK-088:014. Hér er mögulega um eldri landamerkjagarð eða túngarð að ræða. Hann sést liggja til vestur, niður Miðhúsahól og endar við Útskálasíki. Hann afmakaði líklega tún Útskála og Miðhúsa og mögulega hefur öskuhaugur GK-078:022 verið innan túns þegar hann var í notkun. Lega þess bendir til þess að um landamerkja- eða túngarð sé að ræða.

Gróð tún sem nýtt er til beitar. Mikill ágangur er við garðlagið. Vestan þess er deiglent svæði.

Garðlagið er tæplega 30 m að lengd og liggur til norðvesturs, niður Miðhúsahól. Það er tæplega 2 m breitt og algróið, það glittir í einn og einn stein. Gaðrlagið hverfur til norðurs við Útskálasígi og til suðurs áður en komið er upp á háhólinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:048 *Nýlenda* bæjarstæði býli A 320733 N 402490

Á túnakorti frá 1919 er bærinn Nýlenda sýndur sem röð sjö húsa með stöfnum í austur og tveir kofar framan við hlaðið og einn að húsabaki syðst. Einnig eru kálgarðar í kringum bæinn, bæði að vestan og austan. Slóði er einnig merktur að bænum úr norðri. Nýlenda er ekki nefnd í Jarðatali Johnsens



Nýlenda GK-080:048, horft til vesturs.



Hnitsett túnakort, 50% gegnsætt, ofan á loftmynd. © Loftmyndir ehf.

frá 1847 en hún er nefnd hjáleiga frá Útskálum í Nýrri jarðabók fyrir Ísland frá 1861. Hún hefur því verið byggð á þeim árum sem skilja jarðabækurnar að. Gamli bærinn í Nýlendu stóð fast vestan við bílskúr sem nú er við núverandi íbúðarhús í Nýlendu. Bærinn var um 10 m norðan við núverandi íbúðarhús. Hann brann á stríðsárunum. Áður en núverandi íbúðarhús var byggt var timburhús á steyptum grunni fast austan við það, þar sem búið var eftir að bærinn brann.
Nú er slétt tún umhverfis íbúðarhúsið í Nýlendu.
Engin ummerki gamla bæjarins eru norðan við núverandi íbúðarhús. Um 22 m vestan við bílskúrinn mótar þó fyrir um 0,6 m háum kanti. Hann er líklega framhald garðlags 051 fremur en leifar bæjarhólsins. Enn sér vel fyrir undirstöðum timburhússins, austan íbúðarhússinns. Þar er um 0,3 m hár stallur í túninu. Hann er um 8x7 m stór og snýr austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; JJ, 88; NJ, 36.

GK-080:049 gerði kálgarður A 320802 N 402447


Kálgarður GK-080:049, horft til norðurs.

Kálgarðar voru við suðausturhlið túnsins í Nýlendu samkvæmt túnakorti frá 1919. Enn sér fyrir kálgarði fast vestan við Akurhúsaveg, um 85 m ASA af Nýlendu 048. Á túnakorti frá 1919 eru þrír kálgarðar merktir utan í túngarð Nýlendu [GK-080:048], austan hans. Á gatnamótum Skagabrautar og Akurhúsavegar er spennistöð (HS, #400). Fast norðan hennar og fast upp við Akurhúsaveg eru tveir kálgarðar. Um 85 m suðaustur af Nýlendu [GK-080:048] og um 230 m suður af Lónshúsum [GK-082:002].
Kálgarðurinn er á sinuvöxnusvæði fast vestan við malbikaðan veg upp að Akurhúsum. Í aðrar áttir er slétt tún. Milli Akurhúsavegar, sem er malbikaður akvegur, og sléttað túns Nýlendu [GK-080:048].
Garðurinn er tvískiptur. Hann er um 40x20 m stór og snýr norður-suður. Hólf hans eru nær jafnstór. Millivegurinn er hæstur um 1 m hár en aðrir veggir garðisins erum um 0,7 m háir. Garðurinn er vel gróinn en hér og þar sér í grjót í hleðslum hans. Á túnakorti eru merktir þrír kálgarðar. Aðeins tveir sjást nú (2019), en svo virðist sem spennistöðin við gatnamót Skagabrautar og Akurhúsavegs sé byggð ofan á fyllingu í þriðja kálgarðinn. Garðarnir afmarka saman 40 x 20 m svæði og snúa í norðaustur-suðvestur. Nyrðra hólfið er um 17 x 13 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Syðra hólfið er um 20 x 15 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Akurhúsavegur liggur svo ofan á veggjum kálgarðanna til austurs. Garðlögin eru mest um 1,25 m að hæð og um 3 m að breidd. Sést í steina í veggjum kálgarðanna og hefur verið girt að hluta ofan á þeim með gaddavír. Trjám hefur verið plantað meðfram vesturvegg nyrðri kálgarðsins, en eru annars vel gróin að innan og í órækt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:050 gerði kálgarður
A 320762 N 402564



Kálgarður GK-080:050, horft til suðvesturs.

Á túnakorti frá 1919 eru sýndir kálgarðar og túnbleðill norðan við Nýlendutún en ekki tengdir því heldur garði 051. Enn sér vel fyrir kálgörðunum um 50 m norðan við bæ 048, fast austan við garðlag 051. Kálgarðurinn er í sléttu túni.
Kálgarðurinn er tvískiptur. Hann er um 30x25 m stór og snýr norður-suður. Norðurhólfið er ívið stærra, um 25x15 m stórt en hið syðra er um 20x15 m stórt, þau snúa bæði austur-vestur. Nyrðra hólfið er gróið

en svo virðist sem enn sé ræktað í syðra hólfinu. Veggir garðsins eru um 0,6 m háir og allvíða sér í grjót í þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:051 hleðsla útihús A 321202 N 402384



Hús GK-080:051 sést á þessari mynd frá árinu 2005.

Í norðausturhluta bæjarhólsins var hús sem var rifið um 2005. Það er sýnt á skipulagsuppdrættti frá 1954 og er að öllum líkindum byggt á grunni gömlu bæjarhúsanna sem sjást á túnakorti frá 1919. Þetthús sést á fjölmörgum myndum sem teknar voru við rannsóknir fyrir árið 2005. Þetta var fjós og á seinni tímum bílskúr.
Húsið var þar sem nú er mörk gróins svæðis austan við bæ 001 og malarvegar.
Einu ummerki um húsið eru grjóthleðsla í jarði gróins svæðis og vegar að kirkjugarðinum. Steinarnir eru alls um fimm talsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:052 *Sæból* mannvirki býli A 320431 N 402576
Á túnakorti er bærinn Sæból sýndur sem timburhús með bíslagi að norðanverðu, brunnur 138 er við



Sæból GK-080:052, horft til norðvesturs.



Túnakort Sæbóls, hnitsett á loftmynd.



Kálgarður GK-080:053, horft til austurs.

vesturhlið þess og kálgarðar 057 eru austan við. Þessi bær er 20 m sunnan við Fögruvelli. Samkvæmt túnakortinu frá 1919 var Sæból um 40 m vestan við Sjávargötu 054. Húsið er enn uppistandandi og nánar er fjallað um það í húsakönnun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:053 gerði kálgarður
A 320477 N 402632
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar sem tilheyrðu Sæbóli 052 áfastir suðurhlið Hofstúns. Enn sér móta fyrir kálgarði, um 60 m norðan við

Sjávargötu 054.
Kálgarðurinn er í grasivöxnu, óræktuðu túni.
Garðurinn liggur fast sunnan við garðlag 078:010 sem myndar norðurhlið hans. Hann er um 65x20 m stór og snýr VNV-ASA. Veggir garðsins eru lágir, hæstir um 0,2 m. Þeir eru algrónir og hvergi sér í grjót. Þeir eru um 0,3 m breiðir. Innan garðsins vex hvönn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:054 *Sjávargata* bæjarstæði býli A 320445 N 402585
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var bærinn í Sjávargötu tveir litlir kofar samtengdir. Nú stendur hús á einni hæð með risi í Sjávargötu, um 50 m ASA við Blómsturvelli 058. Húsið er ekki með kjallara. Húsið stendur á sléttri flöt.


Sjávargata GK-080:054, horft til norðurs.



Túnakort Sjávargötu, hnitsett á loftmynd.

Engin ummerki eldri húsa eru greinanleg á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:055 *Fögruvellir* heimild um býli A 320410 N 402636
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var bærinn á Fögruvöllum torfbær, 4 hús í röð með stafna í norður en auk þess þrír samtengdir kofar þar austan (sjá 108) við og lá garður frá þeim til norðausturs yfir í kálgarð við suðurhlið Hofstúns. Á túnakortinu eru Fögruvellir merktir um 60 m norðvestan við Sjávargötu 054 og um 100 m austan við Blómsturvelli 058. Magnús Gíslason heimildamaður sagði frá því að Fögruvellir hefðu verið fluttir til Reykjavíkur og hlýtur því timburhús að hafa staðið á bæjarstæðinu eftir að torfbærinn féll. Steyptur húsgrunnur er fast VNV við unga kálgarða 108 og 32 m vestan við Steinshús


Fögruvellir GK-080:055, horft til vesturs.



Túnakort Fögruvalla hnitsett á loftmynd.

069. Grunnurinn telst líklega ekki til fornleifa en er tekin með á skrá til að ná utan um þær búsetuminjar sem eru á svæðinu fyrir vinnu við verndarsvæði í byggð. Ekki er sýnt hús á þessum stað á korti frá 1954 og ekki er vitað hvenær húsið sem þarna stóð var byggt eða hvenær það var rifið.
Þar er nú óræktað tún. Gróið flatlendi á lóð húss sem ber nafnið Grund og er byggt á bæjarstæði Blómsturvalla 058.
Grunnurinn er steyptur en nánast alveg yfirgróinn. Hann er um 9,3x8,7 m að stærð og snýr NNA-SSV.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:056 heimild um útihús A 320439 N 402623
Á túnakorti frá 1919 er sýnt stakt hús í túninu um 20 m vestan við Fögruvelli 055. Hnit var tekið um 10 m norðvestan við skúr sem stendur aftan, norðan við þar sem Blómsturvellir standa nú.
Þar er óræktað tún.
Engin ummerki hússins sjást á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:057 heimild um kálgarð A 320433 N 402601
Á túnakorti frá 1919 er sýndur kálgarður suðaustan við Fögruvelli 055. Hann afmarkaðast af garðlagi til allra átta, nema við Fögruvelli 055. Kálgarðurinn var tvískiptur, eitt hólf var sunnan við bæinn þegar túnakortið var gert.
Á svæðinu er óræktað tún.
Öll ummerki kálgarðsins eru horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:058 *Blómsturvellir* hús býli A 320284 N 402692
Á túnakorti frá 1919 eru Blómsturvellir sýndir sem þrír kofar, þar af tveir samtengdir, með stafna í norður, um 180 m suðvestan við Neðra-Hof 079:002. Nú stendur steinsteypt, járnklætt hús á einni hæð, nefnt Blómsturvellir, um 140 m suðvestan við Neðra-Hof. Húsið er ekki með kjallara. Leiða má líkur að því að Blómsturvellir hafi verið færðir til vesturs nær Sjávargötu á 20. öld og að eldra bæjarstæði þeirra sé í túninu vestan við íbúðarhúsið Grund (byggt um 1933) og sunnan við túngarð 079:013. Grund er byggt á þessu bæjarstæði Blómsturvalla.
Húsið stendur á sléttri flöt. Vestan við það er malarplan en í aðrar áttir er óræktað tún.
Húsið Grund er að öllum líkindum byggt í miðjan bæjarhólinn. Það mótar fyrir suðausturhorni hans í sléttu túni. Þar sést um 0,3 m há og aflíðandi brekka sem fjarar út þegar kemur að húsunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Blómsturvellir GK-080:058, horft til norðausturs.



Túnakort Blómsturvalla, hnitsett á loftmynd.

GK-080:059 heimild um kálgarð A 320423 N 402586
Kálgarðar sem tilheyrðu Sæbóli 052 voru um 10 m sunnan við bæinn samkvæmt túnakorti frá 1919. Þar er nú óræktað tún, milli bæjar og Skagabrautar.
Engin ummekri kálgarðanna sjást nú framan, sunnan við bæinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919


GK-080:060 *Garðskagaviti* mannvirki samgöngubót A 319894 N 403024
"Það var minnisverður atburður, þegar fyrsta leiðarmerkið var sett á Garðskaga. Það var árið 1847, að hlaðin var varða ... Varðan var hlaðin úr grjóti og upp úr henni stóð járnstöng. ... Gert er ráð fyrir , að varðan með grjótstöpli, sem undir hana verið hlaðinn, verði 15 álna há ... Það var svo ekki fyrr en 1884, að ljósker var sett á vörðuna á Garðskaga og jafnframt byggt þar dálítið hús úr timbri ... Árið 1897 var svo byggður ljósviti á Garðskagatá. ... Það var ferstrend bygging úr steinsteypu, 12,5 metrar á hæð og 3,25 metrar á hverja hlið. Áfast við hann var varðhús ... Umhverfis vitann var pallur, hlaðinn úr höggnu grjóti, um 3 m á hæð. Í vitann voru sett mjög vönduð ljósatæki frá París ... Nýr viti var svo byggður árið 1944 ... En gamli vitinn hefur fengið nýju hlutverki að gegna. Þar er nú verið að koma upp fuglarannsóknarstöð," segir í Undir Garðskagavita. "Gamli vitinn er fremst á tánni. Hann var reistur 1897. Þá var gras fyrir framan hann og náði dálítið fram á rifið, en nú er þetta alveg gróðurlaust," segir í örnefnalýsingu. Vitinn er merktur á túnakort frá 1919. Gamli vitinn stendur enn. Hann er um 200 m norðvestan við nýja vitann frá 1944.


Garðskagaviti GK-080:060 og leið 061, horft til norðvesturs.

Vitinn stendur á hlöðnum stöpli, umluknum sjó. Steinsteypt gagnstétt liggur að honum úr suðaustri.
Í Undir Garðskagavita segir ennfremur: «Ein höfuðástæða þess, að nýr viti var reistur á Garðskagatá árið 1944, var sú að sjór hafði gengið mikið inn á landið frá því að gamli vitinn var byggður. Fyrir kom það, að ekki var hættulaust að annast vörzlu hans ... samkvæmt frásögn elztu manna, að landbrotið sé um 100 metra frá þeim stað, sem gamla Skagavarðan stóð, og eflaust hefur verið nokkuð land fyrir utan hana. Þegar grafa tók undan gamla vitanum, svo að hann virtist í hættu, var farið að steypa öldubrjóta og varnarveggi í kringum hann, fyrst árið 1924 og margsinnis síðan.» Engin ummkerki eldri mannvirkja en vitans frá 1897 sjást nú á Garðskagatá enda hefur sjórinn eflaust fyrir löngu étið leifar vörðunnar og timburhússins sem þar stóðu áður en vitinn var byggður. Varðan hefur samkvæmt bókinni Undir Garðskagavita staðið um 100 m norðvestan við vitann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Undir Garðskagavita, 186-9; Ö-Garðskagi, 3; Túnakort 1919

GK-080:061 vegur leið A 319930 N 403002
"Steypt gangstétt, 1 m á br. 1/3 - 1 m á hæð og við 170 m á lengd," segir á túnakorti frá 1919, við teikningu á gangstéttinni sem liggur frá vitanum til suðaustur að bæjarstæðinu 062. Í Undir Garðskagavita segir: "Áður hafði verið steypt göngubrú að vitanum og hefur henni verið haldið við til þess að forða landbroti. Einnig var stórgrýti flutt á fjörukambinn." Gangstéttin liggur frá vitanum 060 til suðausturs að malbikuðu bílaplani.
Sjór liggur að gangstéttinni að norðan og sunnan.
Girðing er við stéttina beggja vegna. Hún er um 40 m löng að bílaplaninu, en virðist hafa verið lengri árið 1919. Líklegt er að malbikað hafi verið yfir suðurenda hennar.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Túnakort 1919; Undir Garðskagavita, 189.

GK-080:062 *Garðskagi* bæjarhóll býli A 320066 N 402859





Garðskagi GK-080:062. horft til ANA.

Samkvæmt túnakorti Garðskagavita frá 1919 stóð bærinn, vestast í túni, um 240 m suðaustan við vita 060. Þar eru sýndir tveir klasar af byggingum með kálgarði á milli. (Sjá 127 og 125). Gamli bærinn á Garðskaga stóð fast austan við vitavarðarhúsið sem byggt var um 1940, um 40 m sunnan við vitann sem byggður var 1944. Þró var fast sunnan við bæinn.
Þar er lítil hólbunga í sléttu túninu.
Hólbungan og leifar kálgarðsins sunnan við hana eru á svæði sem er alls um 40x40 m stórt. Sjálf er bungan um 40x10 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 0,5 m há, séð frá suðri en fellur inn í landið til norðurs. Vegurinn að byggðasafninu liggur yfir norðvesturhorn hennar. Ekkert greinilegt tófta- eða byggingarlag er á hólbungunni enda hefur svæðið augljóslega verið sléttað í seinni tíð

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:063 heimild um kálgarð A 320082 N 402800

Kálgarður var í suðvesturhorni túns á Garðskaga samkvæmt túnakorti frá 1919. Kálgarðurinn var um 60 m sunnan við bæ 062.
Þar sem kálgarðurinn var eru nú slétt tún.
Engin ummerki garðsins sjást í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:064 *Hólavellir* bæjarstæði býli A 320215 N 402731

"Milli Hofslands og Garðskaga var þurrabúðin Hólavellir, en hún tilheyrði Útskálum. Enn býr fólk á Hólavöllum, en eins og stendur er þar enginn búskapur," segir í örnefnalýsingu. Hólavalla er getið á túnakorti frá 1919 en hús og garðar eru ekki sýnd. Samkvæmt túnakortinu var þar ekkert tún en um 820 fermetra kálgarður fylgdi býlinu. Hann er ekki merktur á kortið. Nú stendur hús með kjallara og risi á bæjarstæði Hólavalla. Það er um 195 m suðaustan við bæjarhólinn á Garðskagavita 062 og um 140 m SSA við Helgarétt 079:015.
Húsið stendur á sléttri grasivaxinni flöt.
Enginn hóll er greinilegur á bæjarstæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðskagi, 5; Túnakort 1919



Hólavellir GK-080:065, horft til norðausturs.

GK-080:065 varða samgöngubót A 321068 N 402523

"Merkin á Lónssund voru tvö sundtré, annað á mörkum Akurhúsa og Útskála, en hið efra í Útskálalandi, nú grjóthrúga [066]." segir í örnefnalýsingu. Grunnur sundtrésins á mörkum Akurhúsa og Útskála er enn greinilegur um 90 m ANA við Akurhús 082:001.
Hann er í sléttu túni.
Grunnur sundtrésins er gróin grjóthrúga í sléttu túni. Hún er nær hringlaga, rúmir 3 m í þvermál og um 0,6 m há.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nýlenda, 1



Varða GK-080:065, horft til suðvesturs.

GK-080:066 varða samgöngubót A 321002 N 402378

"Merkin á Lónssund voru tvö sundtré, annað á mörkum Akurhúsa og Útskála, en hið efra í Útskálalandi, nú grjóthrúga," segir í örnefnalýsingu. Grunnur efra sundtrésins er enn greinilegur, um 50 m austan við bæjarhól Nýjabæjar 083:001 og um 155 m SSV við neðra sundtréð 065.
Leifar sundtrésins eru í sléttu túni.
Grunnur sundtrésins er ílangur gróinn hóll. Hann er um 10x4 m stór og snýr norður-suður. Hóllinn er um 0,8 m hár. Allvíða sér í grjót í honum. Þegar deiliskráning var unnin á þessu svæði í mars 2019 var rætt við Ingibjörgu Önnu Gísladóttur sem er uppalin í Nýjabæ. Hún kannaðist ekki við að þarna hafi verið innsiglingarmerki en að sögn hennar er þarna álagablettur. Engar sagnir fylgja honum þó. Hóllinn var aftur mældur upp og er samkvæmt þeirri mælingu 7x5,5 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nýlenda, 1




Varða GK-080:066, horft til norðurs.

GK-080:067 heimild um leið A 321085 N 402554
“Sjávarmegin við Akurhús er svæði, sem nær inn í Útskálaland, og heitir það Sandaflatir. ... Á Sandaflötum voru taldir 13 eða fleiri götutroðningar, sem búizt er við, að hafi legið að hofinu,” segir í örnefnalýsingu.
Sandaflatir eru nú slétt tún.
Engin ummerki götutroðninga sjást á Sandaflötum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nýlenda, 2

GK-080:068 heimild um býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: «Hjáleiga, sjöunda heima við staðinn, ekkert nafn gefið. Jarðardýrleiki óviss.» Staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt. Fimm rústahólar eru skráðir í túni Útskála 038, 039, 070,071 og 072, hugsanlega hefur hjáleigan staðið á einhverjum þeirra en ekki er hægt að fullyrða um það.
Heimildir: JÁM III, 82.

GK-080:069 *Steinshús* bæjarstæði bústaður A 320453 N 402627
Guðni Ingimundarson, heimildamaður, sagði frá leifum húsgrunns þar sem íbúðarhúsið Steinshús stóð lengi. Grunnurinn er um 40 m norðan við Sjávargötu 054. Við húsgrunninn er útskorið skilti sem stendur á Sæból, en þetta hús gekk einnig undir því nafni.
Grunnurinn er á sléttri grasflöt.
Steinsteyptur grunnur gægist upp úr grassverðinum á þessum stað. Hann er L-laga, um 7x6 m stór og snýr austur-vestur. Byggingaár hússins er ekki þekkt en Guðni Ingimundarson, heimildamaður sem er fæddur 1923 mundi eftir húsinu frá uppvaxtarárum sínum. Hér leynast ugglaust mannvistarleifar undir sverði en húsið er byggt eftir að túnakortið er gert 1919. Grunnurinn er steyptur og það mótar fyrir ytri og innri brún hans. Sé tekið mið af lagi grunnsins var þetta timburbygging, hús með áföstum skúr. Grunnurinn er 0,2 m á hæð og 7,3x6,6 m að stærð. Á túnakortinu er þetta svæði sýnt sem kálgarðar frá Sæbóli.



Uppmæling af tóft GK-080:069.


Steinshús GK-080:069, horft til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:070 heimild A 321083 N 402394
Um 15 m austan við garðlag 083:006 var árið 2007 hóll í túni Útskála. Hann var um 55 m suðvestan við hól 038 og um 95 m vestan við bæ 001. Hóllinn er nú horfinn í jarðrask.
Hóllinn er í sléttu túni.
Hólllinn er um 14x10 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 1 m hár. Ekki er vitað til þess að hús hafi staðið á hólnum en hann er ugglaust að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hugsanlega hefur hér staðið einhver af þeim hjáleigum frá Útskálum sem Jarðabókin frá 1703 getur til um. Hóllinn hefur verið sléttaður í seinni tíð. Farið var aftur á svæðið þegar deiliskráning var unnin í mars 2019. Þá sáust engin

ummerki um hólinn eða þústina vegna framkvæmda við hótelbyggingu sem ekkert varð úr.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd tekin af minjum GK-080:070 árið 2007.

GK-080:071 þúst býli A 321285 N 402277

"Neðan síkis á kampinum voru býli, nokkrar hjáleigur," segir í örnefnalýsingu. Um 120 m vestan við syðsta odda síkisins er hóll í sléttu túni. Hann er um 130 m suðaustan við bæ 001 og um 16 m suðvestan við hól 072.
Hóllinn er í sléttu túni.
Hann er um 25x12 m stór og um 0,7 m hár. Hann snýr suðvestur-norðaustur. Ekkert skýrt tóftarlag er á hólnum og ekki er vitað til þess að hús hafi staðið á hólnum. Hann er þó ugglaust að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hugsanlega hefur hér staðið hjáleiga frá Útskálum. Hóllinn hefur verið sléttaður í seinni tíð. Ofan á hólnum mótar fyrir tveimur grunnum dældum, um 0,1-0,2 og sjást þær best sem gróðurbrún. Einnig gæti verið annað hólf austan í hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Útskálar, 2




Þúst GK-080:071, horft til vesturs.

GK-080:072 þúst býli A 321321 N 402284

"Neðan síkis á kampinum voru býli, nokkrar hjáleigur," segir í örnefnalýsingu. Um 30 m norðaustan við hól 072 er annar hóll í sléttu túninu. Hann er um 160 m ASA við bæ 001.
Hóllinn er í sléttu túni.
Hóllinn er um 15x15 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 1 m hár. Engar skýrar hleðsuleifar eru á hólnum og ekki er vitað til þess að hús hafi staðið á honum. Hann er þó ugglaust að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hugsanlega hefur hér staðið hjáleiga frá Útskálum. Hóllinn hefur verið sléttaður í seinni tíð. Tunga liggur til suðurs úr hólnum og fjarar út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Útskálar, 2



Þúst GK-080:072, horft til norðausturs.



Uppmælingar af minjum GK-080:071 og 080:072.

GK-080:074 þúst óþekkt A 320753 N 402592



Þúst GK-080:074, horft til norðurs.

Fast norðan við kálgarð 050 og fast austan við garðlag 051 er þúst.
Þústin er í sléttu túni.
Hún er um 14x9 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 1 m há. Ekkert skýrt tóftarlag er á henni en hún er eflaust að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hugsanlega hefur hér staðið kartöflukofi eða annarskonar geymsla sem tengist nýtingu kálgarðsins 050.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:075 brunnur vatnsból A 321293 N 402402



Brunnur GK-080:075 horft til vesturs.

Brunnur var um 40 m vestan við kálgarð 012 samkvæmt túnakorti frá 1919. Enn sér til brunnsins um 120 m ANA við bæ 001.
Brunnurinn er í sléttu túni.
Búið er að fylla upp í brunninn en enn sér fyrir dæld í túninu þar sem hann var. Dældin er um 1x1 m stór og um 0,2 m djúp.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:076 garðlag túngarður A 319996 N 402744

Leifar túngarðs eru í suðvesturhorni túns á Garðskaga. Garðurinn liggur með vesturhlið túnsins, um 10 m austan við veg sem liggur að vitavarðarhúsinu.
Garðlagið er í sléttu túni.
Garðlagið er alls um 100 m langt, það liggur norður-suður með vesturmörkum túns. Garðlagið er hæst um 0,6 m séð frá vestri en lækkar til beggja enda þar til það hverfur í slétt túnið. Það er um 0,5 m breitt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag GK-080:076, horft til norðurs.

GK-080:077 tóft útihús A 320222 N 402753

Um 5 m norðan við Hólavelli 064 er tóft. Hún er að öllum líkindum ekki forn, hún er ekki sýnd á uppdrætti frá 1954.
Tóftin er í óræktuðu túni.



Tóft GK-080:077 er rauð á myndinni.



Tóft GK-080:077, horft til norðurs.

Hún er um 13x5 m stór og snýr norður-suður. Hún er tvískipt. Syðra hólfið er minna, það er um 5x3 m stórt og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðjum suðurvegg þess. Hólfið er að hluta niðurgrafið. Það er um 1,5 m djúpt en hleðslur þess eru um 0,7 m háar. Nyrðra hólfið er um 10x5 m stórt og snýr norður-suður, engar dyr er á því. Hleðslur þess eru einnig um 0,7 m háar. Hér og þar sést í grjót í hleðslum tóftarinnar. Svo virðist sem grænmeti hafi verið ræktað í nyrðra hólfinu en ekki er öruggt að það sé upphaflegt hlutverk þess. Ef svo er má ímynda sér að syðra hólfið hafi verið geymsla fyrir uppskeruna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:099 tóft fjárskýli A 321293 N 402506

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var fjárbyrgi (merkt með hringlaga tákni) á sjávarbakkanum nyrst í túni, um 140 m norðaustur af bæ 001. Þá þegar var sjór farinn að brjóta land allt í kring. Fjárskýli þetta var upphaflega (2007) skráð á númer 007 en þegar unnin var deiliskráning á svæðinu 2019 kom í ljós að fjárbyrgið var 65 m austar. Þar sést enn tóft fjárskýlisins sunnan undir sjóvarnargarði en innanmálið er ekki lengur greinanlegt.
Leifar af fjárskýlinu eru í aflíðandi halla til suðurs nyrst í túni Útskála, á þýfðu svæði sem ekki er lengur slegið.
Tóftin er 12,5x14 m að stærð, snýr austur-vestur. Nyrsti hluti tóftarinnar gengur undir malbikaðan



Tóft GK-080:099, horft til norðurs.

göngustíg meðfram sjóvarnargarði en líklegt er að þegar hafi verið farið að brotna af tóftinni áður en þessi mannvirki komu til sögunnar. Sem fyrr segir sést ekki móta fyrir innanmáli í tóftinni sem er fremur flöt að ofan. Hún er mjög vel gróin og grasi vaxin, er 0,3-0,4 m á hæð. Hvergi sést í grjóthleðslur en ætla má að tóftin sé hlaðin úr grjóti og torfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:100 heimild um leið A 320762 N 402526
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið til norðausturs frá Nýlendu 048 að túni Lónshúsa GK-081, þar var hlið á túngarði GK-081:009.
Slétt, ræktað tún.
Engin umerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:101 garðlag óþekkt A 321029 N 402361



Garðlag GK-080:101, horft til ANA.

Mjög óljóst og útflatt garðlag er í flatlendu túni sem enn er slegið, á milli garðlags 084:005 til vesturs og fornlegs garðlags 085:003 til austurs. Það er um 150 m vestan við bæ 001 og er sýnt á túnakorti frá 1919.
Slétt, flatlent tún sem enn er slegið.
Garðurinn liggur frá garðlagi 084:005 á 7 m kafla til suðausturs og beygir þá til norðausturs á 25 m löngum kafla. Suðausturbrún lengri hluta garðsins er greinilegri en norðvesturbrúnin en þó er hún varla meira en 0,1 m á hæð. Erfitt er á áætla hvort um fornt garðlag sé að ræða en ekki en það er gjörsamlega útflatt og er rúmir 3 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Tóft GK-080:102, horft til suðvesturs.

GK-080:102 tóft óþekkt
A 321057 N 402328
Útflött, meint tóft liggur út frá garði GK-085:003 til suðvesturs í túni Útskála og er 12 m suðaustan við gerði 103 og 100 m VSV við bæjarhól 001.
Sléttað, fremur flatlent tún sem enn er slegið.
Tóftin hefur samlagast garði 085: 003 og kann að hafa verið sambyggð honum en virðist yngri. Hún er einföld, 11x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Óljóst má greina innanmál eins hólfs í henni en ekki op. Tóftin er alveg útflött, aðeins 0,1 m á hæð. Ekki er útilokað að um hluta af útflöttu garðlagi sé hér að ræða og að það hafi tengst garðlagi GK-084:009.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Gerði GK-080:103, horft til norðvesturs.



Minjar GK-080:101-103.

GK-080:103 gerði óþekkt A 321042 N 402344

Útflatt og óljóst gerði er í túni Útskála, á milli garðs GK-085:003 og garðs GK-084:005, um 100 m vestan við bæ 001. Hlutverk þess er ekki þekkt en líklegt er að þarna hafi verið kálgarður.
Sléttað, fremur flatlent tún sem enn er slegið.
Gerðið er um 22x14 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ytri brún veggja sést nánast ekki en hæst er hún 0,1 m í norðausturenda. Veggir gerðisins eru 1,5-2 m a breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:104 garðlag óþekkt A 321070 N 402457

Útflatt garðlag liggur til suðausturs í framhaldi af garði 082:006, sem tilheyrir Akurhúsum, að jarðvegshrygg sem myndaðist í kringum byggingaframkvæmdir sem búið er að hætta við nærri Útskálum. Garðlagið er 115 m norðvestan við bæ 001.
Sléttað, flatlent tún.
Garðurinn er greinanlegur á 32 m löngum kafla og mjög óljóst framhald er svo á 15 m löngum kafla að garði 082:006. Garðurinn er 0,1 m á hæð og rúmir 3 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag GK-080:104, horft til norðvesturs.

GK-080:105 þúst útihús A 321168 N 402547

Ógreinileg útflött þúst er í túnjaðri fast sunnan við göngustíg meðfram sjóvarnargarði og austan við útskot á stígnum þar sem er búið að koma fyrir bekk innan hlaðins skjóls. Þústin er 150 m norðan við bæ 001.
Þústin er í smáþýfðum hluta túnsins sem ekki er lengur slegið.
Þústin er 14x6,5 m stór og snýr austur-vestur en gengur undir göngustíginn til norðurs. Hún er 0,2-0,3 m á hæð.

GK-080:106 garðlag túngarður A 320126 N 402702

Sigin, útflattur túngarður sést vestast á skráningarsvæðinu. Túngarðurinn sést einnig sunnan Skagabrautar en ekki var horft til þess hluta í þessari skráningu. Túngarðurinn sést liggja til ANA sunnan við Hólavöll, liggur að Skagahól GK-078:013 og áfram til austurs að húsinu Grund. Þar hverfur hann vegna jarðrasks

en aftur er hægt að greina hann austan við Grund á smá kafla, áður en hann hverfur aftur. Þessi túngarður tengdist að öllum líkndum túngarði GK-078:010 en tengslin á milli þeirra eru horfinn. Að öllum líkindum sést þessi garður á uppdrætti Brynjúlfs Jónssonar af akurreitum frá upphafi 20. aldar. Hér er um einn elsta garð á svæðinu að ræða. Á Skipulagsuppdrætti frá 1954 sést hann sem hækkun í landslagi til vesturs frá Hólavelli.
Slétt, gróin tún sem nýtt eru til beitar og sláttar. Til vesturs er smáþýft tún.
Garðurinn er forn og myndar gróinn hrygg í túnum. Hann er 4-6 m á breidd, grasivaxinn og 0,2-0,3 m á hæð. Hliðar hans eru aflíðandi og hvergi glittir í grjót. Garðurinn er varðveittur í fjórum hlutum. Túngarðurinn er rofinn við heimreið að Hólavöllum og hið sama má segja við Grund, þar hvefur hann við heimreið. Á því svæði er mikið jarðrask vegna bygginga. Garðurinn sést aftur fyrir austan Grund en þar er jafnframt búið að gera "veg" eða annað garðlag við hlið þessa og ýkir það umfang þessa garðs. Í heildina er hægt að rekja garðlagið á 230 m löngum kafla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst GK-080:105, horft til ANA.



Garðlag GK-080:106, horft til vesturs.

GK-080:107 dæld óþekkt A 320856 N 402416



Dæld GK-080:107, horft til austurs.

Dálítil hólmyndun er í túni Móakots 023 og í henni er nokkuð afgerandi dæld sem er 30 m austan við Móakot 023 og 300 m VNV við bæ 001. Líklega eru hér leifar af útihúsi eða kálgarði.
Minjarnar eru í sléttu, flatlendu túni.
Dældin er hringlaga, um 3 m í þvermál og 0,2 m djúp.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:108 gerði kálgarður
A 320426 N 402625
Ungir kálgarðar eru sunnan við eitt af garðlögum 111 og fast ASA við húsgrunn 055.
Gróið flatlendi á lóð húss sem ber nafnið Grund og er byggt á bæjarstæði Blómsturvalla 058.
Kálgarðar eru á svæði sem er 20x9,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Í kálgarðinum eru fjögur beð og er



Kálgarður GK-080:108, horft til VNV.

hann afmarkarður af óverulegum torfhleðslum. Óræktarsvæði er ASA við kálgarðinn sem ber þess merki að þar hafi einnig verið matjurtarækt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:109 gerði óþekkt A 321258 N 402203

Tvö sigin gerði eru tæpum 20 m norðan við Hellukot 027 og fast vestan við túngarð GK-088:014. Það var líklega sambyggt túngarði GK-088:014 en tengslin á milli þeirra eru rofin, túngarðurinn hefur verið endurhlaðinn í gegnum tíðina. Ekki er vitað hvaða tilgangi gerðin þjónuðu, mögulega voru þetta réttir, kvíar eða kálgarðar. Einnig gæti þetta verið ummerki um skiptingu innan heimatúnsins, eldri en þá sem sést á túnakorti. Það er líklegast, gerðin eru mjög útflött og sigin.



Gerði GK-080:109, horft til norðvesturs.

Gerðin er á sinuvöxnu svæði fast vestan við túngarðinn. Slétt tún taka við að austan, vestan, sunnan og norðan.
Gerðin eru á svæði sem er 40x30 m að stærð og snýr norður-suður. Syðst er L-laga veggur sem myndar 90°horn vestan við túngarð 088:014, gerði 1. Það er 17x17 m að stærð, 3-4 m á breidd og 0,3 m á hæð. Það er opið til suðurs, að Hellukoti. Veggirnir mynda gróna hryggi í túninu. Gerði 2 er við norðvesturhorn gerðis 1. Það er mun umfangsminna og U-laga. Það er 9,5x7,4 m á stærð og opnast til austurs. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og 2,5 m á breidd. Fyrir norðan þessi tvö gerði mótar fyrir öðru hólfi, það er afar óljóst og einungis innri brún þess er greinileg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:110 þúst A 321206 N 402515

Lítil og vel afmörkuð þúst er í túni fast VSV við tóft 007.
Túnið er flatlent og slétt. Lagnaskurður fyrir skolplögn er við norðvestur jaðar þústarinnar.
Þústin er 4,7x4,2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,3-0,4 m á hæð og er lítillega kúpt að ofan. Þústin er vaxin grasi (sinu) og mosa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst GK-080:110, horft til norðvesturs.



Garðlag GK-080:111, horft til norðausturs.

GK-080:111 garðlag kálgarður
A 320500 N 402559

Fast austan afgirts garðs íbúðarhúss Sjávargötu [GK-080:054] og um 15 m norðan Skagabrautar eru útflött garðlög í túni.
Í sléttuðu beitartúni.
Garðlög afmarka svæði sem er um 48 x 40 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur, og myndar tvö samföst hólf. Garðlagið er mjög útflatt, mest um 5,5 m að breidd og um 0,20 m að hæð. Vestur hluti

garðlaganna hverfur við íbúðarhús Sjávargötu [GK-080:054]. Ekki er að sjá steina í garðlögunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:112 þúst óþekkt A 320481 N 402560



Þúst GK-080:112, horft til vesturs.

Þúst er utan við garðlag 111 að sunnan. Hún er um 15 m norður af Skagabraut og um 30 m austan af Sjávargötu 054.
Í sléttuðu beitartúni.
Illgreinanleg þúst er utan við garðlagið að sunnan. Þústin er um 6 x 5 m að stærð, nokkurnvegin hringlaga og um 0,2 m hærri en umhverfi sitt. Dæld innan þústarinnar er um 3 x 2,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og er um 0,1 m lægri en umhverfið utan þústarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:113 þúst óþekkt A 320514 N 402550



Þúst GK-080:113, horft til austurs.

Um 20 m norður af Skagabraut og um 80 m suðvestur af Lýsisbræðslu GK-078:017 er þúst.
Í sléttuðu beitartúni.
Þústin er um 6,5 x 5 m að utanmáli, snýr austur-vestur og er um 0,2 m hærri en umhverfi sitt. Í þústinni er dæld, um 1,5 x 1 m að stærð, snýr austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:114 garðlag túngarður A 321246 N 402295



Kálgarður GK-080:114, horft til norðurs.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá túngarður til suðausturs frá kálgarði 006 og endaði við túngarð GK-088:014. Þessi túngarður er ekki með þeim elstu á svæðinu, hann liggur yfir garðlög 155. Hann er raskaður til norðurs, þar er kirkjugarðurinn fast til norðurs.
Slétt, ræktað tún.
Túngarðurinn er um 80 m á lengd og var þvergarður innan heimatús Útskála og nærliggjandi jarða. Hann er 2-2,5 m á beidd og 0,3-0,4 m á hæð. Hann er algróinn og vírgirðing er eftir honum endilögnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Stúdentakort 1954.

GK-080:115 garðlag túngarður A 320827 N 402511

Á túnakorti frá 1919 er merktur túngarður um Nýlendu 048. Aðeins sést móta fyrir túngarðinum til austurs,

þar sem hann er um 20 m vestan við Akurhúsaveg og nokkurnvegin samsíða honum.
Í sléttuðu, slegnu túni.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 100 x 100 m og snýr norðaustur-suðvestur. Til austurs sést túngarðurinn þar sem kálgarðar 049 eru byggðir utan í hann. Norðan kálgarðanna er túngarðurinn illgreinanlegur á um 61 m löngum kafla þar sem hann er um 5 m að breidd, mjög útflattur og ekki meira en 0,3 m hærri en umhverfi sitt. Þar sem kálgarðarnir eru byggðir utan í túngarðinn er hann mun hærri, um 1,25 m að hæð mest. Til norðurs sést túngarðurinn ekki, né til suðurs þar sem Skagabraut virðist liggja ofan á honum. Til vesturs sést túngarðurinn að hluta en hefur þar verið skráður sem hluti af garðlagi 116, sem er líklega eldra í grunninn. Þvergarður er 30 m vestar, hann er 70x2 m að stærð og liggur norður-suður. Hann liggur til norðurs frá túngarði 116.



Túngarður GK-080:115, horft til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:116 garðlag kálgarður A 320757 N 402480

Kálgarðar, tvö sambyggð hólf, eru merktir inn á túnakort frá 1919 austan Nýlendu 048. Fast austan heimkeyrslu að Nýlendu 048 um 10 m norðan Skagabrautar.
Í sléttuðu, slegnu túni.
Garðlögin afmarka svæði sem er um 96 x 65 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þau eru mest um 9 m að breidd, en yfirleitt um 3,5 m. Til vesturs virðist heimkeyrslan að íbúðarhúsi Nýlendu liggja yfir garðlaginu. Til austurs hverfur garðlagið í túnið. Syðra garðlagið er hæst um 0,10 m og hverfur í túnið til austurs. Nyrðra garðlagið er mun greinilegar, hæst um 0,30 m en mjög útflatt. Nyrðra garðlagið liggur lengra til austurs en sýnt er á túnakorti og liggur saman við garðlag milli hólfa í kálgarði 115.



Kálgarður GK-080:116, horft til suðausturs.

Líklega liggur Skagabraut yfir suður útvegg kálgarðsins. Ekki er að sjá steina í hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:117 heimild um útihús
A 321189 N 402107
Samkæmt túnakorti frá 1919 var útihús syðst í heimatúni Útskála og aðligjandi bæja. Útihúsið er horfið, þar er nú hús við Skagabraut 24.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:118 þúst útihús
A 321257 N 402478
Mjög ógreinileg og útflött þúst er í flatlendu sléttuðu túni um 100 m norðaustan við bæ 001 og 45 m


Þúst GK-080:118, horft til suðausturs.

suðvestan við fjárskýli 099.
Þústin er hringlaga, um 8 m í þvermál og 0,1 m á hæð. Helst kemur til greina að hér hafi verið útihús sem sléttað hefur verið í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:119 garðlag óþekkt A 321181 N 402470




Garðlag GK-080:119, horft til norðvesturs.

Nokkuð afgerandi útflatt garðlag er í sléttuðu og flatlendu túni sem enn er slegið. Það er um 10 m norðvestan við þúst 039 og 34 m norðan við bæ 001. Lagnaskurður fyrir skolplögn hefur verið grafinn í gegnum garðlagið.
Garðurinn liggur í L og vísar horn þess út til norðurs. Frá horninu er garðurinn 54 m langur til suðvesturs og stefnir á túngarð GK-082:006. Frá horni til suðausturs er garðurinn 40 m langur. Hann er 6 m á breidd 0,1-0,2 m á hæð. Innri brúnir hans eru skýrari en þær ytri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:120 tóft óþekkt A 321301 N 402493
Sigin og ógreinileg tóft er í túni fast suðaustan við fjárskýli 099 og 140 m norðaustan við bæ 001. Hlutverk hennar er ekki þekkt en líklegt er að hún sé leifar af útihúsi.
Tóftin er nyrst í túni Útskála, á þýfðu svæði sem ekki er lengur slegið.
Tóftin er algróin og virðist að mestu torfhlaðin. Hún er einföld, er 5,5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést op á tóftinni sem virðist lítillega niðurgrafin. Veggir hennar eru aðeins 0,1-0,2 m á hæð og er austurveggurinn mjög ógreinilegur. Mjótt viðarprik stendur upp úr norðausturhorni tóftarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft GK-080:120, horft til vesturs.



Tóft GK-080:120 er neðar á myndinni.

GK-080:121 heimild A 320099 N 402871
Á ljósmynd á heimasíðunni Sarpur.is er mynd af Garðskaga 062 frá árunum 1935-1945. Þar sést rafstöð norðaustan við bæinn sem nú er horfin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=684962

GK-080:122 heimild um útihús A 320092 N 402856
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús 15 m austan við Garðskaga 062. Það er horfið, núverandi

íbúðarhús (vitavarðarhús) var byggt þar.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:123 heimild um útihús A 320088 N 402865
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 3 m norðan við útihús 122, fast austan við kálgarð 125.
Engin ummerki um þrónna sjást á yfirborði. Þarna eru nú gróið svæði norðan við íbúðarhúsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:124 heimild um útihús A 320100 N 402860
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 2,5 m austan við útihús 122 og tæðum 20 m austan við bæ 062. Það var fast norðan við vitavarðarhúsið og er horfið.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:125 heimild um kálgarð A 320078 N 402857
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður austan við bæ 062, á milli hans og útihúss 122.Hann er horfin.
Gróið svæði vestan við íbúðarhús.
Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:126 garðlag kartöflugarður A 320220 N 402787
Kartöflugarður frá seinni hluta 20. aldar er norðan við útihús 077 í landi Hólavalla. Kartöflugarðurinn var í notkun árið 199 og líklega er ekki langt síðan hann var nýttur. Í norðausturhorni hans er lítið hólf og annað er á miðjum vesturvegg. Kálgarðurinn er yfir akurgerðum 035 að hluta.
Gróið tún.
Kárgarðurinn er 64x20 m að stærð og snýr norður-suður. Hús eru við suðurenda hans og ekki er ljóst hvort að veggur var nokkurn tíma þar. Veggirnir eru grónir og vírgirðing er á hluta þeirra. Þeir eru 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Hvergi glittir í grjót.


Kálgarður GK-080:126, horft til austurs.

GK-080:127 gerði kálgarður A 320048 N 402844
Kálgarður er sýndur fast sunnan við bæ 062 á túnakroti frá 1919. Vesturhluti hans er enn varðveittur.
Slétt, grasivaxið svæði.
Frá suðvesturhorni bæjar 062 mótar fyrir garðlagi sem liggur til suðurs og sveigir til austurs. Þetta er vesturendi kálgarðsins á túnakortinu. Kálgarðurinn er 35x23 m að stærð og myndar 90°horn. Að norðan afmarkast kálgarðurinn af af kanti sem er 0,4 m á hæð. Hann er hæstur um 0,8 m, veggirnir sjást annars vel. Þeir eru 2,5-3 m á breidd og algrónir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; ÁE



Kálgarður GK-080:127, horft til austurs.



Mannvirki GK-080:128, horft til austurs.

GK-080:128 mannvirki útihús A 320022 N 402898
Steyptur sökkull er rúmum 50 m norðvestan við Garðskaga 062. Þetta var útihús frá þeim bæ sé tekið mið af staðsetningu þess.
Slétt, smáþýft tún.
Sökkullinn er 3,2x3,2 m að stærð og steyptur. Hann er 0,2 m á hæð en ekki er vitað hvaða tilgangi húsið þjónaði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:129 heimild um túngarð A 320135 N 402772
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var túngarður umhverfis tún Garðskaga 062. Hann er horfinn.
Gróið smáþýft tún.
Enin ummerki um túngarðinn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:130 gerði kálgarður A 320181 N 402765



Kálgarður GK-080:130 horft til norðvesturs.

Ungir kálgarðar eru við býlið Hólavöll, þeir eru ekki sýndir á túnakorti né skipulagsuppdrætti frá 1954. Kálgarðarnir eru enn í notkun. Norðan við kálgarðana er nýlegur hænsnakofi.
Gróið, smáþýft svæði.
Kálgarðurinn er 30x11 m að stærð og snýr norður-suður. Það má greina 4-5 afmökuð hólf innan hans, bæði eru lágir gróðurbakkar á milli þeirra meðan önnur eru niðurgrafin.
Hættumat: hætta

GK-080:131 heimild um traðir A 320289 N 402663
Traðir að Blómsturvöllum 058 eru sýndar á túnakorti frá 1919. Þær lágu til suðurs frá bænum, í gegnum kálgarð 132.
Gróið, ræktað svæði norðan við Skagabraut.
Engin ummerki um traðirnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:132 gerði kálgarður A 320270 N 402648

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við Blómsturvelli 058 á túnakorti frá 1919. Hann skiptist í sex hólf, hluti af einu þeirra sést enn. Hin eru horfin vegna sléttunar.
Slétt, ræktað tún.
Hólfið sem enn sést er 25x21 m að stærð og u-laga. Það er opið til vesturs og vegur að Blómsturvöllum raskaði því líklega þar. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og 2,5 m á breidd. Þeir eru algrónir. Kálgarðarnir náðu lengra til suðurs en þar er rask vegna veglagningar til allra átta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Kálgarður GK-080:132, horft til NNV.

GK-080:133 heimild um útihús A 320278 N 402696

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stakstætt útihús vestan við Blómsturvelli 058. Ekki er vitað hver tilgangur þess var og húsið er hofið. Það var 3 m vestan við Blómsturvelli 058.
Malarplan vestan við Blómsturvelli.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:134 heimild um útihús A 320385 N 402649

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 25 m norðvestan við Fögruvelli 055. Hún er innan túns sem tilheyrði þeim bæ en engin ummerki hennar sjást lengur, þarna er bakgarður Efra-Hofs nú.
Gróinn bakgarður með lágreistum gróðri.
Engin ummerki um þrónna sjást á yfirborði.
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:135 heimild um kálgarð A 320406 N 402618


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunan við Fögruvelli 055 og vestan við kálgarð 108. Hann er horfinn af yfirborði.
Gróið svæði.
Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:136 garðlag túngarður A 321261 N 402258

Sigið garðlag, líklega túngarður, sést fast suðvestan við bæjarhól 071. Þvergarðar liggja frá þeim hól að garðlaginu sem líklega er fornt. T.d. liggur túngarður 114 þvert yfir þessar minjar og er klárlega mun yngri. Túngarðurinn lá að túngarði GK-088:014 sem er að öllum líkindum forn í grunninn. Túngarðurinn er um 90 m suðaustan við bæ 001.
Túngarðurinn er í sléttu túni og myndar græna “eyju” þar. Hann sést ekki fyrr en staðið er uppi á honum. Minjarnar eru á svæði sem er 45x25 og snýr norðvestur - suðaustur.Túngarðurinn er 45 m að lengd og er bogadreginn. Hann liggur í sveig til norðvesturs frá túngarði 088:014 og fjarar út á móts við býli 071, nokkuð vestan við túngarð 114. Það mótar fyrir tveimur þvergörðum sem liggja á milli túngarðsins og enda við hól 071. Þeir eru umfangsmikilir og ástand þeirra er líkt vesturhlutanum. Brún túngarðsins er 0,2 m á hæð til vesturs en óljósari til austurs. Að norðan sést túngarðurinn vel sem grænn hryggur í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag GK-080:136, horft til norðurs.



Garðlag GK-080:136 og nálægar minjar.

GK-080:137 heimild um leið A 320389 N 402593

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið fast vestan við Fögruvelli, þar er enn malarvegur. Leiðin lá til norðurs frá þjóðleið, vestan við Fögruvelli og inn á svæði milli eldri og yngri heimatúna.
Malarvegur liggur enn þann dag í dag á sama stað.
Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:138 heimild um brunn A 320391 N 402597

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur skammt vestan við Sæból 052, á milli þess og leiðar 137.
Gróið svæði, nýtt sem bakgarður.
Engi ummerki um brunninn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:139 heimild um traðir A 320454 N 402609

Traðir lágu milli heimatúna Fögruvalla 055 og Sjávargötu 054. Þær er sýndar á túnakorti frá 1919. Þær lágu til norðurs frá þjóðleið og enduðu við við tún sem tilheyrði Sæbóli 052. Malarvegur er enn á sama stað.
Malarvegur með grónum bakgörðum til austurs og vesturs.
Engin ummerki um traðirnar sjást á yfirbroði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:140 mannvirki uppsátur A 321468 N 402440



Uppsátur GK-080:140, horft til norðausturs.

Á Skipulagsuppdrætti frá 1954 er sýnt uppsátur skammt norðvestan við Vatnagarða GK-087. Það sést enn skammt vestan við fiskihús sem reist voru um miðja síðustu öld, Oddsskúra. Uppsátrið er um 290 m norðaustan við bæ 001 og 10 m sunnan við lendingu 019.
Gróinn sjávarkampur, til suðurs er malbikaður göngustígur en sjóvarnargarður til norðurs.
Ummerki um uppsátrið sjást á svæði sem er 14x9 m að stærð og snýr ASA-VNV. Til suðurs er hlaðinn kantur, 1-1,5 m á hæð og afmkast ag hleðslu úr ávölu fjörugrjóti. Það má greina um 10 umför í honum.

Kanturinn lækkar eftir því sem norðar dregur. Uppi á honum eru tvö spil á steyptum undirstöðum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Stúdentakort 1954.

GK-080:141 kantur túngarður A 321215 N 402171
Á túnakorti sést túngarður fyrir norðan Hellukot 027. Hann er horfinn en það má greina tvo kanta í túninu, beint upp af hvor öðrum. Hér er líklega um hluta af elstu garðlögum á svæðinu að ræða. Túngarður Útskála og Miðhúsa sveigði líklega hér til vesturs og afmarkaði tún Garðhúsa GK-086. Það þarfnast þó frekari staðfestingar.
Gróið tún.
Kantarnir eru á svæði sem er 27 x 19 m að stærð og snýr austur-vestur. Kantarnir eru eins, liggja austur-vestur og sjást að sunnan. Þar má greina aflíðandi brún sem er 0,2 m á hæð. Til norðurs sjást þeir ekki. Líklega er um tvo túngarða að ræða eða að honum haf verið rutt vel út. Kanturinn er í beinu framhaldi af túngarðu GK-085:003 til suðausturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919


Kantur GK-080:141, horft til vesturs.

GK-080:142 garðlag kálgarður A 320595 N 402553
Sunnan við tún Lambastaða er garðlag. Það er líklega hluti af kálgarði sem var þar líkt og tíðkast á svæðinu. Það er um 50 m sunnan við núverandi íbúparhús Lambastaða.
Garðlagið er tæpega 40 m að lengd, 4 m á breidd og 0,5 m á hæð. Það er algróið og á Skipulagsuppdrætti frá 1954 sést móta fyrir því sem hæðalínu á korti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:143 heimild um útihús A 320752 N 402495
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 12 m vestan við Nýlendu 048. Stærra hús er komið þar á skipulagsuppdrætti frá 1954. Þarna er nú bílskúr Nýlendu 048.
Engin ummerki um þrónna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919; Stúdentakort 1954.

GK-080:144 heimild um kálgarð A 320730 N 402513
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður vestan við bæjahús Nýlendu 048. Hann er horfinn.
Slétt, ræktað tún er á þessu svæði.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:145 garðlag túngarður A 321172 N 402149
Sigið garðlag sést liggja til suðvesturs frá garðlagi 146. Það myndar 90°horn og hvefur við hús við Skagabraut 24. Á einhverjum tímapunkti hafa girðingarstaurar verið steyptir ofan í garðinn, þeir sjást enn á nokkrum stöðum.
Slétt, ræktað tún.
Gaðlagið er 25x18 m að stærð og 0,2 m á hæð. Það sér móta fyrir vesturbrúninni norðan við garðlag 146. Ummerkin eru lítið annað en óljós kantur. Það er 2-3 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag GK-080:145, horft til suðvesturs.



Garðlag GK-080:146, horft til vesturs.

GK-080:146 garðlag túngarður A 321165 N 402162
Sigið garðlag sést liggja á milli húsa við Skagabraut 24 og Garðhúsa. Það er glittir í járnstöpla á tveimur stöðum, líklega eftir yngri girðingu. Þetta er að öllum líkindum fornt garðlag, umfang og ástand þess gefur það til kynna.
Garðlagið er 45x17 m að stærð og L-laga. Það liggur austur-vestur og sveigir svo til norðurs. Það er líklega hluti af sama garðakerfi og garðlög 109 og 145 en öll tengsl á milli þeirra eru hofin. Það er 0,3 m á hæð, algróið og 5 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:147 hús bústaður A 321178 N 402365
Húsið á Útskálum var byggt árið 1890. Nánar er fjallað um húsið í Húsakönnun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

GK-080:148 garðlag túngarður A 321359 N 402367



Garðlag GK-080:148, horft til austurs.

Garðlag sést liggja til vesturs frá Útkálasíki og endar við kirkjugarð 002. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1919 en kálgarður 012 er fast noran hans.
Slétt, ræktað tún sem nýtt er til beitar. Hluti túnsins er deiglendur.
Túngarðurinn er 80 m að lengd og liggur austurvestur. Hann er 0,2-0,3 m á hæð og 3,5-4 m á breidd. Hann er algróinn og myndar hrygg í túninu. Það glittir í staka steina í austurenda.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:149 garðlag kálgarður A 321329 N 402417
Óljóst garðlag sést fast vestan við kálgarð 012 og norðan við túngarð 148. Sé tekið mið af staðsetningu og legu þess er þetta hluti af kálgarðsvegg. Vírgirðing liggur þvert yfir austurenda.
Slétt, ræktað tún sem nýtt er til beitar. Hluti túnsins er deiglendur.
Túngarðurinn er L-laga og einna greinilegastur til norðurs. Hann liggur um 45 m til norðurs og sveigir svo til austurs, að kálgarði 012. Hann er algróinn, 0,1-0,2 m á hæð og 2 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst GK-080:150, horft til ANA.



Garðlag GK-080:149, horft til norðurs.

GK-080:150 þúst útihús A 321364 N 402448
Þúst er um 160 m norðaustan við bæ 001 og 25 m norðan við kálgarð 012 skammt vestan við Útskálasíki. Sé tekið mið af staðsetningu er líklegla um útihús að ræða.
Slétt, ræktað tún.
Þústin er 9x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,2-0,3 m á hæð, algróin og hliðar hennar eru aflíðandi. Það glittir í grjót hér og þar í gegnum svörð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-080:151 þúst útihús A 321304 N 402286
Þúst eða lítill rústahóll er á milli bæjarhóla 071 og 072.
Hóllinn er í sléttu túni.
Hóllinn er 8,5x6 m að stærð og 0,5-0,7 m á hæð. Hliðar hans eru brattar og greinilegt að mannvist er hér undir sverði. Það glittir hvergi í grjót í gegnum svörð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst GK-080:151, horft til austurs.

GK-080:152 tóft útihús A 321323 N 402257
Tóft er um 150 m sunnan við býli 072 og 140 m suðasutan við bæ 001. Hún er í grónu túni skammt norðan við túngarð GK-088:014.
Tóftin er í sléttu túni.
Tóftin er um 7 m í þvermál og nánast hringlaga. Það mótar fyrir dæld inni í henni og er hún 0,1-0,2 m á dýpt. Að utan eru veggirnir afar sigir og vert sjáanlegir, þeir sjást best að innan til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Tóft GK-080:152, horft til suðausturs.

GK-080:154 hús kirkja
A 321229 N 402392
Kirkjan á Útskálum er byggð 1861. Nánar er fjallað um hana í Húsakönnun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

GK-081 Lónshús





1703 og 1847, hjáleiga frá Útskálum.
1703: "Fóðrast kann i kýr naumlega .... Fjörugrasa og sölva og þángtekja til eldiviðar hafa báðir þessir menn nægilegt." JÁM III, 80.
1919: tún 2 teigar, kálgarðar 1030 fm.

GK-081:001 *Lónshús* heimild um bústað A 320852 N 402658
Í Jarðabók Árna og Páls segir 1703 segir: «Lonshus, fyrsta hjáleiga...Fóðrast kann i kýr naumlega....» Þá var tvíbýlt á bænum. Í athugasemdum á túnakorti frá 1919 segir: «Þar er gróið yfir nokkuð af rústum Lónshúsabæjar, sem var fluttur á túnið fyrir rúmum 30 árum (að sögn). Var þó lengi áður varinn bærinn með sjógarði. Nú mun sjógarðsmyndin nærri miðju bæjastæðinu gamla, og ofan á því - Grefur undan.»
Gamla bæjarstæðið er merkt, á túnakort frá 1919, um 50 m VNV við nýrra bæjarstæðið 002.
Þar sem bærinn stóð er nú malarplan við fiskvinnsluhús (byggt 1973).
Engin ummerki eldri bæjarhólsins sjást nú. Vilhelm Guðmundsson heimildmaður sagði frá því að grafið hafi verið frystihúsinu árið 1973. Hann minntist þess ekki að neinar minjar hafi komið í ljós við það verk. Hugsanlega hefur sjórinn þá þegar verið búinn að éta burt mannvistarlögin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 80; Túnakort 1919

GK-081:002 *Lónshús* bæjarhóll bústaður A 320890 N 402636
Yngra bæjarstæði Lónshúsa, frá um 1890, er merkt um 50 m ASA við 001 á túnakort frá 1919. Þar eru merkt fjögur sambyggð hús, eitt um 20 m vestar og tvö sambyggð um 20 m norðar. Þar sem bærinn stóð stendur nú steinsteypt hús, gamla íbúðarhúsið í Lónshúsum. Húsið stendur fast sunnan við sjóvarnargarðinn. Það er ekki með kjallara.
Sunnan við húsið er steynsteypt plan og þá slétt tún. Húsið stendur á hól sem er um 30x26 m stór og snýr austur-vestur. Austan og norðan við það, í austur og norðurmörkum hólsins er garðlag og í norðvesturhorni hans er gróðurhrúgald með miklu grjóti í. Hóllinn og garðlagið eru saman um 1,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Lónshús GK-081:002, horft til austurs.

GK-081:003 heimild um útihús A 320929 N 402632
Útihús er merkt um 20 m austan við yngra bæjarstæði 002 á túnakort frá 1919 fast vestan í reit sem merktur er "fiskimalir". Húsið hefur líklega verið hjallur eða trönur sem tengist notkun malanna við fiskþurrkun. Húsið hefur staðið við vesturenda fiskvinnsluhúss (byggt um 1965) sem nú stendur um 20 m austan við Lónshús 002.
Slétt tún er umhverfis húsið.
Engin ummerki útihússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-081:004 heimild um útihús A 320970 N 402611
Útihús er merkt í norðvesturhorni túns Lónshúsa, sunnan við Akurhúsavör GK-082:007 og vestan við útihús og malir í landi Akurhúsa GK-082:005. Tvö spil eru merkt um 5 m suðaustan við útihúsið. Þau hafa verið notuð til að draga báta á land við Akurhúsavör. Útihúsið hefur staðið fast norðan við þar sem nú stendur bárujárnsklædd skemma.
Norðan við húsið er steinsteyptur grunnur sem samkvæmt heimildamönnum Magnúsi Gíslasyni og Vilhelm Guðmundssyni er af fiskhúsinu hans Láka (sem stóð þar um 1940). Umhverfis hann er sinuvaxið svæði milli skemmu og sjóvarnargarðs.

Engin ummerki eldri húsa sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-081:005 heimild um varnargarð A 320937 N 402643
Sjógarður er merktur meðfram norðurhlið túnsins á túnakort frá 1919. Samkvæmt athugasemd á kortinu hafði sjógarðurinn þá verið færður upp á eldra bæjarstæðið 001. Engin ummerki sjógarðsins sjást nú. Hann hefur verið um það bil þar sem núverandi sjóvarnargarður er. Varnargarðurinn hefur hugsanlega tengst varnargarði GK-079:009 áður fyrr en samkvæmt túnakorti frá 1919 var sjóvarnargarðurinn tvískipur þar sem enginn garður var fyrir bæjarhól Lambastaða 078:002.
Sunnan við sjóvarnargarðinn er sinuvaxið svæði að fiskvinnsluhúsunum sem nú standa í landi Lónshúsa. Hvergi sér til garðsins á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-081:006 *Miðvör* hleðsla lending A 320960 N 402685
'Vör' er merkt á túnakorti 1919 utan við norðausturhorn túnsins. "Inn úr Lóninu [080:020] var Miðvör og Akurhúsavör [082:007]," segir í örnefnalýsingu. Miðvör er um 40 m austan við Lónið 080:020 og um 25 m austan við Akurhúsavör 082:007.
Lendingin sést greinilega á fjöru, þar er rutt svæði í stórgrýti
Vörin sést vel., Á svæði sem er um 33 x 7 m að stærð sést vel hvar grjóti hefur verið rutt í burtu og sandur safnast í staðinn. Vörin snýr NNA-SSV.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Nýlenda, 1



Miðvör GK-080:006, horft til NNV.

GK-081:007 heimild um kálgarð A 320803 N 402681
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður í norðvesturhorni túnsins. Kálgarðurinn var fast austan við túngarð Lambastaða 078:010.
Þar er nú óræktað tún milli túngarðs og fiskvinnsluhúss (byggt 1973).
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-081:008 heimild um kálgarð A 320825 N 402673
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 10 m austan við kálgarð 007, fast sunnan við bæ 001. Þar sem kálgarðurinn var er nú fiskvinnsluhús (byggt 1975).
Sunnan við fiskvinnsluhúsið er steinsteypt plan og þá tún.
Engin ummerki kálgarðsins sjást vegna byggingarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-081:009 garðlag túngarður A 320777 N 402628
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var túngarður umhverfis túnið í Lónshúsum. Enn sér fyrir túngarðinum á tveimur stöðum sunnan við bæin.
Túngarðurinn liggur um óræktað tún.
Alls ná túngarðsbútarnir afmarka svæði sem er um 160x70 m og snýr NNA-SSV. Enn sér fyrir túngarðinum þar sem hann liggur út frá túngarði Lambastaða 078:010 um 25 m til suðausturs þar til



Kálgarður GK-081:009, horft til suðurs.

hann hverfur í túnið. Þá sést aftur til hans þar sem Akurhúsavegur greinist, annarsvegar að Lónshúsum og hinsvegar að Akurhúsum II. Þar er hann um 40 m langur í stefnu VNV-ASA. Túngarðurinn er um 0,4 m hár þar sem hann liggur frá túngarði Lambastaða og þar sér vel í grjót í honum. Þar sem hann liggur milli vegakaflanna er hann öllu hærri eða um 1 m hár. Þar er hann aflíðandi inn að túninu, til norðurs en nær lóðréttur að sunnan. Þar sér vel í grjót í garðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-081:010 gerði kálgarður A 320822 N 402569



Kálgarður GK-080:010, horft til vesturs.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður þvert á túngarð 009 í suðurhlið túnsins. Um 100 m SSV við bæ 001 er ferhyrnt gerði fast sunnan við túngarð 009 sem myndar norðurhlið þess, hér er um sama kálgarð að ræða. Gerðið liggur umhverfis íbúðarhúsið Skuld sem var reist í suðurhluta kálgarðsins.
Gerðið er í sléttuðu en óræktuðu túni.
Árið 2007 var kálgarðinum lýst svohljóðandi: „Gerðið er um 30x40 m stórt og snýr austur-vestur. Veggir þess eru um 0,8 m háir og um 0,5 m breiðir. Hér og þar sér í grjót í þeim.“ Árið 2019 þegar skáningin var endurskoðuð var vesturhorn gerðisins horfið og suðurveggur þess einnig, þar sem íbúðarhúsið er. Líklegt er að garðurinn, líkt og hann er nú (2019) sé að einhverju eða öllu leiti yngri en sá sem skráður er á túnakorti frá 1919 og hafi verið stækkaður vegna íbúðarhússins Skuld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-081:011 heimild um leið A 320789 N 402610
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá bæ 002 til suðvesturs að hliði á túngarði 009.
Þar sem leiðin lá er nú sléttað og óræktað tún.
Engin ummerki leiðarinnar sjást í túninu en líklegt er að hliðið á túngarðinum hafi verið þar sem garðlagið endar um 25 m suðaustan við Lambastaðatúngarð 078:010.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-081:012 *Lónshúsabrunnur* brunnur brunnur A 32848 N 402597
Um 50 m suðvestur af Lónshúsum 081:002 og um 1 m austan malarvegar að fiskvinnsluhúsi á bæjarhól 00,1 er steinsteyptur brunnur. Hann er merktur með skilti.
Gróið, óræktað svæði.
Umverfis Lónshúsabrunn er steinsteyptur kantur, um 2 x 1,8 m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur.
Brunninum er lokað með spónaplötu og ekki sést þar niður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-081:013 heimild um uppsátur
A 320975 N 402618
Á túnakorti frá 1919 eru merkt tvö bátaspil við útihús 004 og beint sunnan við vör 007. Þar yfir er nú fiskvinnsluhús.
Engin ummerki um uppsátrið sjást á yfirborði
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919




Lónshúsabrunnur GK-081:012, horft til norðausturs.

GK-081:014 heimild um útihús A 320909 N 402648
Stakstætt útihús er sýnt 4 m norðan við bæ 002 á túnakorti fá 1919. Útihúsið er einnig sýnt á skipulagsuppdrætti frá 1954. Útihúsið er horfið.
Þar sem útihúsið var er malbikaður göngustígur og sjóvararnargarður.
Engin ummerki um úthúsið sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Stúdentakort 1954.

GK-081:015 *Lónshús* hús
Íbúðarhúsið í Lónshúsum er byggt 1906. Nánar er fjallað um það í Húsakönnun.

GK-082 Akurhús





1703 og 1847, hjáleiga frá Útskálum.
1703: “Fóðrast kann i kýr viðsæmilega. ... Fjörugrasa, sölva og eldiviðartekja af fjöruþángi nægileg.” JÁM III, 80.
1919: Tún (a) 96 ha, garðar 770 m2. Tún (b) 1 ha, garðar 880 m2.

GK-082:001 *Akurhús* bæjarhóll bústaður A 320985 N 402519



Akurhús GK-082:001, horft til norðausturs.

Akurhús voru samkvæmt túnakorti frá 1919 rúma 200 m norðvestur af Útskálabænum 080:001. Á kortinu sést að bæjarröðin samanstendur af mörgum húsum sem hefur legið hér um bil frá austri til vesturs. Núverandi íbúðarhús í Akurhúsum II (byggt 1932) er í norðausturhorni bæjarhólsins (sjá 002). Hann er um 240 m norðvestur af bæjarhól Útskála 080:001.“ Skráningin frá 2007 var endurskoðuð þegar deiliskráning var unnin á svæðinu árið 2019.
Heimreið að Akurhúsum liggur yfir bæjarhólinn. Umhverfis hann er slétt tún en þó er lág hólmyndun fast SSV við hann þar sem jarðvegi og byggingarefni hefur verið ýtt út. Líklega eru það leifar af byggingum á bæjarhólnum.
Bæjarhóllinn er um 70x35 m stór og snýr VNV-ASA. Hann er um 0,5 m hár og er vel gróinn. Núverandi íbúðarhús stendur í norðausturhluta hans. Það var byggt 1932 en byggt hefur verið við það síðan. Húsið er tvílyft með kjallara. Bæjarhólnum hefur augljóslega verið raskað við byggingu hússins og þegar eldri byggingarleifum var ýtt fram af hólnum til suðurs. Aftan við íbúðarhúsið er grunn lægð ofan í bæjarhólinn þar sem ótilgreind bygging hefur staðið. Lægðin er 2,5x2 m að innanmáli og snýr eins og bæjarhóll. Hún er 0,2 m djúp.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-082:002 heimild um bústað A 320999 N 402514
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hús með lítilli viðbyggingu fast austan við bæjarröðina 001, austast á bæjarhólnum. Þar sem húsið var stendur nú íbúðarhúsið í Akurbrekku II (byggt 1932). Skráningin var endurskoðuð árið 2019 þegar unnin var deiliskráning á svæðinu. Húsið á túnakortinu var upphaflega skráð sem útihús en líklegra er að það hafi verið íbúðarhús sem tekið hefur við af torfbænum vestar á bæjarhólnum. Á túnakortinu er gerður greinarmunur á grjóthlöðnum húsum og timburhúsum. Húsið sem hér er skráð var timburhús, mögulega með bíslagi í viðbyggingu.
Vestan við íbúðarhúsið er bæjarhóllinn 001 en tún í aðrar áttir.
Engin ummerki hússins sjást vegna bygginga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-082:003 heimild um útihús A 320939 N 402512
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 40 m vestur af bæ 001. Íbúðarhúsið í Akurhúsum I stendur nú þar sem útihúsið var. Það er nýuppgert og stendur á litlum hól sem er í suðvesturhorni bæjarhólsins 001.
Norðan og vestan við húsið er heimreið en slétt tún í aðrar áttir.
Hóllinn er um 12x8 m stór og snýr norður-suður. Hann er um 0,4 m hár. Um 10 m sunnan við húsið er upprót þar sem skín í steinsteypu og grjót en engin skýr ummerki eldri húsa eru á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-082:004 tóft útihús A 320917 N 402486



Tóft GK-082:004, horft til vesturs.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 30 m suðvestur af útihúsi 003. Þegar fornleifaskráning fór fram árið 2007 fundust ekki ummerki um þróna. Aftur var farið á vettvang þegar unnin var deiliskráning á svæðinu 2019. Þá var skráð allstór en sigin tóft í túni Akurhúsa, líklega ummerki um þrónna.
Tóftin er í túni en talsverðar ójöfnur eru norðan við hana og austan við hana. Túnið er ekki lengur slegið. Tóftin er einföld, er 11x9 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki er hægt að greina vegg á VNV-hlið og fornlegur og siginn garður 014 myndar að hluta SSV-vegg en hann liggur til suðurs frá tóftinni. Mögulega er tóftin byggð ofan í garðinn en framhald garðsins sést ekki norðan við tóftina. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,3 m á hæð utanmáls.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-082:005 mannvirki skemma A 320985 N 402628



Minjar GK-082:005, horft til norðvesturs.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru þrjú sambyggð hús í norðvesturhorni túns, hátt í 100 m norður af bæ 001. Húsin hafa líklega verið hjallar og sjóhús. eða jafnvel trönur því fast austan við þau eru merktar “malir”. Þessar minjar voru upphaflega skráðar árið 2007 og þá var þeirra leitað í túni austan við trésmíðaverkstæði og fundust ekki. Grunnar húsanna sjást hins vegar enn og voru skráðir þegar deiliskipulag var unnið á svæðinu árið 2019. Þeir eru ýmist steytptir eða hlaðnir og eru um 40 m suðaustan við Akurhúsavör 007.
Leifar af húsunum eru á milli trésmíðaverkstæðis og göngustígs sem liggur meðfram sjóvarnargarði. Grasi gróið tún er austan við minjarnar en talsvert rask er vestan við þær í tengslum við fiskverkun sem rekin var í stóru húsi sem er í landi Lónshúsa.
Húsgrunnar og þústir eru á svæði sem er 20x12,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hver eining fær tölustaf til aðgreiningar í lýsingunni sem hefst norðaustast á grunni 005_1. Grunnurinn er úr gamalli steypu sem hefur verið blönduð með allstóru grjóti. Steypt gólfplata er yfir grunninum en aðeins sést í hana syðst fyrir gróðri sem hylur grunninn að miklu leyti. Grunnurinn er 5,7x3,2 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann stendur lítið upp úr jörðu og hefur jarðvegur verið fylltur að honum að norðanverðu þar sem búið er að leggja göngustíg. Fast sunnan við grunn 1 er þúst 005_4. Hún er 5x3,5 m að stærð og snýr einnig austur-vestur. Þústin er fremur flöt að ofan og gróin en í henni sést grjót. Hún er 0,5 m á hæð. Grunnur 005_2 er fast vestan við þúst 4 og er hann langstærstur eða 11x5 m að flatarmáli og snýr austur-vestur. Grunnurinn er steyptur og er um 1 m á hæð á suðurhlið en jarðvegi hefur verið fylltur að honum að norðanverðu. Þunn, steypt gólfplata er yfir grunninum. Hún er brotin og sést í grjót undir henni. Grunnurinn er hulinn gróðri að mestu leyti. Fast vestan við grunn 2 er svo hlaðinn grunnur 005_3 en hleðslur sjást aðeins á suðurhlið, Þar hann 0,6 m á hæð og sjást þrjú umför. Grunnurinn er um 5,3x3,3 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er fremur flatur að ofan og hefur verið fyllt að honum með jarðvegi að norðan- og vestanverðu. Vesturmörk grunnsins eru reyndar óljós vegna rasks og fyllingar og þar hefur fiskikerjum verið staflað. Að lokum er lítill steyptur stokkur 005_5 um 5 m sunnan við þúst 4 sem virðist mun yngri en minjarnar sem þegar hafa verið nefndar. Stokkurinn er niðurgrafinn og steyptur að

innan en stendur ekkert upp úr jörðu. Hann er um 1,8x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Steypan í stokknum er 0,1-0,15 m á þykkt. Stokkurinn er 0,3 m djúpur en er orðinn hálffullur af gróðri og jarðvegi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-082:006 garðlag túngarður A 321033 N 402486

Garðlag liggur frá Akurhúsum 001 í átt að Útskálum 080:001 til ASA. Tvíbýli var í Akurhúsum og skipti þessi garður túninu á milli austur- og vesturbæjar.
Garðlagið liggur í sléttu túni.
Garðlagið liggur frá bæjarhólnum 001 til ASA. Það er alls um 50 m langt og um 2 m breitt. Það er útflatt næst hólnum 001 en þó sér móta fyrir því. Það verður greinilegra sem austar dregur. Sléttað hefur verið yfir garðlagið og er það sem hryggur í túninu. Þar sem það er hæst er það um 0,5 m. Garðlag 080:104 er í framhaldi af því í túni Útskála og heldur sömu stefnu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Garðlag GK-082:006, horft til suðausturs.

GK-082:007 *Akurhúsavör* hleðsla lending A 320973 N 402669

Á túnakorti frá 1919 er merkt «Vör» í norðvesturhorni túns, norðvestan við útihús 005. «Inn úr Lóninu [080:020] var Miðvör [081:006] og Akurhúsavör,» segir í örnefnalýsingu. Akurhúsavör er um 30 m austan við Miðvör 081:006 og um 135 m norðan við bæ 001. Tvö spil eru merkt á túnakortið frá 1919 sunnan við vörina.
Lendingin sést greinilega á fjöru, þar er rutt svæði í stórgrýti. Skilti hefur verið sett upp í varnargarðinum til að merkja vörina.
Vörin sést vel á svæði sem er 11 x 46 m að stærð. Þar hefur grjóti verið rutt og sandur og sjávargróður safnast saman. Skilti hefur verið komið fyrir í varnargarðinum sunnan vararinnar sem er merkt "Akurhúsavör".
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Nýlenda, 1



Akurhúsabör GK-082:007, horft til norðurs.

GK-082:008 heimild um leið A 320965 N 402573

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir frá bæjarhúsum 001 til NNA, í átt að húsum 005 og vör 007. Nú liggur vegur frá Skagabraut að Akurhúsum, Akurhúsavegur, og áfram til norðurs að fiskvinnsluhúsum sunnan við Akurhúsavör 007. Hann er litlu vestan við slóðann sem merktur er á túnakortið. Leið þessi var fyrst skráð 2007 á sama stað og vegurinn að fiskvinnsluhúsum en þegar svæðið var deiliskráð 2019 kom í ljós að hún var litlu austar og hefur skráningunni því verið breytt.
Leiðin lá um sléttað, flatlent tún sem ekki er lengur slegið.
Engin ummerki um leiðina sjást vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-082:009 dæld kálgarður A 320906 N 402515

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður vestast í túni, milli Móhúsa 080:023 og Akurhúsa. Hann



Kálgarður GK-082:009, horft til suðvesturs.

er merktur um 10 m vestan við þró 004 og um 40 m suðvestan við bæ 001.
Þar sem kálgarðurinn var eru nú slétt tún.
Engin ummerki um kálgarðinn sáust þegar hann var skráður 2007 en þegar svæðið var deiliskráð í mars 2019 mátti greina óljós ummerki um hann í snöggslegnu túninu. Garðurinn var allstór, yfir 50 m á lengd og 13-28 m á breidd, breiðastur í suðurenda. Í norðurenda garðins má greina lágan kant meðfram langhliðum á um 35 m löngum kafla. Sunnarlega á því svæði sem kálgarðurinn náði yfir má greina útflattan þvergarð sem er 12 m á lengd og 1 m á breidd. 8 m suðaustan við hann er svo grjótþúst í túni sem kann að hafa tilheyrt garðhleðslu í kálgarðinum en er mögulega aðeins jarðlægt grjót sem ekki hefur verið hægt að fjarlægja úr túninu við sléttun. Alls sjást ummerki um kálgarðinn á svæði sem er 50x15 m að stærð og snýr NNA-SSV.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-082:010 dæld kálgarður A 320986 N 402496



Dæld GK-082:010, horft til norðausturs.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar fast sunnan við bæ 001. For (gryfja fyrir áburðarlög) og/eða salerni er merkt inni í þeim vestari.
Þar sem kálgarðarnir voru eru nú slétt tún að hluta en jarðvegi og byggingarefni af bæjarhólnum hefur verið ýtt út yfir stóran hluta þeirra og er þar lág hólmyndun.
Lítil sem engin ummerki kálgarðanna sjást lengur en þó má óljóst greina L- laga kant eða niðurgröft sunnan við bæjarhólinn sem gæti verið leifar af austari kálgarðinum. Ekki er þó útilokað að hann sé eftir yngra mannvirki. Niðurgröfturinn er 4x4 m að innanmáli og sjást brúnir hans á ASA- og SSV-hliðum. Hann er 0,1-0,2 m djúpur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-082:011 heimild um landamerki A 320918 N 402526
"Gamall grjótgarður er á merkjum, rétt vestur af Akurhúsum," segir í örnefnalýsingu. Þessi garður er í raun sami garður og afmarkaði tún Lónshúsa 081:009 en eldri skráningu frá 2007 var haldið með viðbótum þegar deiliskráning var unnin á svæðinu 2019. Leifar af garðinum sjást undir vegarslóða fast norðan við íbúðarhús Akurhúsa I þar sem útihús 003 var en svo hverfur hann undir veg sem liggur niður að sjó á milli Akurhúsa og Lónshúsa.
Allt í kringum garðinn eru sléttuð flatlend tún en eins og fram hefur komið er hann mikiið raskaður af vegagerð.
Leifar af grjótgarðinum eru undir vegarslóða á 40 m löngum kafla þar sem hann liggur í sveig fast sunnan við núverandi veg. Garðurinn er útflattur og búið er að leggja vegarslóða ofan á hann sem ekki er lengur í notkun. Vegurinn er 0,2-0,3 á hæð þar sem hann er hæstur. Núverandi vegur er malbikaður og liggur ofan á garðinum þar sem hann lá til norðurs á 80 m löngum kafla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nýlenda, 2

GK-082:012 garðlag túngarður A 321053 N 402467

Útflatt og sigið garðlag er á merkjum milli túna Útskála og Akurhúsa og hefur því bæði gegnt hlutverki túngarðs og landamerkjagarðs. Garðurinn er um 60 m austan við bæ 001 og liggur á milli garða 006 og 080:104.
Garðurinn er í sléttuðu flatlendu túni sem enn er slegið.
Garðurinn liggur norður-suður og er hægt að greina hann á um 122 m löngum kafla. Hann sést best í suðurenda þó að hann sé allsstaðar ógreinilegur vegna sléttunar. Þar er hann 2 m á breidd og 0,1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður GK-082:012, horft til SSA.

GK-082:013 þúst brunnur A 321054 N 402484

Í þúst sem er í túni Akurhúsa um 70 m ASA við bæ 001 er steypt mannvirki, að öllum líkindum brunnur. Óvíst er hversu gamall brunnurinn er en ekki er vitað um annan brunn fyrir Akurhús.
Brunnurinn er í sléttu, fllatlendu túni sem enn er slegið.
Þústin í túninu er 3,5x2,5 m að utanmáli og snýr nálega austur-vestur. Hún er 0,3 m á hæð. Í þústinni er yfirgróin steypt plata og á henni miðri er ferkantað op ofan í holrými sem er á að giska 0,2-0,3 m djúpt. Opið er í suðurjaðri þústarinnar. Ekki sést vel ofan í meintan brunn og virðist hann nánast fullur af jarðvegi. Ekki er því hægt að lýsa honum nánar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Brunnur GK-082:013, horft til suðurs.

GK-082:014 garðlag túngarður A 320912 N 402466

Sigið og útflatt garðlag liggur til suðurs frá þró 004 og er 80 m suðvestan við bæ 001. Ekki er ljóst hvaða hlutverki það gegndi en líklega er um eldri túngarð að ræða sem afmarkaði tún Akurhúsa en hann er ekki sýndur á túnakorti frá 1919.
Garðurinn er í sléttuðu flatlendu túni sem enn er slegið.
Garðurinn sést á 47 m löngum kafla þar sem hann liggur norður-suður. Mögulega beygði hann til suðausturs í suðurenda en þar er yngri garður sem skráður er undir Nýjabæ (083:008). Garðurinn er 0,2-0,3 m á hæð og er austurhliðin greinilegri en sú vestari. Hann er rúmir 4 m á breidd og virðist nokkur fornlegur þó að erfitt sé að greina aldur á svo útflöttum garði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður GK-082:014, horft til SSV.

GK-082:015 heimild uppsátur A 320961 N 402612


Á túnakorti frá 1919 eru tvö bátaspil þétt saman sunnan við Lónshúsvör 081:006 og Akurhúsavör 007. Spilin voru þar sem er malbikað plan á milli smíðaverkstæðis og fiskverkunarhúss.

Engin ummerki sjást lengur um spilin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

GK-082:016 gerði óþekkt A 321017 N 402586
Útflatt gerði er í sléttuðu túni um 50 m norðan við bæ 001 og 45 m suðaustan við leifar af fiskhúsum 005. Hlutverk þess er ekki þekkt. Meðal þess sem til greina kemur er að þarna hafi verið kálgarður, heimarétt eða afgirtur þurrkreitur.



Gerði GK-082:016, horft til vesturs.



Uppmæling af gerði GK-082:016.

Túnið er flatlent og slétt. Stærstur hluti gerðisins er innan þess hluta túnsins sem enn er sleginn en norðvesturhlið er á þeim hluta túnsins sem ekki er lengur slegin. Skolplögn hefur reyndar verið grafin þar á mörkum túnhluta og hefur væntanlega raskað þeirri hlið.
Gerðið er um 21x21 m að stærð og sjást norðaustur- og suðausturhliðar nokkuð vel þó að þær séu útflattar. Mjög óljóst mótar fyrir suðvesturhlið og sömuleiðis norðvesturhlið en eins og fram hefur komið er hún röskuð vegna skolplagnar. Hæstir eru veggir gerðisins á norðausturhlið þar sem þeir eru 0,2 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-082:017 garðlag óþekkt A 320975 N 402571



Garðlag GK-082:017, horft til vesturs.

Mjög sigið og illgreinanlegt garðlag er austan við malbikaðan veg niður að smíðaverkstæði og fiskverkunarhúsi, 30 m vestan við gerði 016 og 50 m norðan við bæ 001.
Meint garðlag er í flatlendu, sléttu túni sem ekki er lengur slegið og er orðið smáþýft.
Garðlagið liggur í L og er 18 m á lengd (norður-suður) og frá suðurenda sést það á 10 m löngum kafla til vesturs. Austur- og suðurbrún garðlagsins er 0,1 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðlagið gegndi og ekki er útilokað að brún hafi myndast með þessa lögun vegna ræktunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-082:018 þúst óþekkt A 320902 N 402521
Þúst er í túni á milli Akurhúsavegar og kálgarðs 009, 80 m vestan við bæ 001.
Túnið er flatlent og slétt.
Þústin er tæpir 4 m í þvermál. Hún er grasi gróin en þó sést í grjót og steypuleifar í henni í suðvesturenda þar sem hún er hæst, um 0,2 m. Grunn, ílöng lægð er suðvestan við þústina sem er 2x1,7 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er samansigin og er 0,1 m djúp. Ekki er ljóst hvers konar minjar eru

hér en mögulega eru þetta rústir kartöflukofa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst GK-082:018, horft til norðausturs.



Garðlag GK-082:019, horft til SSA.

GK-082:019 garðlag akur A 321040 N 402453
Óljós ummerki um garðlög eru fast vestan við túngarð 012 og 70 m suðaustan við bæ 001 en 15 m austan við aðra óljósa garða 020. Líklegt er að á þessu svæði hafi verið akurgerði sem Akurhús draga nafn sitt af en frekari rannsóknir þarf að gera til að skera úr um það.
Meintir garðar eru í flatlendu, sléttu túni sem enn er slegið.
Minjarnar eru á svæði sem er 6x23,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Innan þess má sjá tvær grunnar rennur með 5 m millibili. Austari rennan er 23,5 m á lengd og liggur NNA-SSV. Hún er 0,3-0,5 m á breidd og 0,1 m djúp. Sú vestari er mun styttri, 12 m á lengd, er 0,5 m á breidd og innan við 0,1 m djúp. Óljóst garðlag er meðfram vestari rennunni að austanverðu. Það er 11 m á lengd og 1,5 m á breidd. Virðast rennunar sem hægt er að greina vera vesturbrún útflattra garða og kemur helst til greina að akurreinar hafi verið á milli þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-082:020 renna akur A 321022 N 402455
Þrjár grunnar rennur sem liggja samsíða eru á litlu svæði í túni um 15 m vestan við óljós ummerki um garða 019 og 50 m suðaustan við bæ 001. Ekki er ljóst um hvers konar minjar er hér að ræða en helst kemur til hugar að það hafi verið akurreinar sem Akurhús draga nafn sitt af en frekari rannsóknir þarf að gera til að skera úr um það.
Minjarnar eru í flatlendu, sléttu túni sem enn er slegið.
Rennurnar eru á svæði sem er um 8 m breitt og 27 m á lengd. Þær liggja allar VNV-ASA. Lág brún er í túninu fast VNV við þær sem sést áfram til NNA, langleiðina að túngarði 006. Miðrennan er skýrust en hún er 27 m löng og 0,3-0,5 breið. Rennan sunnan við hana er jafnlöng og rennan norðan við hana er ógreinilegust og sést aðeins á 16 m löngum kafla og nær ekki jafn langt til VNV. Svæðið norðan við rennurnar er fremur ójafnt og gætu þar hafa verið fleiri sambærileg ummerki.



Akur GK-082:020, horft til VNV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-082:021 mannvirki A 321039 N 402534



Stöpull GK-082:021, horft til suðausturs.

Steyptur stöpull undan vindrafstöð er í túni Akurhúsa 35 m suðaustan við gerði 016 og 30 m norðaustan við bæ 001. Undir stöplinum er lág þúst í sléttu túninu þar sem mögulega leynast leifar af eldra mannvirki.
Tún Akurhúsa er flatlent og slétt. Stærstur hluti þess er enn sleginn.
Þústin sem steypti stöpullinn er á er um 7x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð. Stöpullinn er ferkantaður, um 2 m á kant en mjókkar lítillega upp á við. Hann er um 1,4 m á hæð og er lítillega kúptur að ofanverðu. Uppi á stöplinum, í suðausturhorni, eru leifar af járnrörum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-083 Nýibær





1703 og 1847, hjáleiga frá Útskálum.
1703: “Fóðrast kann i kýr og i úngneyti ríflega. ... Fjörugrasa, sölva og eldiviðartekju af þángi nægilegt.” JÁM III, 6.
1919: Tún 1,18 ha, garðar 760 m2.

GK-083:001 *Nýibær* bæjarhóll bústaður A 320953 N 402388



Bæjarhóll GK-083:001, horft til VNV.

“Nijebær, þriðja hjáleiga. ... Við til húsabótar segist ábúandinn í xx ár ekki þegið hafa, en þá uppbygt hjáleiguna að nýju af viðum, sem staðarhaldarinn Sr. Þorleifur Cláusson hafi sjer þá fengið,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var Nýibær rúma 100 m suður af Akurhúsum 082:001. Bæjarhóll Nýjabæjar er um 7 m sunnan við íbúðarhús Nýjabæjar sem byggt var árið 1911. Hann er um 120 m sunnan við Akurhús 082:001. Bærinn var skráður árið 2007 en skráningin var uppfærð og aukin þegar unnin var deiliskráning á svæðinu 2019.
Norðan, austan og vestan við hólinn er slétt tún en sunnan við hann er órækt innan kálgarðs 002. Framan (norðvestan) við íbúðarhúsið er allstórt malbikað plan. Stór sólpallur var byggður suðvestan við íbúðarhúsið fyrir um 5 árum síðan (í kringum 2014) og hefur sú framkvæmd raskað bæjarhólnum talsvert að norðaustanverðu.
Þegar bæjarhóllinn var skráður 2007 var hann mældur um 30x35 m stór, litlu lengri austur-vestur en norður-suður, og 2 m á hæð. Hóllinn hefur verið sléttaður að nokkru leyti. Raskið í norðaustanverðum hólnum vegna framkvæmda við sólpall virðist talsvert og svo virðist sem að efni sem fjarlægt var úr honum hafi verið ýtt til suðausturs. Nú (2019) er bæjarhóllinn svipaður að stærð og hann var áður en er aflagaður frá því sem var í fyrri skráningu. Í norðvesturhorni hólsins er steyptur grunnur um 6,5x6,5 m stór. Fast suðvestan við hann er hlaðinn grunnur sem er 5,5x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ofan við hann til suðausturs er svo þriðji grunnurinn sem er 3,5x4 m að stærð og snýr þvert á hinn. Að sögn Ingibjargar Önnu Gísladóttur, heimildamanni, var steypt fjós og hlaða á þessum stað. Fleiri hús voru þarna í röð sem náði lengra til norðausturs. Man Ingibjörg eftir smiðju og trésmíðaverkstæði sem þarna voru. Garðlög, leifar kálgarðs 002 liggja frá suðvestur og suðausturjaðri hólsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-083:002 gerði kálgarður A 320959 N 402376



Kálgarður GK-083:002, horft til SSV.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan og suðvestan við bæ 001. Enn sér fyrir kálgarðinum fast sunnan við bæjarhólinn. Hann var upphaflega skráður árið 2007 en skráningin var endurskoðuð og henni breytt lítillega þegar deiliskráning var unnin á svæðinu 2019.
Umhverfis kálgarðinn eru slétt tún en innan hans er órækt. Íbúðarhús byggt 1959 er í vesturhorni kálgarðsins og þar eru hleðslur í kálgarðsveggjum horfnar.
Kálgarðurinn afmarkar svæði sem er um 54x25 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Bæjarhóllinn 001 afmarkar norðurausturhlið hans. Veggir garðsins eru að mestu grjóthlaðnir en grónir og eru 1,5-2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Veggur sem afmarkar garðinn

til suðvesturs sést aðeins að hálfu leyti. Hann er hlaðinn ofan á eldri garð sjá 014 sem sést á stuttum kafla frá suðurhorni kálgarðsins til suðausturs. Suðurvesturveggurinn er 0,7 m á hæð utanmáls og þar sjást 2-3 umför hleðslu. Að sögn Ingibjargar Önnu Gísladóttur, heimildamanns, var garðinum skipt í tvennt eftir endilöngu og lá gata á milli hlutanna. Innan kálgarðsins eru yngri kálgarðshleðslur og má greina í þeim þrjú hólf. Það sem er norðaustast er í jaðri bæjarhólsins. Suðaustan við það hólf er ólöguleg þúst sem hefur líklega myndast við jarðrækt eða nýlegt umrót. Hún er 6,5x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-083:003 heimild um traðir A 320925 N 402344
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata eða traðir til suðvesturs frá bæ 001, eftir endilöngum kálgarði 002 og út úr honum í suðurhorni. Leiðin var upphaflega skráð 2007 en þegar deiliskráning var unnin á svæðinu árið 2019 var eldri skráning enduskoðuð og aukin.
Órækt er innan kálgarðs 002 sunnan bæjar 001.
Óljós sést móta fyrir grunnri rennu meðfram suðausturvegg kálgarðsins en hún er mjög illgreinanleg vegna mikils gróðurs. Í suðurhorni kálgarðsins sést skarð í kálgarðshleðslu þar sem leiðin hefur legið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-083:004 þúst óþekkt A 321014 N 402391
Um 30 m ANA við íbúðarhúsið í Nýjabæ og um 120 m suðaustan við Akurhús 082:001 er ræktarlegur hóll og í honum eru örugglega umtalsverðar mannvistarleifar.
Hóllinn er í sléttu túni.
Hóllinn er 15x25 m stór, hann snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er um 2 m hár og hefur augljóslega verið sléttaður í seinni tíð. Ekki er vitað til þess að hús hafi staðið á hólnum en hann er ugglaust að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hér hefur hugsanlega staðið útihús frá Nýjabæ eða hjáleiga frá Útskálum en hóllinn er um 40 m vestan við merkin móti Útskálum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Þúst GK-083:004, horft til NNA.

GK-083:005 þúst brunnur A 321032 N 402389
Um 5 m norðvestan við hól 004 og 75 m austan við bæ 001 er lág þúst. Hún var fyrst skráð árið 2007 og þá var líkum leitt að því að þarna gæti verið brunnur. Það fékkst staðfest þegar farið var aftur á vettvang vegna deiliskráningar 2019. Var þá rætt við Ingibjörgu Önnu Gísladóttur sem ólst upp í Nýjabæ. Hún mundi vel eftir þessum brunni sem var notaður frá Nýjabæ og Móakoti. Vatnsleiðsla var lögð úr brunninum inn í bæina.
Brunnurinn er í sléttu túni sem enn er slegið.
Þústin sem sést á yfirborði er 11x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í henni miðri er grunn lægð þar sem sést í grjót. Lægðin er 2,5 m í þvermál og 0,2 m djúp. Þústin er 0,3-0,5 m há. Ingibjörg Anna greindi frá því að tröppur hefðu verið niður í


Brunnur GK-083:005, horft til NNA.

brunninn sem var grjóthlaðinn. Á vorin þurfti að fara ofan í hann og hreinsa úr honum slý og þessháttar. Mjög gott vatn var í þessum brunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-083:006 garðlag túngarður A 321049 N 402394


Túngarður GK-083:006, horft til suðvesturs.

Garðlag afmarkar tún Nýjabæjar til suðausturs og er einnig á mörkum milli Móakots GK-084 annars vegar og Útskála GK-080 hins vegar. Það gegndi því bæði hlutverki túngarðs og landamerkjagarðs. Garðurinn var upphaflega skráður 2007 en skráningin var endurskoðuð og uppfærð þegar deiliskráning var unnin á svæðinu árið 2019.
Garðurinn er í sléttu, flatlendu túni sem enn er slegið. Garðurinn er 125 m langur og liggur norðaustur-suðvestur. Hann var lengri þegar skráning fór fram 2007 en búið er að hylja hluta af honum í norðausturenda með jarðvegi sem mokað var upp á svæði þar sem til stóð að reisa hótel í landi Útskála. Garðurinn er vel greinilegur en er orðinn siginn og úr lagi genginn. Hann virðist að mestu leyti grjóthlaðinn en er vel gróinn. Garðurinn er allt að 3 m á breidd og hæstur er hann 0,7 m en víðast er hann 2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Um 35 m suðvestan við norðausturenda er garðurinn alveg útflattur á stuttum kafla. Þar suðvestan við er gróin þúst upp við suðausturhlið garðsins og í henni brak úr ungu mannvirki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-083:007 garðlag túngarður A 320963 N 402456


Túngarður GK-083:007, horft til norðurs.

Um 30 m vestan við Nýjabæ 001 er garðlag sem gegndi hlutverki túngarðs og landamerkjagarðs á merkjum móti Akurhúsum. Garðlag þetta var upphaflega skráð árið 2007. Farið var aftur á vettvang vegna deiliskráningar á svæðinu 2019 og var þá eldri skráningu breytt og hún aukin.
Garðlagið er í sléttu, flatlendu túni sem enn er slegið. Garðlagið liggur í L og afmarkar svæði sem er 39x78 m að stærð og snýr VNV-ASA. Það sést fyrst við heimreið að Nýjabæ þar sem það liggur til NNA og sést nokkuð vel á 27 m löngum kafla en heldur óljóst áfram 11 m í sömu átt. Þar beygir garðurinn til ASA en sést ekki fyrr en 14 m ASA við beygjuna. Það er svo illgreinilegt á 64 m löngum kafla til ASA þar sem búið er að slétta það í tún. Þar sem garðurinn er greinilegastur er hann 1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-083:008 garðlag kálgarður A 320894 N 402421

Garðlag, skráð sem leifar kálgarðs árið 2007, er fast vestan við heimreið að Nýjabæ, um 40 m norðvestan við bæ 001. Garðlagið gæti einnig verið hluti af túngarði Nýjabæjar ásamt görðum 007 og 006. Skráningin var endurskoðuð þegar deiliskráning var unnin á svæðinu í mars 2019.
Garðurinn er í óræktuðu túni fast vestan malbikaðrar heimreiðar.
Garðlagið liggur í L, afmarkar svæði sem er 21x23 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Kantur sést á 20 m löngum kafla í framhaldi af þeim hluta garðsins sem afmarkar norðvesturhlið meints kálgarðs. Garðurinn er grjóthlaðinn og gróinn, hann er 1,5 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð á norðvesturhliðinni en

á norðausturhliðinni er garðurinn mun stæðilegri og er rúmlega 3 m á breidd og 0,6 m á hæð innanmáls. Þessi hluti garðsins kann að hafa tilheyrt garði 082:014 sem er nokkuð fornlegur þó að hann sé útflattur. Rof er á honum nærri norðvesturenda. Gróin grjótþúst er í suðvesturenda svæðisins sem garðurinn afmarkar, á milli garðs og heimreiðar að Nýjabæ. Hún virðist hafa myndast við einhvers konar rask, t.d. við vegagerð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kálgarður GK-083:008, horft til norðausturs.

GK-083:009 þúst óþekkt A 320975 N 402357
Lítil útflött þúst er í túni um 40 m suðaustan við bæ 001 og 50 m suðvestan við þúst 004. Helst kemur til greina að þarna hafi verið útihús sem búið er að slétta í tún.
Sléttað, flatlent tún sem enn er slegið.
Þústin er ekki nema 0,1-0,2 m á hæð og er 6,5x4,5 m að stærð, snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst GK-083:009, horft til norðurs.

GK-083:010 garðlag óþekkt A 320918 N 402335
Lítilfjörlegt garðlag er 60 m suðvestan við bæ 001, í órækt á milli kálgarðs 002 og sléttaðs túns sem er utan við gamla heimatúnið.
Garðlagið er á flatlendu svæði sem var hluti af túni en er komið í órækt. Ungur, gróinn húsgrunnur er fast norðaustan við garðlagið.
Garðlagið er greinanlegt á 13,5 m löngum kafla og liggur norðvestur-suðaustur. Það er hlaðið úr einfaldri röð steina, er 0,1-0,2 m á hæð og 0,3-0,4 m á breidd. Það hverfur við heimkeyrslu að húsi við Skagabraut 38 í suðausturenda en í norðvesturenda hverfur það undir svörð og gras. Hlutverk garðlagsins er ekki þekkt. Það er að öllum líkindum ekki fornleif og hefur mögulega verið hlaðið undir girðingu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kálgarður GK-083:010, horft til norðurs.

GK-083:011 þúst óþekkt A 320917 N 402393
Tvær þústir eru þétt saman í túni 16 m vestan við bæ 001 og 7 m sunnan við þúst 013.
Túnið hefur verið sléttað en á þessu svæði eru mishæðir í því.
Þústirnar eru á svæði sem er 15x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þúst 1 er stærri og er í



GK-083:011, horft til norðurs.

suðausturenda svæðisins. Hún er hringlaga, 9x7 m að stærð og snýr norður-suður. Þúst 1 er flöt að ofan og 0,2 m á hæð. Þúst 2 er í norðvesturenda svæðisins. Hún er einnig hringlaga, um 6 m í þvermál. Þúst 2 er lítillega kúpt og er 0,3 m á hæð. Ingibjörg Anna Gísladóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við að þarna hefðu verið nein mannvirki. Séu þessar þústir manngerðar er líklegast að þarna hafi verið útihús.

GK-083:012 *Nýibær* hús A 320976 N 40240
Húsið Nýibær var byggt árið 1911 . Nánar er fjallað um húsið í Húsaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

GK-083:013 þúst óþekkt A 320916 N 402410



Þúst GK-083:013, horft til NNA.


Bogadregin þúst er um 7 m norðan við þústir 011 og 22 m norðvestan við bæ 001.
Túnið hefur verið sléttað en á þessu svæði eru mishæðir í því.
Þústin er 7,5 m á lengd og 2 m á breidd, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er breiðari til beggja enda þar sem hún sveigir til suðausturs. Í suðvesturenda er hún 4 m á breidd og 2,5 m á breidd í norðausturenda. Þústin er aðeins 0,1 m á hæð. Ingibjörg Anna Gísladóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við að þarna hefðu verið nein mannvirki. Þústin virðist geta verið útflattur veggur í einhvers konar byggingu og kemur helst til greina að þarna hafi verið útihús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-083:014 garðlag túngarður A 320929 N 402341
Fornlegt, grjóthlaðið garðlag sést á stuttum kafla suðaustan við suðurhorn á kálgarði 002. Suðvesturhlið kálgarðsins er hlaðin ofan á garðinn sem heldur áfram til norðvesturs.
Garðurinn er í sléttuðu, flatlendu túni sem ekki er lengur slegið.
Garðurinn sést á 9 m löngum kafla þar sem hann liggur norðvestur-suðaustur. Hann er 3-4 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-083:015 heimild um útihús A 320942 N 402393
Þró er sýndá túnakorti frá 1919.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-083:016 heimild um útihús A 320953 N 402388
Nokkur sambyggð útihús eru sýnd á túnakorti frá 1919.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-084 Móakot





1703 og 1847, hjáleiga frá Útskálum.
1703: "Fóðrast kann i kýr laklega. ... Fjörugrasa, sölva og eldiviðartak af fjöruþángi nægilegt." JÁM III, 81.
1919: Tún 0,7 ha, garðar 450 m2.

GK-084:001 *Móakot* bæjarhóll bústaður A 321012 N 402299



Bæjarhóll GK-084:001, horft til suðvesturs.

Samkvæmt túnakorti Garðsins frá 1919 var Móakot um 160 m SSV af Útskálum 080:001. Á túnakortið eru merkt fimm sambyggð hús og snýr röðin nær norður-suður. Bæjarhóll Móakots er um 20 m norðvestan við núverandi íbúðarhús Í Móakoti. Hann er fast norðvestan við bílskúr sem grafinn er inn í hólinn að suðaustan. Bæjahóllinn var fyrst skráður 2007. Þegar varið var aftur á vettvang vegna deiliskráningar á svæðinu var eldri skráning uppfærð og breytt lítillega.
Sunnan við hólinn er malarborið plan en í aðrar áttir er slétt tún.
Hóllinn er um 30x15 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 1,5 m hár. Meðfram suðurvesturbrún hans er grjóthleðsla norðvestan við bílskúrinn. Hún er 11,5 m á lengd og 1 m á hæð. Í henni sjást mest 4 umför en inn á milli má sjá vikurstein sem gefur til kynna ungan aldur hleðslunnar. Önnur sambærileg hleðsla er í bæjarhólnum sem liggur til norðausturs frá norðurhorni bílskúrsins. Hún er um 4 m á lengd og innan við 1 m á breidd. Hleðslan er hæst næst bílskúrnum en lækkar til norðausturs. Í henni sjást 3-4 umför. Að lokum er grjóthlaðinn, lágur og unglegur veggur meðfram norðausturhlið bílskúrsins. Hann er 1,5 m á breidd, 0,5 m á hæð og í honum sjást 3-4 umför hleðslu. Í kverkinni sem myndast á milli síðasttöldu hleðslnanna er flati og þar má ætla að hús hafi staðið sem hefur verið rifið fyrir nokkru.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-084:002 heimild um útihús A 321000 N 402258
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 30 m suðvestan við bæ 001, við suðausturhorn kálgarðs 003. Útihúsið hefur verið fast sunnan við núverandi íbúðarhús.
Sunnan við húsið er garður, grasflöt og moldarbeð umhverfis.
Í garðinum er lítill stallur. Hann er um 6x8 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 0,3 m hár. Hugsanlega er hann leifar hússins sem stóð á staðnum en líklegra er að hann hafi myndast við ræktun garðsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-084:003 heimild um kálgarð A 321001 N 402278
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 5 m sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn var upphaflega skráður 2007. Þegar farið var aftur á vettvang vegna deiliskráningar 2019 var útflattur garður 007 skráður suðvestan við kálgarðinn og kann hann að hafa markað suðvesturjaðar hans. Hins vegar er þessi garður hluti af lengri garði sem sést einnig suðaustan við íbúðarhúsið í Móakoti og því skráður á sérstakt númer.
Þar er nú malarborin heimreið, fast sunnan við bílskúr.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-084:004 heimild um leið A 320999 N 402259
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir til suðvesturs frá bæ 001.
Þar sem traðirnar voru er nú malarborin heimreið að Móakoti.

Engin ummerki traðanna sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-084:005 garðlag túngarður A 321040 N 402315

Útflattur garður sem ætla má að hafi afmarkað tún Móakots er á milli túngarðs/landamerkjagarðs Nýjabæjar 083:006 og garðlags 009, um 22 m norðaustan við bæjarhól 001. Þessi garður er ekki á sama stað og túngarður sem sýndur er á túnakorti frá 1919 og skildi á milli túna Útskála GK-080 og Móakots.
Garðurinn er í flatlendu, sléttu túni sem enn er slegið. Garðurinn sést á 48 m löngum kafla og liggur norðvestur-suðaustur. Garðurinn er um 3 m á breidd. Norðausturbrún hans er 0,1 m á hæð en suðvesturbrúnin er vart greinanleg. Ungur kálgarður 006 er norðaustan við suðausturenda garðsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag GK-084:005, horft til norðvesturs.

GK-084:006 gerði kálgarður A 321047 N 402315

Lítið, unglegt gerði utan um matjutagarð er fast norðaustan við suðausturenda garðlags 005 og fast NNV við garðlag 009, en 25 m norðaustan við bæ 001.
Gerðið er í sléttuðu, flatlendu túni sem enn er slegið. Gerðið virðist torfhlaðið og er 11,5x5,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í suðvesturenda. Norðvesturhliðin er útflött en hæstar eru hleðslur á suðvesturhlið þar sem þær eru 0,2-0,3 m á hæð. Lag gerðisins minnir frekar á tóft en kálgarð og ekki er útiloka að matjutagarður hafi verið útbúinn í ungri tóft og veggir hennar verið látnir afmarka og verja garðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Gerði GK-084:006, horft til norðausturs.

GK-084:007 garðlag túngarður A 321029 N 402243

Útflattur en nokkuð afgerandi garður sést beggja vegna við íbúðarhúsið í Móakoti, um 20 m suðvestan við bæ 001. Garðurinn er 22 m suðvestan við útflattan garð 007. Á milli þessara tveggja garða og suðaustan við húsagarð við Skagabraut 36 er nokkuð afgerandi hæð sem kann að vera manngerð en hún er ekki skráð. Ætla má að sá garður sem hér er skráður sé hluti af lengri garði sem sést á köflum og hefur skilið á milli túna og úthaga.
Garðurinn er í sléttuðu túni á milli húsagarða við Skagabraut.
Garðurinn sést í tveimur hlutum á svæði sem er 72x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ennfremur er óljóst framhald af honum að bæjarhóli Presthúsa 085:001 og garður 083:014 sem skráður er í landi Nýjabæjar gæti einnig verið



Túngarður GK-084:007, horft til norðausturs.

hluti af honum. Garðurinn er greinilegastur í suðausturenda þar sem hann sést á 17 m löngum kafla og er tæpir 5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Garðurinn er horfinn vegna rasks og framkvæmda á 27 m löngum kafla en sést aftur norðvestan við húsagarð Móakots og er þar greinanlegur á um 56 m löngum kafla þar sem hann er tæpir 7 m á breidd og 0,1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-084:008 garðlag óþekkt A 321035 N 402288



Garðlag GK-084:008, horft til suðausturs.

Mjög óljóst og útflatt garðlag liggur til suðausturs frá bæjarhóli 001 að garðlagi 085:005. Óljóst er hvaða hlutverki hann hefur gegnt.
Garðlagið er í sléttu, flatlendu túni sem enn er slegið. Hægt er að greina garðinn á 44 m löngum kafla. Hann er 2-3 m á breidd og innan við 0,1 m á hæð. Girðing var ofan á hluta garðsins sem afmarkaði lóð aftan við íbúðarhús Móakots og sést hornstaur þeirrar girðingar enn. Mögulega tengdist þessi garður öðrum garði 010 sem er suðvestan við bæjarhól 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-084:009 garðlag óþekkt A 321043 N 402307



Garðlag GK-084:009, horft til vesturs.

Útflattur þvergarður með óþekkt hlutverk liggur frá bæjarhóli 001 til norðausturs að ungum kálgarði 006 sem kann að vera hlaðinn ofan á framhald garðsins að hluta. Garðlag 005 liggur frá norðausturenda þessa garðlags til norðvesturs.
Garðurinn er í flatlendu, sléttu túni sem enn er slegið. Hann er 20 m á lengd og 3 m á breidd en ekki hærri en 0,1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-084:010 garðlag óþekkt A 320997 N 402309



Þúst GK-084:010, horft til NNA.

Útflatt og ógreinilegt garðlag liggur til norðvesturs frá bæjarhól 001 inn í húsagarð við Skagabraut 36. Garðurinn er 22 m norðaustan við útflattan garð 007. Á milli þessara tveggja garða og suðaustan við húsagarð við Skagabraut 36 er nokkuð afgerandi hæð sem kann að vera manngerð.
Garðlagið er í sléttu túni og er hann að mestu innan þess svæðis sem enn er slegið.
Garðurinn sést á 20 m löngum kafla og er 3,5 m á breidd. Hann er ekki hærri en 0,1 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn gegndi, né heldur hversu gamall hann er. Ekki er útilokað að hann hafi tengst útflöttum garði 008 sem hefur sömu stefnu en er suðaustan við bæjarhól 001.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-084:011 garðlag óþekkt A 321054 N 402279

Útflattur og illgreinanlegur garður liggur frá garði 080:117 í norðaustri að garði 008 og frá honum til áfram til SSV. Garður þessi er um 40 m austan við bæ 001. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hann hefur gegnt. Hann er í sléttuðu, flatlendu túni sem enn er slegið. Garðurinn sést á 53 m löngum kafla og er greinilegastur í SSV-enda þar sem hann er um 4 m á breidd og 0,1 m á hæð. Í norðausturenda sést hann afar óljóst á 24 m löngum kafla þar sem hann liggur til suðvesturs, langleiðina að garði 008. Þar hverfur hann á stuttum kafla og sést aftur 5 m sunnar. Þar sést hann á 24 m löngum kafla. Ekki er öruggt að þessir tveir útflöttu garðar hafi tengst en það er mjög líklegt.




Þúst GK-084:011, horft til VSV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-084:012 heimild um útihús A 321008 N 402301

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró sunnan við bæ 001. Þróin er horfin, að öllum líkindum vegna sléttunar.
Gróið, slétt tún.
Engin ummerki um þrónna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-085 Presthús





0 25 50 75 100 m

Minjar
Uppmæld lína
Bæjarhóll
Grjóthlaðnar minjar
Steypa
Grónar minjar
þúst

1703 og 1847, hjáleiga frá Útskálum.
1703: “Fóðrast kann i kýr af tveim þriðjúngum. ... Fjörugrasa, sölva og eldiviðartak af fjöruþángi nægilegt.” JÁM III, 81.
1919: Tún 1 ha, garðar 1800 m2.

GK-085:001 *Presthús* bæjarhóll bústaður A 321076 N 402229
Samkvæmt túnakorti Garðsins frá 1919 voru Presthús um 80 m SSA af Móakoti 084:001. Átta hús eru merkt á bæjarhólinn á kortinu og snýr bæjarröðin nær austur-vestur. Í örnefnalýsingu Útskála segir: “Talið er, að þau hafi verið byggð yfir prestsekkjur frá Útskálum.” Bæjarhóll Prestshúsa er fast norðvestan við núverandi íbúðarhús, byggt 1943. Bílskúr stendur á suðvesturhorni hólsins.
Sunnan við hólinn er íbúðarhús og bílskúr en í aðrar áttir er slétt tún.
Hóllinn er um 35x20 m stór og snýr ANA-VSV. Hann er um 2,5 m hár. Hóllinn hefur augljóslega verið sléttaður í seinni tíð. Jarðvegshryggur er í sléttuðu túni frá bæjarhólnum til norðvesturs. Mögulega eru það útflattar leifar af garði sem er m.a. skráður undir númer GK-084:007 í landi Móakots.


Bæjarhóll GK-085:001, horft til norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Útskálar, 1

GK-085:002 hleðsla kálgarður A 321029 N 402233
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stór kálgarður um 10 m vestan við bæ 001. Kálgarðurinn var fyrst skráður 2007 en sú skráning var aukin þegar deiliskráning var unnin á svæðinu í mars 2019.
Sléttað tún er vestan við bæinn en óræktarblettur er suðvestan við hann.
Ekki eru mjög afgerandi ummerki um kálgarðana og hefur gerðið sem afmarkaði hann verið jöfnuð við jörðu og sléttuð í tún horfið vegna vegagerðar. Þó sjést enn ógreinileg ummerki um hleðslur á tveimur stöðum á svæði sem er 64x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í norðvesturenda svæðisins er jarðlæg grjóthleðsla 002_1 sem er 24 m á lengd og 2 m á breidd. Við norðausturenda hennar er jarðvegsþúst sem þar sem jarðvegi og grjóti virðist hafa verið ýtt upp. Samsíða jarðægu grjóthleðslunni að suðaustanverðu er nokkuð afgerandi jarðvegshryggur. Gróinn, grjóthlaðinn veggur 002_2 er svo í suðausturenda svæðisins og virðist hann hafa afmarkað kálgarð til austurs. Veggurinn er 22 m á lengd og 2,5 m á breidd, liggur norður-suður. Hann breikkar í suðurenda þar sem hluta hans virðist hafa verið ýtt upp í hrúgu. Veggurinn er 0,3 m á hæð þar sem hann er hæstur í suðurenda en 0,1 m á hæð í norðurenda.


Kálgarður GK-085:002, horft til NNV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-085:003 garðlag túngarður A 321105 N 402249
Um 50 m norðan við Presthús 001 sér fyrir garðlagi í túninu sem liggur í sveig til suðausturs að Útskálavegi 080:013. Garðlagið heldur áfram austan vegarins til austurs að skúr vestan við bæjarstæði Garðhúsa 086:001.Garðlagið sést sem nokkuð afgerandi hryggur í túni sem er slegið frá heimreið að



Tóft GK-085:003, horft til norðurs.

Útskálum til NNV. Hann er rúmlega 200 m að lengd. Frá heimreið til norðvesturs sést garðurinn á 150 m löngum kafla þar sem hann liggur frá suðaustri til norðvesturs og endar rétt áður en komið er að tún- og landamerkjagarði GK-083:006. Á þessum kafla er garðurinn 5-6 m á breidd og hæstur er hann 0,2 m á hæð en víðast aðeins 0,1 m. Þar sem það liggur vestan Útskálavegar er það fremur óskýrt. Þar er það um 0,3 m hátt og um 0,5 m breitt. Það hefur greinilega verið sléttað. Austan vegarins er garðlagið hinsvegar mjög greinilegt. Þar er það um 0,8 m hátt og um 1,5 m breitt. Grafið hefur verið inn í garðlagið fast austan við veginn, líklega fyrir einhverskonar kofa eða geymslu. Ekki sér til þess húss nú. Garðlagið er líklega leifar af túngarði Presthúsa. Það er ekki sýnt á túnakorti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður GK-085:003 sést liggja þvert yfir miðja mynd, ofan við moldarrofið.

GK-085:004 brunnur vatnsból A 321124 N 402221



Brunnur GK-085:004, horft til vesturs.

Brunnur er merktur á túnakort frá 1919, um 5 m austan við Útskálaveg 080:013 og um 30 m austan við bæ 001. Hann er um 20 m vestan við bæ 001, staðsetningin er röng á túnakorti, hann er um 20 m of sunnarlega.

Brunnurinn er í sléttu túni.

Enn er brunnur á þessum stað um 5 m vestan við veg 080:013. Brunnurinn er steinsteyptur með járnhlera yfir. Hann hefur líklega verið endurbættur í seinni tíð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-085:005 garðlag túngarður A 321067 N 402264

Úflatt og nánast ógreinanlegt garðlag er í sléttuðu túni á milli Móakots GK-084 og Presthúsa. Ætla má að þetta garðlag hafi afmarkað tún Presthúsa og verið landamerki milli áðurgreindra jarða. Túngarður


Presthúsa á túnakorti frá 1919 er á svipuðum, en ekki alveg sama stað.
Sléttað, flatlent tún sem enn er slegið.
Garðurinn sést á 34 m löngum kafla þar sem hann liggur í sveig frá útflöttu garðlagi 080:117 úr austri til suðvesturs. Leifar af kálgarði 002 sjást í framhaldi til suðvesturs. Garðurinn er 1,5-2 m á breidd og innan við 0,1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-085:006 heimild um kálgarð A 321099 N 402193
Á túnakorti frá 1919 er sýndur kálgarður fast sunnan við bæ 001 og suðaustan við kálgarð 002. Hann er innan húsagarðs í kverk á milli Skagabrautar og Útskálavegar.
Sléttuð grasflöt er þar sem kálgarðurinn var.
Engin ummerki um kálgarðinn sjást lengur vegna sléttunar og vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-085:007 garðlag túngarður A 321193 N 402291
Á túnakorti frá 1919 sést túngarður, vestan við heimreið 013 sem liggur að túgarði GK-086:008 til suðurs. Túngarðirinn afmarkaði túnskika Presthúsa á þessu svæði. Hann sést enn.
Slétt, ræktað tún. Til vesturs er órækt en ræktað tún að austan.
Garðlagið er 100x2 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Það er algróin og 0,2 m á hæð. Það er algróið og vhergi glittir í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919


Garðlag GK-85:007, horft til norðurs.

GK-086 Garðhús





0 25 50 75 100 m

Minjar
Uppmæld lína
Bæjarhóll
Grjóthlaðnar minjar
Steypa
Grónar minjar
þúst

1703 og 1847, hjáleiga Útskála.
1703: “Fóðrast kann i kýr að tveim þriðjúngum. ... Fjörugrasa og sölvatekju og eldiviðartak af fjöruþángi nægilegt.” JÁM III, 82.
1919: Tún 1,1 ha, garðar 1000 m2.

GK-086:001 *Garðhús* bæjarhóll bústaður A 321190 N 402208
Samkvæmt túnakorti Útskála og hjáleigna frá 1919 voru Garðhús um 100 m austan við Presthús 085:001. Gamli bærinn í Garðhúsum var um 30 m vestan við skemmu við austurenda garðlags 085:003 og um 50 m norðan við núrverandi íbúðarhús í Garðhúsum. Vilhelm Guðmundsson, heimildamaður, bjó í bænum á uppvaxtarárum sínum. Hann er fæddur 1937 .Á túnakortinu voru 7 hús sem tilhayrðu bænum árið 1919.
Þar er slétt tún.
Bæjarhóllinn er 20x18 m að stærð og snýr norður-suður. Aðeins sér móta fyrir ójöfnum í túninu þar sem bærinn stóð en engin skýr ummerki hans eru greinileg. Bæjarhóllinn er 0,2-0,3 m á hæð og búið að slétta yfir hann.


Bæjarhóll GK-086:001, horft til austurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-086:002 heimild um kálgarð A 321191 N 402208
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarður fast sunnan við bæ 001.
Slétt ún með lágum misfellum og lautum.
Engin ummerki kálgarðanna sjást í sléttu túninu. Kálgaðrurinn er sýndur um 50x17 m að stærð á túnakortinu. Garðlag 008 afmarkaði austurhliðina, aðrir minni garðar til annrra átta. Þeir eru allir hrfnir vegnasléttunar en túngarður 008 sést sem kantur á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-086:003 heimild um útihús A 321155 N 402175
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús við suðvesturhorn kálgarðs 002 um 50 m suðvestan við bæ 001. Þar sem útihúsið var er óræktað tún fast norðan við núverandi íbúðarhús í Garðhúsum.
Engin ummerki hússins sjást á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-086:004 heimild um brunn A 321197 N 402218
Á Skipulagsuppdrætti frá 1954 er sýndur brunnur norðvestan við skemmu sem hefur verið rifin, Hann er 3 m nroðvestan við bæjarhóll 001, uppi á lágri brún í túninu, Hann er horfin, líklega vegna fyllingar.
Slétt tún með lágum misfellum og lautum.
Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-086:005 heimild um kálgarð A 321150 N 402191
Á túnakorti frá 1919 er sýndur lítill kálgarður, fast sunnan við kálgarð 002. Hann var um 30 m suðvestan við bæ 001 og túngarður GK-085:010 afmarkar vesturhlið hans. Á túnakortinu kemur fram að órækt sé

þar til suðurs.
Þar sem útihúsið var er óræktað tún fast norðan við núverandi íbúðarhús í Garðhúsum.
Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-086:006 tóft heygarður A 321201 N 402224



Tóft GK-086:006, horft til vesturs.

Tóft er fast norðan við bæjarhól 001 og er ekki sýnd á túnakorti frá 1919. Staðsetning og lögun tóftarinnar bendir til þess að um húsagarð eða heygarð sé að ræða.
Slétt tún með lágum misfellum og lautum.
Tóftin er 11x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er röskuð til austurs, ekki er útilokað það þar hafi verið op. Veggir tóftarinnar sjást sem grónir hryggir í tuninu, þeir eru 2,5-4 m á breidd og grasivaxin. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð, hæstir til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-086:007 heimild um kálgarð A 321175 N 402175
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fyrir sunnan kálgarð 002, túngarður 008 afmakaði austurhlið hans. Þar er nú kantur.
Slétt tún með lágum misfellum og lautum.
Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-086:008 garðlag túngarður A 321129 N 402197



Túngarður GK-086:008, horft til norðurs.

Túngarður sést afmaka heimatúnið sunnan við bæ 001 á túnakorti frá 1919. Túngarðurinn afmarkar að auki vesturhlið heimatúns Presthúsa GK-085 en að auki huta af túni Hellukots GK-080:027. Túngarðurinn náði lengra til suðurs og norðurs en er horfin. Túngaðurinn er einungis varðveittur í suðvesturhorni.
Óræktað tún fast norðan við núverandi íbúðarhús í Garðhúsum.
Túngarðurinn er 40x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er 0,3 m á hæð. Hann er algróinn útflattur en það glittir í grjót hér og þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-086:009 gryfja útihús A 321192 N 402202
Á túnakorti frá 1919 er sýnd þró fast austan við bæjarhól 001. Búið er að slétta og rífa öll mannvirki á hólnum, það sést enn dæld í túninu þar sem þróin var.
Slétt tún með lágum misfellum og lautum.
Dældin er L-laga, 2,6x2,6 m að stærð. Hún er 0,2-0,3 m á dýpt og algróin. Hvegi sést glitta í grjót eða steypa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1919




Gryfja GK-086:009, horft til suðurs.

GK-086:010 heimild um útihús A 321165 N 402212
Samkvæmt túnakorti frá 1919 um 2 m vestan við bæ 001. Á sama stað er sýnt mun stærra hús á uppdrætti árið 1954 og stóð það enn árið 2007 þegar fyrst var komið á staðinn. Þetta var skemma.
Þar sem útihúsið var er óræktað tún fast norðan við núverandi íbúðarhús í Garðhúsum.
Þar sem húsi var er nú malarborðið svæði. Engin ummerki um minjar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Uppdráttur 1954.

GK-087 Vatnagarður





1703 og 1847. Hjáleiga Útskála
1703: “ Fóðrast kann i kýr og i vetrúngur ... Fjörugrasa, sölva og eldiviðartekju af fjöruþángi nægilegt” JÁM III, 83. 1919: Tún norðurbæjarins 0,09 teigar, kálgarðar 440 m2. Tún suðurbæjarins 0,07 teigar, kálgarðar 550 m2.

GK-087:001 *Vatnagarður* bæjarhóll bústaður A 321499 N 402359
Í örnefnalýsingu Útskála segir: «Vatnagarðar, er nefnd 1703 og 1861, síðan ekki,» og síðar: «Niður undan kirkjugarðinum [Útskálakirkjugarði GK-080:002] eru rústir, sem nefndar eru Vatnagarðar.» Í athugasemdum við örnefnaskrá Gerða segir: «Gerðabakkar eru sjávarbakkar fyrir neðan Síkið. Þar var áður bær, sem líklega hefur heitið Bakki. Aðeins utar var Vatnagarður, stór jörð, nú komin í eyði, en bærinn stendur enn uppi [1978].» Árið 1919 voru tveir bæir í Vatnagörðum, nyrðri og syðri, og er sá syðri er skráður hér undir 001. Ekki hefur mjög mikið breyst á svæðinu, miðað við túnakort frá 1919, en 2007 brann þó bærinn á bæjarstæði 002 til grunna. Ekki er vitað hvenær þessi bær hvarf. Bæjarstæðið er um 120 m norðvestan af bæjarhól Miðhúsa GK-088:001. Ekki er vitað hvar bærinn 1703 var, líklega á svipuðum slóðum og heimatúnið er nú.



Bær GK-087:011, horft til norðurs.



Grunnur bæjar 001 er rauður á myndinni.

Bæjarstæðið er á landræmu milli Útskálasíkis til suðurs og sjávar til norðurs. Svæðið er nú nýtt til beitar, búpeningi er gefið í túninu yfir vetrarmánuðina.
Nú stendur eftir steyptur grunnur húss, holur að innan. Hann er um 8 x 6 m að stærð íNNV-SSA og um 1 x 1 m steypupartur stendur út úr honum að sunnan. Þar hefur inngangur líklega verið. Innan í grunninum er um 0,6 m djúp gryfja sem til er kominn vegna uppblásturs. Undir gróðri kemur í ljós skeljasandur sem er mjög laus í sér, og stuðlar að uppblæstrinum. Ekki sér til uppsafnaðara mannvistarlaga undir húsinu.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Útskálar, 1 og 2; Ö-Gerðar aths, 1; Túnakort 1919

GK-087:002 *Vatnagarðar* bæjarhóll bústaður A 321490 N 402389
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð hús, íbúðarhús nyrðri bæjarins, um 40 m norður af bæ 001 og tæpum 20 m austan við Útskálasíki. Fram til ársins 2007 stóð þessi bær undir þaki, en var brann síðla sama ár.Nú stendur eftir grunnur og veggur austan við hann. Bæjarstæðið er í aflíðandi, gróinni brekku.
Hér standa eftir steypugrunnur og veggur. Grunnurinn er 7,5 x 6,5 m stór, og stendur um 0,7 m hátt sunnan megin en er jafnhár umhverfinu nyrst. Suður út undan veggnum má óljóst greina merki um eldri leifar. Um 5 m austan við grunninn er 1,5 m hár fokheldur veggur, hlaðinn úr fjörugrjóti og límdur með sandlími. Veggurinn er um 7 x 1,2 m á stærð, snýr norður-suður og er 2 m á hæð. Milli veggjarins og grunnsins er svo stétt, sem víða er orðin óljós, sérstaklega nær grunninum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Bær GK-087:002, horft til SSA.



Ljósmynd sem tekin var af bænum árið 2005.

GK-087:003 gerði kálgarður A 321512 N 402345



Kálgarður GK-087:003, horft til suðurs.

Á túnakorti frá 1919 er merkingin 'foksandur með görðum' austan og sunnan við tún syðra bæjarins. Hér er átt við garða kálgarðsins, en meðfram þeim hefur nú blásið allverulega upp. Garðarnir sem minnst er á afmörkuðu kálgarð, utan heimatúnsins. Hann var sambygggður túngarði 008 að sunnan og tilheyrði syðri bænum. Kálgarðurinn var um 5 m sunnan við bæinn.
Garðurinn liggur í grónu landi sem nokkuð er tekið að blása upp.
Kálgarðurinn er um 40 x 15 m stór og snýr norðaustur-suðvestur, hlið eru á honum til norðvesturs og suðurs. Einnig gætu veggirnir verið horfnir vegna átroðnings en hrossum er gefið hér á veturna. Í ytri hliðum kálgarðsins, og innan hans, er mikill uppblástur, en skeljasandurinn í jarðveginum gerir svæðið viðkvæmt fyrir blæstri. Garðarnir eru úr grjóti en eru nú í hættu vegna upplástursins, en rof er komið í þá.Víða er gróið yfir hleðslurnar. Fyrir miðjum kálgarðinum mótar óljóst fyrir veggjarbroti og líklegt að kálgarðinum hafi verið skipt í hólf.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Túnakort 1919

GK-087:004 heimild um hjall A 321526 N 402381
Á túnakorti frá 1919 er merkingin ‹3 timburskýli fyrir fisk› austan við túnið á nyrðri bænum. Ógreinilegar leifar þeirra eru um 40 m norðaustan við bæ 001.



Kálgarður GK-087:005, horft til ANA.

Rétt austan við túngarðinn er mikill gróðurfarsmunur, og leifar af hlaðinni stétt.
Engin ummerki fiskiskýlanna sjást á yfirborði lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-087:005 gerði kálgarður
A 321476 N 402409
Kálgarður var í nyrðri hluta túns nyrðri bæjarins samkvæmt túnakorti frá 1919. Leifar hans eða garðs sem á eftir kom sjást enn. Kálgarðurinn var innan túns, túngarður 008 afmarkaði nroðurhlið hans og Útskálasíki að vestan. Til suðurs og austurs sést gróinn

veggur sem afmarkaði kálgarðinn.
Kálgarðurinn er vel gróinn og nokkuð þýfður. Norðan við hann er tjörn en annars er gróður í kring.
Kálgarðurinn er nokkurnveginn þríhyrningslaga. Veggirnir eru nokkuð greinilegir en þó eiginlega alveg grónir, eru líklega grjóthlaðnir engu að síður. Garðurinn er um 21 x 14 m.og mesta hæð veggja er um 0,8 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-087:006 brunnur brunnur A 321475 N 402385
Brunnur var í túni nyrðra bæjarins samkvæmt túnakorti frá 1919. Brunnurinn er 12 m sunnan við bæ 002, fast við Útskálasíki.
Brunnurinn er í fífil- og grasigrónu túni. Um 3 m neðan við brunninn er tjörn og grýttur bakki hennar er um 2 m frá brunninum.
Árið 2008 var brunninum lýst svo: «Brunnurinn er um 1,5 m á lengd og 1 m á breidd. Dýpt brunnsins er nú um 1,5 m en eitthvað hefur verið fyllt upp í hann því grjót er í botninum. Brunnurinn er byrgður með spýtum og grjóti en þó sést ofan í hann. Ofan við brunninn um 1 m frá tjarnarbakkanum er hlaðinn bakki sem þó er að mestu leyti gróinn. Hefur hann að öllum líkindum tilheyrt brunninum sem mannvirki. Norðausturhorn brunnsins er eitthvað farið að blása upp.” Vatn í tjörninni var hærra þegar svæðið var skráð árið 2019 og búið að fylla alveg upp í brunninn með grjóti.


Brunnur GK-087:006, horft til VNV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-087:007 brunnur vatnsból A 321483 N 402373
Brunnur var í túni syðra bæjarins samkvæmt túnakorti frá 1919. Brunnurinn er um 16 m norðvestan við bæ 001, innan heimatúnsins.
Brunnurinn er í grasi- og fífilgrónu túni. Rétt norðan og vestan við hann er lágt garðlag, hluti af túngarði 008 sem skildi á milli heimatúna bæjanna.
Brunnurinn er um 1,5 m í þvermál og ekki sést hversu djúpur hann hefur verið því fyllt hefur verið upp í hann með grjóti. Ekkert af hleðslunum nær hærra en jörðin í kring.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919


Brunnur GK-087:007, horft til austurs.

GK-087:008 garðlag túngarður A 321522 N 402368
Samkvæmt túnakorti frá 1919 afmarkaði túngarður heimatúnið til allra átta nema vesturs, þar var Útskálasíki. Þvergarður lá austurs-vesturs og skipti á milli heimatúna bæja 001 og 002 sem voru aðskilin. Túngarðurinn sést á uppdrætti frá 1954. Göngustígur við ströndina liggur fast við túngarðinn og vírgirðing er eftir honum endilöngum. Túngarðurinn sést líka á uppdrætti frá 1954.
Grasivaxið tún sem nýtt er til beitar.
Túngarðurinn sést til allra átta og er samtals rúmlega 140 m að lengd. Til norðurs liggur hann 30 m til ASA frá Útskálasíki og sveigir síðan til SSA. Hann beygir aftur til vesturs sunnan við bæ 001 og endar




Túngarður GK-087:008, horft til SSA.

við Útskálasíki. Líklega er nyrsti hlutinn yngri, syðri veggur kálgarð 005 er að öllum líkindum upphaflegai túngarðurinn. Þergarðurinn er sendinn 0,2-0,3 m á hæð og grjót sést enn austast í honum. Það má sja´2 umför af grjóti ar, gróið yfir þær annars staðar. Túngarðurinn er einna greinilegastur til austurs. Þar er hann 104 m á breidd og 1 m á hæð. Það glittir í 4-10 umför af fjörugrjóti í honum. Túngarðurinn er grjóthlaðinn og hæstur fyrir miðju, Hann er 0,2-1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Uppdráttur 1954.

GK-087:009 öskuhaugur A 321495 N 402407
Öskuhaugur er um 7 m norðan við bæ 002, fast vestan við túngarð 008. Öskuhaugurinn er nyst í túni bæjar 002 og þar sést hólmyndun upp við túngarðinn. Það eru einungis fiskibein í öskuhaginum og ekki sér til ösku í rofi.
Gróið tún með þunnri gróðurþekju. Gulur skeljasandur sést undir öskuhaugnum.
Öskuhagurinn er 7,5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er gróinn en 2 m langt rof er í gróðurþekjunni til suðvesturs. Þar sést 10-20 sm þykkt fiskibeinalag. Ekki er ljóst hvort að öskuhagurinn var frá bænum eða fiskivinnslu sem var skammt norðar í Oddsskúrum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-087:010 garðlag kálgarður A 321504 N 402371



Öskuhaugur GK-087:009, horft til ANA.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 og uppdrætti frá 1954 var kálgarður fast ANA við bæ 001. Hann er ennþá varðveittur og afmarkarkast af túngarði 008 til allta átta nema norðurs, þar er grjóthlaðinn þvergarður sem liggur til vesturs frá túngarðinum að Útskálasíki. Milli bæjarins og þessa þvergarðs liggur útflatt, sigið garðlag sem gæti verið eldra. Það er algróið og hvergi glittir í grjót.
Kálgarðurinn er á milli bæjar 001 og túngarðs 008. Svæðið er nú nýtt til beitar, búpeningi er gefið í túninu yfir vetrarmánuðina.
Kálgarðurinn er 24x19 m að stærð og snýr austur-vestur, bær 001 var í suðvesturhorni kálgarðsins. Garðlag á milli hans og túngarðs 008 er 12x4 m að stærð og liggur norður-suður. Það er 0,2-0,3 m á hæð og gróið. Það er líklega grjóthlaðið en gróið yfir allar hleðslur. Vegna umfangs garðlagsins er líklegt að það sé mun eldra en frá 1919 í grunninn. Það er op til suðurs, út úr heimatúninu og inn í kálgarð 003.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Uppdráttur 1954.

GK-087:011 garðlag kálgarður A 321497 N 402397
Á túnakorti frá 1919 er garðlag fyrir austan bæ 002, innan heimatúns nyðri bæjarins. Hann er ekki sýndur á uppdrætti frá 1954 og fallinn úr notkun þá. Túngarður 008 afmakaði túngarðinn til austurs og suðurs og bær 002 til vesturs. Hluti af norðurhlið kálgarðsins sést enn.
Kálgarðurinn er á milli bæjar 002 og túngarðs 008. Svæðið er nú nýtt til beitar, búpeningi er gefið í túninu yfir vetrarmánuðina.
Kálgarðurinn var 19,5 x 10 m að stærð og snéri norður-suður samkvæmt túnakorti. Hluti af norðuhlið er

enn varðveittur. Hún er 8 x 0,7 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðlagið er 0,2 m á hæð og það sést glitta í grjót hér og þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-088 Miðhús

1703: Jarðardýrleiki óviss. Konungseign. 1847: 20 hdr. Bændaeign. Jarðarinnar er getið í skjölum um rekaskipti frá um um 1270: “Þetta er reka skipti aa rost hvalsnesi eptir því sem at fornv hefer verit. ...Þa eigv Midhvs vt til byrdinga skers j vtskala oss. Þadann eigv vtskaler til skagaflesiar.” DI II, 76-77.
Jarðarinnar er getið í fjárskiptabréfi “milli húsfrú Hólmfríðar Erlendsdóttur af einni álfu, en af annari Eyjólfs Einarssonar, sonar hennar, og systkina hans” frá 1522. DI IX, 87 Þá er hennar getið í í yfirýsingu Gissurar Skálholtsbiskups frá 1541 þar sem hann lýsir því yfir að “hústrú Hólmfríðr Erlendsdóttir haldi til fullrar eignar jörðunum Sandgerði, Króki og Miðhúsum ...” DI X, 657 og í dómi um “testametum hústrú Hólmfríðar heitinnar Erlendsdóttur” frá 1545, DI XI, 402. Þá er jarðarinnar aftur getið í dómi frá 1547 “um gildi gjafabréfs hústrú Margrétar Vigfúsdóttur 1486 um ánefnt jarðagóz til Þorvarðs Erlendssonar, dóttursonar síns...” DI XI, 570. Þorleifur Björnsson lýsir því yfir í Miðhúsum árið 1569 að “hann viti ekki , að jörðin Dynjandi í Jökulfjörðum hafi nokkurn tíma komið í eign föður síns.” DI XV 300.
1703: “Fóðrast kann ii kýr naumlega. ... Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenníngum ef vill. Torfrista og stúnga ekki nema í sendinni jörð og landlitlu landi. Lýngirif lítilsháttar og lángt í burtu. Fjörugrasatekja lítil. Rekavon lítil. Hrognkelsa og skelfisksfjara valla nefnd gefandi. Murukjarnar og þvílíkt ekki nema af reka, þó oftlega til að næra peníng á vordag í heyskorti. Eldiviðartak af fjöruþángi mjög af skorti so annarstaðar þarf til að fá. Heimræði er árið um kríng og gánga skip ábúanda eftir hentugleikum, inntökuskip eingin. ... Engjar eru öngvar. Landþröng hin mesta. Hagar nær því öngvir vetur og sumar.” JÁM III, 84-85.
1919: Tún 3 ha, kálgarðar 700 m2.

GK-088:014 garðlag landamerki
Túngarður, sem þjónar einnig hlutverki landamerkjagarðs, liggur milli túna Miðhúsa og Útskála GK-080. Hann liggur til suðvesturs frá Útskálasíki og endar norðan við íbúðahús við Skagabraut, þar er hann horfinn vegna rasks. Túngarðurinn er sýndur á túnakorti frá 1919. Árið 2007 var hann skráður undir tveimur númerum, hluti hans fékk númerið GK-088:044 en hér voru þeir sameinaðir.


Túngarður GK-088:014, horft til vesturs.

Sléttuð tún eru sitthvorum megin við að vestan, og hleðslurnar vel grónar svo ekki sér í stein, en þegar að bæjarhól 001 er komið verða hleðslurnar berar, líkast til hrossbitnar. Garðlagið liggur að mestu leyti um slétt tún. Syðst liggur það á sinuvöxnusvæði á milli túna.
Túngarðurinn er fast norðvestan við bæjarhól 001 og liggur að Hellukoti 027. Þar beygði hann líklega til vesturs og kantur 080:141 hluti hans í grunninn. Þessi tengsl eru þó óljós og af þeim sökum eru minjarnar skráðar undir sitthvoru númerinu. Suðurendi garðlagsins er um 60 m sunnan við Hellukot 027 og að öllum líkindum er sá hlyti yngri, þ.e frá Hellukoti að Skagabraut. Í heildina er túngarðurinn um 300 m að lengd og 2,3 m á breidd. Hleðslurnar eru að mestu grónar og liggur girðing eftir þeim endilöngum. Mest er garðurinn um 0,8 m hár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-088:022 öskuhaugur A 321411 N 402293
Öskuhaugur er um 50-60 m norðaustan við bæ 001 og rennur til norðurs niður Miðhúsahól. Öskuhaugurinn er nú innan beitarhólfs fyrir hross og ágangur er mikill af þeirra völdum. Á túnakorti frá 1919 tilheyrir þetta svæði Útskálum GK-080, landamerkjagarður 014 er þar á milli. Fjárhús/fjós er nú á bæjarhól Miðhúsa og malarplan þar vestan við. Miðhúsahóll er 2,5-5 m á hæð á þessu svæði og án efa klettur þar sem sést ekki vegna gróðurrþekju.

Gróin tún. Þau eru sléttuð en nýtt til beitar. Hóllinn skagar til norðrus hér, í átt að Útskálasíki.
Askan sést í rofi norðan í háhólnum. Askan er grá og þar er mikið af fiskibeinum. Mold er blönduð öskunni í rofinu og það má sjá ösku niður allan hólinn, nánast að Úskálasíki. Öskuhaugurinn er um 10 m í þvermál en ekki er hægt að segja til um hvesu þykkur hann er, sést bara í rofi í halla til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Öskuhaugur GK-088:022, horft til austurs.

5. Upphaf og þróun byggðar innan verndarsvæðis

Landslag og náttúrufar í Garði er svipað og víðast annars staðar á utanverðum Reykjanesskaga. Svæðið er flatlent og fremur gróðursnautt, þar er vindasamt og oft á tíðum töluverð úrkoma. Jarðvegur svæðisins er fremur þurr og sandur er við Skagatá. Uppblástur hefur sett mark sitt á gróðurfar allt frá 13. öld og gróðurþekja er víða þunn. Landbrot er mikið á Reykjanesi og landsig hérlendis er hvergi meira en einmitt á þessum slóðum. Sökum þessa er sjóvarnargarður meðfram allri strandlínunni innan verndarsvæðis. Meðfram ströndinni hefur verið byggð öldum saman og þar hefur líklega snemma myndast þéttbýli (a.m.k. á íslenskan mælikvarða) og íbúar reitt sig á sjósókn samhliða skepnuhaldi. Þegar reynt er að ráða í byggðarþróun á tilteknu svæði má nota ýmsar vísbendingar sem finnast við fornleifarannsóknir og úr heimildum, s.s. upplýsingar um stærð og dýrleika jarðar, jarðarheiti og landgæði til að setja fram kenningar um upphaf og þróun byggðar. Í þessum kafla verður gerð tilraun til að rýna í tiltækar vísbendingar um upphaf og þróun búsetu í Út-Garði, allt fram að stofnun Gerðahepps í upphafi 20. aldar. Sögu hreppsins er annars gerð ítarleg skil í bókinni *Gerðahreppur 90* ára og litlu við þá umfjöllun að bæta.[2]

Um tímasetningu landnáms í Garðinum er ekkert vitað með vissu. Í Landnámu segir að Ingólfur Arnarson hafi numið Reykjanesskaga og Rosmhvalanesið allt og síðan gefið frænku sinni Rosmshvalanes fyrir utan Hvassahraun að gjöf.[3] Engar sagnir fylgja um búsetu hennar. Hvar fyrstu bæir í Garðinum voru staðsettir er ekki vitað en sé horft á tilrækar upplýsingar er hægt að gera tilraun til þess, innan verndarsvæðis. Í ritheimildum eru Útskálar gjarnan taldir með elstu jörðum á svæðinu. Við fornleifarannsóknir á bæjarhól Útskála var farið niður á búsetulög frá 12. öld og ljóst að eldri mannvistarlög eru enn enn neðar en ekki hafi var grafið í þau. [4] Kirkju í Útskálum er fyrst getið í kirknaskrá Páls Jónssonar frá því um 1200[5] en ekki eru heimildir um aðrar kirkjur eða bænhús innan skráningarsvæðisins. Kirkjur og bænhús eru yfirleitt talin vera reist skömmu eftir kristnitöku. Jarðir þar sem kirkjur eða bænhús hafa verið eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfð slíkum húsum á að skipa og getur því verið freistandi að álykta að hinar síðarnefndu séu seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Kuml eru sjálfstæð vísbending um búsetu fyrir árið 1000. Einn kumlateigur hefur fundist í Gerðaheppi, í landi Hafurbjarnastaða sem er næsti bær sunnan við Útskála. [6] Ekkert kuml né sagnir um dysjar eða aðra legstaði er innan verndarsvæðisins.

Ekki hafa varðveist mikið af ítarlegum heimildum um Útskála á miðöldum en jarðarinnar er þó getið á nokkrum stöðum í Fornbréfasafni. Þar koma fram athyglisverðar upplýsingar sem varpa ljósi á sögu og nýtingu svæðisins. Í máldaga Útskálakirkju frá árinu 1270 segir: ‘Jtem

2 Jón Þ. Þór. 1998.
3 Landnáma (ÍF I). 1968: 393.
4 Guðrún Alda Gísladóttir. 2006.
5 DI XII: 9.
6 Kristján Eldjárn. 2016: 94-96.

eiga Útskaler vatnstöku j Kroksbrunn [...] Krokur ok midhus eiga tveggia skipa uppsatur j Naustaholm. Jtem eiga Útskaler allar veidar sudur j lambarif...“. Samkvæmt þessu var útræði stundað frá Útskálum á 13. öld, líklega frá hjáleigunni Naustum sem fór í eyði undir lok 18. aldar vegna ágangs sjávar.[7] Einnig vekur að athygli að minnst er á akurlöndin í máldaga frá árinu 1340: „umframm öll þau akurlond sem Biarni keypti til útskaala ok ein[n] karfa met atkierum ok ollum reida ok bäti.“[8] Þetta sýnir ennfremur að útræði var stundað á svæðinu. Útskálar voru í bændaeign og kirkjan þar bændakirkja allt fram undir miðja 14. öld en þá komst helmingur jarðarinnnar í eigu Skálholtsstaðar. Um miðja 16. öld er jörðin öll komin í eigu Skálholts.[9] Vísbendingar eru um að fólki hafi fjölgað á svæðinu á þessum tíma m.a. vegna aukinnar sjósóknar enda voru sjávarafurðir mikilvægustu útflutningsafurðir á þessum tíma.[10]

Annar bær innan verndarsvæðis sem getið er í máldögum eru Lambastaðir og telst hann líklega önnur stærsta jörðin á eftir Útskálum, innan þess svæðis sem tekið var út 2019. Jarðarinnar fyrst er getið í Jarðaskiptabréfi árið 1563 og ólíkt Útkálum þá var hún konungseign og eitt af höfuðjörðum dönsku konungsútgerðarinar á 16.-18. öld á Reykjanesi.[11] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir um þá Lambastaði: „ Kvaðir eru mannslán um vertíð, item að meðtaka í vertíðarlok skipsbáta allan af kóngsskipi, sem þar gengur, hvort það er stærra eður smærra [...] Enn nú að auk er sú kvöð að viðhalda kóngsskipsbúðinni, og alt þetta betalíngslaust (...) Heimræði er árið um kríng og ganga skip ábúandans eftir hentugleikum, item gengur hjer eitt kóngssip venjulega um vertíð, oftast áttáringur, stundum stærra stundum smærra.“[12]

Elsta ítarlega heimildin um Út-Garð er einmitt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Þar er kostum og göllum Útskála lýst og hjáleigur jarðarinnar taldar upp, en þær eru þá 10 talsins. Af lýsingunni fæst staðfest gæði jarðarinnar voru fólginn í sjávarnytjum fremur en skilyrðum til landbúnaðar. Samkvæmt jarðabókinni gat jörðin fóðrað 2 kýr, 1 ungnaut og 1 hest. Þar er þess getið að heimræði sé allt árið um kring, þang aðaleldiviður, fjörugrastekja og sölvafjara í betra lagi, selveiði til góðra hlunninda ef notuð væri, rekavon góð og en torfskurður sendinn, engjar engar, vatn sé tekið úr Króksbrunni og þess einnig getið að sjór brjóti af landið og sandur gangi þar yfir.[13] Í jarðabókinni kemur einnig fram að á Lambastöðum séu þrjár hjáleigur en seinna var jörðinni skipt í tvö sjálfstæð býli og hjáleigan Hof varð þá lögbýli á hluta jarðarinnar.[14] Þótt ekki sé getið um hjáleigubyggðina við Útskála fyrr en um 1703 eru allar líkur á að hún nái mun lengra aftur og hugsanlegt að hún eigi upphafi sitt að einhverju leyti að rekja allt aftur á 12.-13. öld þegar fiskneysla jókst til muna og sjávarútvegur fór að fá aukið vægi. Ástæða aukins þunga sjávarútvegs var m.a. kólnandi veðurfar, samdráttur í landbúnaði og vaxandi fólksfjöldi.[15]

7 DI II: 77.
8 DI II, 734.
9 DI II: 733-734; DI XIII: 507-508.
10 Jón Þ. Þór. 1998: 41.
11 DI II: 78-79; DI XIV: 155.
12 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III (JÁM): 77.
13 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III (JÁM): 79.
14 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalí III (JÁM): 77; Ö-Garðskagi. 1.
15 Jón Þ. Þór. 1998: 64.

Það er ljóst að innan verndarsvæðisins var stunduð talsvert umfangsmikil sjósókn en umfang hennar hefur án efa ráðist að hluta af tíðarfari og öðrum utanaðkomandi ástæðum. Það ekki er t.d. vitað hversu mörg skip réru frá úttektarsvæðinu árið 1703, en það er ljóst að þaðan réru skip frá konungi, kirkjunni og bændum á svæðinu. Þegar Jarðabókin var rituð var ekkert útræði frá Útskálajörðinni sjálfri en bændur frá öllum hjáleigunum bar skylda að róa eða lána mann til kirkjunnar á Útskálum. Hjáleigurnar voru því að öllum líkindum fyrst og fremst byggðar vegna útræðis og skipsróðurs á vegum kirkjunnar, allt árið um kring.[16] Konungsútgerð á Lambastöðum lagðist af á seinni hluta 18. aldar. Á 19. öld var bændaútgerð mikil á svæðinu en ekki er vitað hversu mörg skipin voru.[17]



Gerði eða túngarður sést á loftmynd. ©bing.com

Ljóst er að áhrif landbrots í Út-Garði hafa verið mikil um aldir, a.m.k. allt frá 17. öld og eflaust allt frá upphafi byggðar á svæðinu. Þegar jarðabókin er rituð í upphafi 18. aldar er þegar búið að flytja Lambastaði af elsta bæjarhólnum.[18] Á næstu 140 árum urðu miklar breytingar á svæðinu, jörðin Naust fór í eyði vegna sjógangs og tvær af hjáleigum Lambastaða hurfu í sjó. Við yfirferð loftmynda í þessari skráningu fundust ummerki um garðlag/túngarð á klöppum norðan Vatnagarða. Klappirnar eru undir sjó en ummerkin benda engu að síður til að þarna gæti verið fundinn hluti af túngarði bæjarins Nausts.[19]

Túngarður Útskála var einnig færður tvisvar sökum landbrots, upp í túnið að norðanverðu.[20] Landbrotið hélt áfram og þegar komið er fram undir lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. urðu enn og aftur breytingar á byggðinni við sjávarsíðuna. Þá voru bæirnir Hof og Lónshús báðir fluttir vegna ágangs en síðarnefndi bæinn hafði verið varinn með sjógarði fram að þeim tíma.[21]

16 Jón Þ. Þór. 1998: 53-54, 62-65.
17 Jón Þ. Þór. 1998: 70.
18 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalí III (JÁM): 78-79.
19 Loftmyndirnar sem skoðaðar voru eru á heimasíðunni bing.com
20 SSGK. 1839: 160-161.
21 Ö-Garðskagi, 5-6; Túnakort 1919

6. Samantekt um fornleifaskráningu og-rannsóknir innan verndarsvæðis

Áður en lengra er haldið er rétt að taka saman helstu niðurstöður þeirra fornleifarannsókna sem höfðu verið gerðar innan úttektarsvæðis áður en skráning vegna verndarsvæðis hófst í mars 2019.[22]

Einn friðlýstur minjastaður er innan svæðisins en það eru forn akurgerði (GK-080:035), austan við Garðskagavita. Í Friðlýsingarskrá segir: „Útskálar. Akurlönd forn, á Garðskaga. Sbr. Árb. 1903: 35-36. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.“ Það er ljóst að þessi friðlýsing er almenn og skilgreinir ekki nákvæm mörk hins friðlýsta svæðis. Minjarnar eru merkar og því afar brýnt er að varðveita ummerki þeirra sem enn sjást. Akurgerðanna er fyrst getið í sóknarlýsingum Útskálaprestakalls árið 1839 og aftur tæpum 10 árum síðar í riti Magnúsar Grímssonar um svæðið. Brynjúlfur Jónsson fjallar um akrana í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1902. Brynjúlfur getur þess að akurlöndin séu á skaganum fyrir norðan Útskála og segir votta fyrir a.m.k.: „18 akurreinum, 4—8 fðm. breiðum, sem eru aðgreindar með þráðbeinum, jafnhliða görðum, er norðast liggja yfir um þveran skagann, en þegar sunnar dregur, takmarkast þeir að vestanverðu af garði, sem þar liggur frá sjónum langsetis í suðaustur að litilli hæð eða tóftabungu, sem er skamt frá norðvesturhorni hinna norðustu túngarða í Útskálahverfinu, sem nú eru.“ [23] Þessar akurreinar eru nú að mestu horfnar. Þó mótar óljóst fyrir þeim á tveimur stöðum sunnan við Byggðasafnið á Garðskaga og í afgirtu beitarhólfi þar austar, norðan býlisins Hólavalla.

Fornleifarannsókn var gerð á akurreinunum árið 1999, í landi Hólavalla. Þá voru grafnir tveir könnunarskurðir en engin gjóskulög fundust í þeim og ekki var hægt að aldursgreina minjarnar. Jafnframt fundust frjó af byggi en ekki var hægt að staðfesta að akuryrkja hafi farið fram á svæðinu, þótt það teldist líklegt.[24] Í skráningu minja vegna verndarsvæðis 2019 var var flogið með dróna yfir svæðið og það ljósmyndað kerfisbundið. Í kjölfarið voru gerð stafræn yfirborðslíkön og hnitaðar loftmyndir og þau gögn greind ennfrekar í landfæðilegum upplýsingakerfum. Á þeim myndum sjást ummerki um mun fleiri akurreinar en hægt er að greina á yfirborði.

Samhliða rannsókninni á akurreinunum 1999 var Skagagarður (GK-080:036) aldursgreindur og fyrri aldursgreiningar staðfestar. Niðurstöður rannsókna sýna að hrun úr garðinum er undir miðaldalaginu frá 1226 og landnámslagið er í torfi garðsins. Skagagarður er því líklega hlaðinn á 10.-11. öld. Hann sést ekki innan fyrirhugaðs verndarsvæðis en heimildir

22 Adolf Friðriksson o.fl. 2005; Ágústa Edwald. 2008; Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 2005: Birna Lárusdóttir. 2008: : Birna Lárusdóttir. 2017: Garðar Guðmundsson o.fl. 2004: Guðrún Alda Gísladóttir. 2006: Stefán Ólafsson. 2014.

23 Friðlýsingarskrá. 1990: 8; SSGK: 161;184; Magnús Grímsson. 1940: 244-245; Brynjúlfur Jónsson. 1902: 36.

24 Garðar Guðmundsson o.fl. 2004; 84-90, 98-99.




Á myndinni má greina ílangar reinar sem liggja norður-suður á vesturhluta verndarsvæðisins allt að bænum Hofi GK-079. Þetta vekur upp spurningar hvort vernda eiga þetta svæði enn frekar smbr. friðlýsinguna sem er afar óljós. ©Fornleifastofnun Íslands.



Ef myndin prentast vel má sjá Skagagarð GK-080:036, sunnan við Skagabraut og eldri túngarða í heimatúni Útskála. ©Fornleifastofnun Íslands.

geta þess að hann hafi náð allt að túngarði Útskála (GK-085:003).[25]

Talsverðar fornleifarannsóknir voru gerðar á Útskálum árið 2005 en þá var fyrirhugað að byggja safnaðarheimili norðan við bæinn og reista hótel til vesturs. Af þeim sökum var svæðið næst bænum deiliskráð og reyndust átta minjastaðir vera innan hans. Í kjölfarið var ráðist í uppgröft á bæjarhól Útskála, á 25 m^2 svæði. Rannsóknirnar voru gerðar árin 2005-2006 og leiddu í ljós umfangsmiklar mannvistarleifar í bæjarhólnum. Jafnframt reyndust varðveisluskilyrði vera einstaklega góð, bæði fyrir lífrænar leifar og málma. Elstu leifarnar sem grafnar voru upp reyndust vera frá því um miðja 12. öld en greinilegt var að enn eldri leifar voru neðar í hólnum þótt ekki hafi verið grafið niður á þær að þessu sinni.[26]



Uppgraftarsvæðið á Útskálum.

Talsvert landsvæði frá Garðskagavita austur að Útskálum var deiliskráð árið 2007. Það svæði er lítið minna en fyrirhugað verndarsvæði og voru samtals skráðar 144 minjar á því. Síðan skráningin var gerð hafa kröfur til deiliskráningar verið auknar og er nú m.a. nauðsynlegt að mæla upp alla sýnilega minjastaði.[27] Árið 2007 hafði Fornleifastofnun því samtals skráð 152 minjastaði innan þess svæðis sem hér er til skoðunar. Fornleifastofnun aðalskráði fornleifar í sveitarfélaginu Garði á árunum 2008-2010. Vatnagarðar eru eina jörðin sem koma við sögu úr þeirri skráningu, þar voru skráðar fimm minjar. [28]

Árið 2014, þegar unnið var að lagningu göngustígs í verkefninu Söguslóð, var garðlag skammt norðan við bæinn Lónshús fjarlægt. Fornleifafræðingur hafði eftirlit með þeim framkvæmdum. Engar fornleifar reyndust vera á svæðinu og garðlagið reyndist vera úr vélmokuðum sandi sem tyrft hafði verið yfir með þökum. Undir garðlaginu er grjóthleðsla, líklega varnargarður gerður um miðja síðustu öld.[29] Árið 2017 var gerð fornleifaúttekt sunnan Skagabrautar en úttektarsvæðið náði aðeins á einum stað norðan við veginn og inn á núverandi vendarsvæði, en þar reyndust ekki fornleifar.[30]

25 Jón Böðvarsson. 1988: 91-93; Garðar Guðmundsson o.fl. 2004: 85.
26 Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 2005: Adolf Friðriksson o.fl. 2005; Guðrún Alda Gísladóttir. 2008: munnleg heimild.
27 Ágústa Edwald. 2008.
28 Birna Lárusdóttir o.fl. 2008.
29 Stefán Ólafssson. 2014.
30 Birna Lárusdóttir. 2017.

Verndarsvæðið í Garði er sem fyrr segir um 60 ha stórt og var gengið kerfisbundið um það allt í leit að fornleifum. Við skráningu árin 2005, 2007 og 2008 voru 157 minjar skráðar innan svæðisins líkt og kom fram hér ofar. Við skráningu á fyrirhuguðu verndarsvæði 2019 voru skráðar um 120 minjar til viðbótar. Því eru samtals þekktar tæplega 280 minjar innan fyrirhugaðs verndarsvæðis. Kom þessi aukning minjastaða innan svæðis talsvert á óvart en nefna má ýmislegt sem skýrir hana. Í fyrsta lagi fundust talsvert margar fornleifar þegar svæðið var þaulgengið. Nokkrar þeirra voru á svæðum sem ekki höfðu verið rannsökuð svo ítarlega áður en aðrar voru án efa greinilegri en áður þar sem gróður var ekki kominn á skrið en minjar eiga það til að hverfa í gróður seinni hluta sumars. Í öðru lagi má nefna að sökum reglu um 100 ára aldur fornleifar bætast ungar minjar við sem fornleifar ár hvert og því nokkrir minjastaðir sem skráðir voru sem ekki höfðu talist til fornleifa þegar eldri skráning var gerð. Því hafði fornleifum fjölgað lítillega á þeim rúmu 10 árum sem liðin voru frá því síðasta deiliskráning var gerð. Að öllu jöfnu þarf minjastaður að hafa náð 100 ára aldri til að teljast til fornleifa og „nýjar“ fornleifar hafa því bæst í hópinn. Í þriðja lagi var verklag við skráninguna var nákvæmara en nokkru sinni áður, bæði vegna aukinna skilyrða um deiliskráningu og fyrirmæla Minjastofnunar Íslands um að þegar verndarsvæði í byggð séu skráð skuli taka með yngri minjar en ella.

Hér verður fjallað um helstu minjaflokka sem skráðir voru og einkenni þeirra.

Bæjarstæði og bústaðir

Þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir, jafnvel allt frá landnámsöld myndast gjarnan reisulegir hólar, svokallaðir bæjarhólar. Slíkir bæjarhólar eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóð á kynslóð ofan og í þeim er gjarnan marga forngripi að finna. Bæjarhólar teljast því að jafnaði merkustu minjastaðir hverrar jarðar og er bæjarhóllinn á Útskálum þar engin undantekning líkt og fornleifarannsóknir sýna. Aðrir bæjarhólar á svæðinu láta minna fyrir sér fara þótt greina megi nokkra uppsöfnun á flestum bæjarstæðum. Þó er ljóst að fornleifa væri að vænta undir sverði hvar sem skófu yrði er stungið niður í þeim.

Gera má ráð fyrir að þéttbýlt hafi verið í Út-Garði um aldir og á nokkrum bæjum innan fyrirhugaðs verndarsvæðis var tví- og jafnvel þríbýli. Ekki er ljóst hvenær hjáleigu- og þurrabúðabyggð tekur að þéttast að ráði í Garði. Eins og áður segir eru 13 hjáleigur taldar upp á svæðinu í Jarðabók Árna og Páls árið 1703. Flestar þeirra eru orðnar að lögbýlum árið 1847 og sumar sennilega löngu fyrr. Auk þeirra 11 bæja á svæðinu sem voru lögbýli 1847 (sjá kafli 4) og voru skráð 29 önnur býli og bæjarstæði innan þess. Þessi tala er þó villandi, í einhverjum tilvikum er um tilfærslu á bæjum að ræða, sumar staðsetning sumra hjáleiganna eru týnd og aðrar eru án nafns og er vel mögulegt að sum þessara býla hafi verið á sömu slóðum og síðar byggjast upp aðrar hjáleigur með nýjum nöfnum.

Árið 1703 voru tvær jarðir innan þess svæðis sem nú er til umfjöllunar, Útskálar og

Lambastaðir. Þegar jarðabókin er rituð var þegar búið að færa Lambastaði (GK-078:001) vegna ágangs sjávar. Ekki er greint frá því í jarðabókinni hvenær bærinn var færður en elsti bæjahóll jarðarinnar er að öllum líkindum alveg horfinn í sjávarrof. Yngri bæjarhóllinn á Lambastöðum (078:002) er fremst á sjávarbakkanum og sjóvarnargarður sér til þess að sjórinn brjóti ekki meira af honum en orðið er. Á bæjarhólnum er skúr og margvísleg ummerki um búsetu, m.a. bátaspil, húsgrunnar og hleðslur. Íbúðarhúsið á Lambastöðum er um 150 m sunnar og bærinn stendur því nú á sínum þriðja stað. Í Jarðabókinni er getið um þrjár hjáleigur Lambastaða. Lítið er vitað um tvær þeirra og þær komnar í sjó árið 1839 (GK-078:011 og GK-078:012). Önnur var þegar í eyði þegar Jarðabókin var rituð en ekki vegna ágangs sjávar. Líkur eru taldar á að Skagahóll (GK-078:013) sé býli en það þarfnast frekari rannsókna. Samkvæmt örnefnalýsingu er Hof (GK-079:001) helmingur Lambastaða en býlið var upphaflega hjáleiga og er þess getið sem slíks í jarðabókinni. Ekki er vitað hvenær hvenær býlið verður að lögbýli en hefur verið á tímabilinu 1704-1847 þar sem býlið er talið til lögbýla í jarðabók frá því ári. Í upphafi 20. aldar var bærinn á Hofi aftur fluttur vegna ágangs sjávar, á núverandi stað (GK-079:002) um 70 m sunnar. Gamli bæjarhóllinn sést enn fremst á sjávarbakka, á honum eru ummerki um þurrabúð sem var þar eftir að bærinn var flutttur í upphafi 20. aldar. Viðarbrú hylur nú þessar tóftir og göngustígur er ofan á sjóvarnargarðinum sem var gerður árið 2014.

Öll umerki um eldri bæjarhús (GK-080:001) og útihús á Útskálum eru horfin af yfirborði en bæjarhóllinn geymir upplýsingar um búsetu allt aftur á fyrstu aldir líkt og áður hefur verið minnst á. Á bæjarhólnum er íbúðarhús (GK-080:147) sem byggt var 1890 og nánar er fjallað um í Húsakönnun. Útihús (GK-080:051) stóð í norðvesturhorni bæjarhólsins en það var rifið fyrir um 10 árum. Í jarðabókinni 1703 er getið um 10 hjáleigur Útskála. Fjórar þeirra voru í eyði þegar jarðabókin var rituð og þær eiga það allar sameiginlegt að ekki er lengur vitað hvar þær voru. Tvö af býlunum (GK-080:016 og GK-080:017) voru kennd við þá ábúendur sem þar bjuggu hverju sinni en báðar fóru í eyði um 1700. Samkvæmt jarðabókinni má ætla að búseta hafi þar verið nokkuð samfelld fram að þeim tíma. Blómsturvellir/Snorrakot (GK-080:018) fór í eyði á sama tíma og nafnlausu býlin og voru grasnytjar þess lagðar til Vatnagarða GK-087. Ekki er vitað hvar býlið stóð en líklega var það nærri Vatnagörðum. Fjórða hjáleigan var Hesthús (GK-080:032) og var staðsetning hennar þegar er týnd 1703. Nafnlaust býli (GK-008:068) var í byggð 1703 nærri Útskálabænum en ekki er vitað nákvæmlega hvar hún stóð. Í túni Útskála eru fimm rústahólar þar sem hugsanlegt mætti telja að hjáleigur hefðu verið og verður hér greint stuttlega frá þeim öllum. Fyrir suðvestan bæjarhól Útskála eru minjar (GK-080:038) og mótar þar fyrir bæjarhól og útflöttum tóftum. Þessar minjar urðu fyrir smávægilegu raski þegar húsgrunnur fyrirhugaðs hótels á Útskálum var steyptur. Minjar (GK-080:039) eru rétt austar, beint norðan við bæjarhól Útskála. Þar er allstórt og óreglulegt þústahrúgald, að hluta eru ójöfnurnar vegna jarðrasks. Könnunarskurður var gerður á þessum stað árið 2006 og þá komu í ljós byggingarleifar og gripir frá 18.- 20. öld. Rústahóll (GK-080:070) var um 100 m vestan við Útskála og var skráður árin 2005 og 2007. Minjanar voru fjarlægðar vegna framkvæmda við húsgrunn fyrirhugaðs hótels og voru ekki rannsakaðar sem verður að teljast alvarlegt mál fyrir

alla hlutaðeigandi aðila. Fyrir sunnan Útskála eru tveir rústahólar þar sem gætu hafa staðið býli. Vestari hóllinn (GK-080:071) er umfangsmeiri og á yfirborði hans mótar fyrir hólfum. Eystri hóllinn (GK-080:072) er skammt austar og örlítið lægri. Ekki mótar fyrir þar fyrir ummerkjum á yfirborði en ljóst er að mannvistarleifar leynast undir sverði. Býlið Naust (GK-080:015) fór í eyði árið 1782, en þar var áður þríbýli. Öll ummerki um býlið eru komin sjó líkt og áður var greint frá.

Lónshús (GK-081:001) var hjáleiga Útskála en bærinn var fluttur um 1890 vegna ágangs sjávar. Húsið Hólmasteinn er líklega á hluta elsta bæjarhólsins að hluta, þ.e. ef eitthvað var eftir af honum. Yngra bæjarstæði Lónshúsa (GK-081:002) var skammt vestan við gamla bæjarstæðið. Þar er nú steinsteypt íbúðarhús (GK-081:015) byggt 1906. Engin ummerki um eldri byggingar sjást þar á yfirborði. Íbúðarhúsið, Akurhús II, eru byggð ofan í norðvesturhorn bæjarhóls Akurhúsa (GK-082:001) en engin ummerki um eldri bæ sjást á yfirborði. Á túnakorti frá 1919 er merkt lítið timburhús (GK-082:002) fast austan við gamla bæinn, en þarna er nú húsið Akurbrekka II. Þarna var líklega timburhús sem tók við af gamla torfbænum. Bæjarhóll Nýjabæjar (GK-083:001) er merkjanlegur en engar minjar eru þar á yfirborði. Hólnum var mikið raskað með byggingu sólpalls á síðustu árum og jarðvegi rutt til suðausturs. Íbúðarhúsið í Nýjabæ (GK-083:017) er reist fast norðan við bæjarhólinn árið 1911 og nánar er fjallað um það í Húsakönnun. Bæjarhóll Móakots (GK-084:001) sést enn, á honum eru ekki greinilegar minjar en hleðslur afmarka suðvestur- og norðausturbrúnina. Bílskúr er grafinn inn í hólinn til suðausturs. Bæjarhóll Presthúsa (GK-085:001) er fast norðaustan við núverandi íbúðarhús á bænum en ekki sjást minjar á yfirborði. Garðhús (GK-086:001) fóru í eyði á seinnihluta 20. aldar og öll hús hafa verið rifin. Bæjarhóllinn sést í sléttu túni og það mótar fyrir lágum hryggjum og dældum þar ef vel er að gáð. Vatnagarðar (GK-087:001 og GK-087:002) eru norðan við Útskálasíki, við sjávarkampinn. Bærinn fór í eyði eftir 1919, þar var tvíbýlt en bæði húsin hafa verið rifin og engin ummerki eru þar um bæjarhól.

Getið er um býlið Naustakot (GK-080:022) í örnefnalýsingu Útskála. Ekki er vitað hvenær það byggðist en þess er fyrst getið í manntali 1840. Þar er enn búið árið 1845 en bærinn fer líklega úr ábúð fljótlega eftir það. Mögulegt er að kotið byggist upp á sama stað og Naust var áður eftir að síðarnefnda býlið er fallið í eyði en ekkert er hægt að fullyrða um það og nákvæm staðsetning eða önnur ummerki um bæinn eru ekki þekkt. Nýlendu (GK-080-048) er fyrst getið í nýrri Jarðabók fyrir Ísland 1861 og að öllum líkindum fyrst byggð stuttu áður.[31]

Á seinnihluta 19. aldar og byrjun þeirrar 20. öld þéttist byggð ennfrekar á svæðinu. Flest nýju býlanna eru merkt inn á á túnakort frá 1919. Öll eru þau sunnan við eldri bæi, utan við gömlu heimatúnin. Þetta eru býlin Garðskagi (GK-080:062), Hólavellir (GK-080:064), Steinshús (GK-080:069), Sjávargata (GK-080:054), Sæból (GK-080:52), Blómsturvellir (GK-080:58), Hólavellir (GK-080:064), Móhús (GK-080:023), Hellukot (GK-080:027), Fögruvellir (GK-080:055) og Steinhús (GK-080:069). Nýr viti var einnig reistur árið 1944, innan túns

31 Sjá: http://manntal.is/leit/Nausta-kot/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1835

Garðskaga. Þá voru íbúðarhúsið að Grund og Efra Hofi reist á fjórða áratug síðustu aldar og síðar hafa fleiri íbúðarhús verið byggð fast norðan Skagabrautar á milli Móakots og Móhúsa. Þessari þéttingu byggðar hefur fylgt talsvert rask á svæðinu.

Kálgarðar, gerði og garðlög

Sá minjaflokkur sem setur hvað mestan svip á umhverfið í Garði eru ýmiskonar garðlög og er það jafnframt stærsti minjaflokkurinn. Stór hluti þeirra var merktur inn á túnakort frá 1919 en haldið var áfram að hlaða tún- og kálgarða í Garði fram eftir öldinni. Fjöldi garðlaga í Garði helgast sennilega fyrst og fremst af þéttri byggð, en ljóst er að þéttbýlt hefur verið þar um aldir. Garðlögin þjónuðu ýmsum hlutverkum. Sumir garðanna hafa verið hlaðnir um kálgarða eða túnskika sem tilheyrðu ákveðnum býlum, aðrir voru hlaðnir milli jarða og hafa þá væntanlega einnig þjónað hlutverki túngarða, einhver eru hlaðin undir girðingar og önnur gegna mörgum hlutverkum eða þá að hlutverk þeirra er óþekkt. Eftir því sem byggð þéttist á svæðinu hefur án efa orðið sí algengara að hlaða garða um túnskika eða litla bletti sem tilheyrðu hinum og þessum eigendum. Þannig hefur garðanetið orðið flóknara eftir því sem leið á 19. öldina. Sumum görðum hefur verið haldið við allt fram á þennan dag en erfitt er að ráða af yfirborðsummerkjum hvort þeir eru gamlir að stofni til eða hleðslur frá 20. öld. Af þeim sökum voru öll sýnleg garðlög á svæðinu skráð, jafnvel þótt sum gætu verið yngri en 100 ára. Það er þó rétt að hafa þann fyrirvara á að jafnvel þótt garðlag sé nýlegt að sjá getur það hafa verið endureist á fornum grunni. Á þetta bæði við um nýhleðslur og garðlög sem tilheyra sýnilega eldri byggingarskeiðum. Nokkrum vandkvæðum er bundið að skrá garðlögin, enda mynda þau flókið kerfi og eru sýnilega misgömul. Ekki er alltaf auðvelt að ákveða hvaða garðlög tilheyra sama mannvirki eða byggingarstigi og því er erfitt að birta tölulegar upplýsingar um garðlög líkt og aðra minjastaði, enda geta fleiri en eitt garðlag stundum verið skráð undir einu númeri.

Alls voru skráð 94 garðlög innan úttektarsvæðis og mynda þessi mannvirki heild sem nær yfir allt verndarsvæðið. Garðlögin gætu verið lykillinn að því að ráða í þróun byggðarinnar, sérstaklega ef hægt væri að aldursgreina þau. Stundum var hægt að setja fram tilgátur um í hvaða röð garðlögin voru reist út frá afstöðu þeirra í milli hér á eftir fylgir umfjöllun um mögulegan aldur garðlaganna sem byggð er á slíkum rannsóknum. Reynt var að greina hvaða garðlög væru „ráðandi“ á svæðinu og gætu þar af leiðandi verið elst. Þetta er sett fram með þeim fyrirvara að engir könnunarskurðir hafa verið gerðir ennþá og því hugmyndir um aldur byggðar á tilgátu en vonandi má í framtíðinni afla betri upplýsinga um aldur garðlaganna með skurðum.

Skagagarður (GK-080:036) er samofinn sögu Garðs og nafnið byggðarinnar líklega dregið af honum. Skagagarður er horfinn innan úttektarsvæðisins og en sést sunnan við Skagabraut. Heimildir geta þess að hann hafi legið til suðurs frá túngarði Útskála (GK-085:003) og er það ekki ólíklegt. Heimatún og þar með talið túngarður Útskála hefur tekið breytingum


N
Röð garðlaga
Fyrsta skeið garðlaga
Annað skeið garðlaga
Yngsta skeið garðlaga
Akurreitir
Uppmældar minjar
Verndarsvæði
0 100 200 300 400 m
© Loftmyndir ehf.

í gegnum tíðina, ekki síst með þéttingu byggðar til suðurs og landbroti til norðurs. En það eru fleiri garðlög á verndarsvæðinu, sem svipar til Skagagarðsins. Suðvestarlega á úttektarsvæðinu mótar fyrir fornu, signu garðlagi. Það er skráð hér undir nokkrum númerum enda erfitt að átta sig á samhenginu á vettvangi og það varðveitt í bútum. Það sést vel á yfirborðslíkani á bls. 51, hé aftar.

Fyrst má nefna garðlag (GK-080:106) sem suðvestast á svæðinu. Þessi garður var án efa umhvefis akurreiti (GK-080:035) til suðurs og áhugavert væri að aldursgreina hann til að kanna hvort hann sé samtíða Skagagarði. Á uppdrætti Brynjúlfs Jónssonar frá 1902 er teiknað bogadregið garðlag sem liggur til austurs að rústahól (GK-078:013) og er líklega um sama garð að ræða. Garðlagið liggur áfram til austurs og hvefur við húsið Grund, vegna jarðrasks. Fyrir austan það hús sést garðurinn aftur en töluvert jarðrask er á því svæði og hann rennur saman við aðrar, yngri hleðslur. Afar líklegt er að garðurinn hafi náð að túngarði Lambastaða (GK-078:013) sé tekið mið af legu og gerð þessarra garðlaga. Öll þessi garðlög eru bogadregin og útflött. Annars eru bogadregnar línur sjaldséðar meðal unglegra garða á svæðinu en yfirleitt afmarka yngri garðlög kantaða reiti.

Ekki er ljóst hvaða garður er elstur á milli Lambastaða og Útskála, þar er m.a. heimatún Lónshúsa en þar mótar ekki fyrr fornum garði á yfirborði. Hugsanlegt er að garðlag (GK-081:009) sem varð veitt er í tveimur hlutum, sé hluti af eldri merkjagarði milli þessarra jarða. Túngarður sem virðist nokkuð forn er milli Prestshúsa og Útskála (GK-085:003). Hann er ekki merktur inn á túnakort frá 1919 og er án efa löngu fallinn og horfinn úr notkun þá. Túngarðurinn er siginn og bogadreginn og með aðra stefnu en flest önnur garðlög á svæðinu. Hann afmarkaði heimatún Útskála til suðurs og líklegast er að hann sé sá túngarður sem Skagagarður lá að, ástand þeirra er svipað. Ef rétt er má segja að þetta sé talsverð uppgötvun og áhugavert væri



Á þessari mynd sjást Skagagarður GK-080:036 og túngarður Útskála GK-085:003.

að kanna aldur garðsins frekar með könnunarskurði. Túngarðurinn er vestan við núverandi heimreið að Útskálum og nær allt að Garðhúsum til austurs. Sá bær gæti verið byggður ofan á garðlagið. Óljóst framhald túngarðsins (GK-080:121) má greina austan Garðhúsa, í grónu túni og býlið Hellukot (GK-080:027) virðist reist ofan á þessum hluta garðsins. Austan Hellukots eru sigin garðlög utan verndarsvæðis í beinu framhaldi og ljóst að í neti garðlaga á þessum slóðum liggur fólginn mikill fróðleikur og sögu og byggðaþróun Út-Garðs. Túngarður (GK-088:014) afmarkar austurhlið verndarsvæðis og var landamerki milli Útskála og Miðhúsa. Þar sést nú grjóthlaðinn túngarður með vírgirðingu og ljóst að honum hefur verið haldið við síðustu áratugi en garðurinn er mögulega forn í grunninn. Innan heimatúns Útskála mótar fyrir signu garðlagi (GK-080:148), milli kirkjugarðsins og Útskálasíkis. Annað garðlag sést sunnan við meint býli (GK-080:071) og með góðum vilja má segja að mögulega hafi þeir afmakað tún þeirra býla. Túngarður (GK-080:114) liggur yfir hluta þessara minja og greinilega yngri.

Túngarður Lambastaða/Hofs (GK-078:013) er varðveittur í heild sinni nema til norðurs, þar er hann kominn í sjó og hlaðinn varnargarður ver ströndina. Ástand túngarðsins er misjafnt, við sjóinn sést vel hlaðið fjörugrjót en í túnum myndar það gróna hryggi.

Sunnan við heimatúnin sést móta fyrir enn öðrum garði, signum og útflöttum. Ástand hans er bágborið og hann skráður í fjórum hlutum (GK-080:116, GK-083:014, GK-084:007 og GK-080:146). Garðurinn er á því svæði þar sem byggðin þéttist mikið í lok 19. aldar og hefur hann horfið á köflum vegna bygginga og annarra yngri mannvirkja á svæðinu. Garðbútarnir eru hins vegar allir umfagsmiklir og sambærilegir elstu garðlögum á verndarsvæðinu. Garðlagið gæti hafa afmarkað akurlönd eða heimatún syðstu hjáleigna líkt og Presthúsa og Móhúsa að hluta. Þessir túngarðar eru umfangsmiklir, fornlegir og skipulag byggðarinnar fylgir þeim.

Næsta stig garðahleðslu sem fjallað er um hér eru garðar sem flestir eru taldir frá seinni hluta 19. eða 20. aldar þótt ekkert sé hægt um það að fullyrða. Flestir garðanna eru merktir inn á túnakort frá 1919 og er ástand þeirra oftast ágætt. Það er áhugavert að flest garðlaganna eru innan heimatúnanna, nærri eldri lögbýlum og þeim garðlögum sem hér hafa verið túlkuð sem elst. Garðlögin eru flest bein, algróin og afmaka kálgarða eða voru túngarðar. Af þeim eru garðlög (GK-079:020, GK-080:119, GK-082:014, GK-080:012 og GK-086:008) einna umfangsmest. Í norðausturhorni Útskálatúns eru greinilegar leifar af túngarði GK-080:008 sem er grjóthlaðinn.

Yngstu garðlögin sem skráð voru í verndarsvæðisskráningunni voru ýmis garðlög frá 20. öld og eru í flestum tilvikum kálgarðar eða undirhleðslur af girðingum. Kál- og kartöfluræktvirðist hafa blómstrað í Garði á 20. öld ef marka má fjölda kálgarða sem sýndir eru á túnakortum frá 1919. Sennilega hefur ræktunin þá verið tiltölulega nýtilkomin, enda talið að jarðrækt hafi fyrst færst í aukana á 19. öld eftir viðavarandi uppblástur á svæðinu allt frá 13. öld og fram á þá 19. Þegar sóknarlýsing Útskálaprestakalls var rituð árið 1839 var sóknarpresturinn í það minnsta ekki upprifinn yfir kálrækt samsveitunga sinna: „Kálgarðarækt er á sumum stöðum vel stunduð, en víða líka miklu verr en vera ber.“[32] Flestir voru kálgarðarnir sunnan við heimatún

32 Jón Þ. Þór. 1998: 91; SSGK. 1839: 172.

og umhverfis bæi sem byggðust upp á svæðinu. Með því að skoða þá sést vel hvernig umfang jarðræktar á svæðinu hefur vaxið og færst suður fyrir gömlu heimatúnin, með undantekningum. Sumir þessara kálgaða eru enn í notkun og ummerkin eru misgreinileg og umfangsmikil eins og gefur að skilja. Ekki er alltaf um stæðilegar hleðslur að ræða, sumir þeirra eru plægðir niður og kantur mótar þá.

Landamerki og ummerki þeirra eru ekki mörg innan skráningarsvæðisins. Eins og áður sagði eru núverandi túngarðar í mörgum tilvikum einnig landamerki milli jarða en einnig er getið um áletranir klappaða í steina (GK-078:014, 015 og 016, GK-079:016) sem allir eru hofnir. Ekki er ljóst af hverju en líklega eru þeir nú komnir í sjó.

Önnur hús í hverfinu

Það er ljóst að talsvert af þeim minjum sem setja hvað sterkast svip á Út-Garð eru frá 19.-20. öld. Þar vega þyngst útihústóftir ásamt kál- og túngörðum sem áður var fjallað um. Við skráningu verndarsvæðisins var skráð 61 útihús og er það um fjórðungur allra skráðra minja þar. Lítið er varðveitt af minjum um skepnuhald á skráningarsvæðinu annað en garðlög þau sem áður er getið sem hafa sjálfsagt mörg verið aðhöld eða vörslugarðar. Þær útihúsatóftir sem eru varðveittar vitna ekki um umfangsmikinn skepnubúskap, enda virðist hann nánast hafa verið aukabúgrein á þessu svæði en sjósóknin í aðalhlutverki. Þegar Jarðabók Árna og Páls var tekin saman 1703 var stærsta búið á Lambastöðum en þar voru 5 kýr, 11 ær, 6 sauðir, 6 lömb og 4 hross. Á Útskálum voru 5 kýr, 1 kvíga, 3 kálfar, 7 ær, 2 lömb og 5 hestar. Önnur bú voru mun minni. Árið 1837 voru aðeins 130 ær í Útskálaprestakalli en heldur fleiri brúkunarfær hross eða 142 og 133 kýr.[33]

Ekki var vitað um nákvæmt hlutverk flestra af þeim útihúsum sem skráð voru á svæðinu. Af 61 slíku húsi er aðeins vitað um nákvæmt hlutverk sex húsa, eða 10% þeirra, og sýnir það hversu mikill fróðleikur um þennan hluta sögu Garðsins hefur glatast á undanförnum áratugum. Upplýsingar um húsin eru allar fengnar af túnakortum frá 1919 og í einhverjum tilvikum af skipulagsuppdrætti frá 1954. Tæplega helmingur húsanna er horfinn af yfirborði eða 27 hús. Hluti af þessum húsum voru þrær en ein eða fleiri slíkar voru á hverri jörð. Í þær var safnað saman öllum úrgangi sem féll til á bæjum og borið á túnin á vorin

Af þeim húsum sem nákvæmt hlutverk er þekkt er ein fjárrétt, Lamastaðafjárrétt/Helgarétt (GK-079:015) sem var við sjávarkampinn. Réttin er gjóthlaðin úr fjörugrjóti en norðurhlið hennar er röskuð. Réttin var gjarnan talin gömul skilarétt fyrir hreppinn og syðri hluti hennar er vel varðveittur. Fjárskýli (GK-008:099) er sunnan við sjávarkampinn og norðurhluti hennar gengur undir malbikaðan göngustíg. Tóftin er sigin og ekki ólíklegt að norðurhlutanum hafi verið raskað vegna sjógangs. Ummerki um tvö gömul fjós eru varðveitt innan verndarsvæðis. Þúst (GK-080:033) er á svokölluðum Fjósaflötum í heimatúni Útskála en ekki er hægt að greina

33 JÁM III: 76-105; SSGK. 1839.

neitt lag á henni, örnefnið gefur þó helst til kynna að þetta hafi verið fjós. Í landi Hofs er fjós (GK-079:014) sem var byggt eftir 1930. Tóftin sést enn, og í henni mótar fyrir grjóthlöðnum veggjum. Ritaðar heimildir geta einungis um einn hjall (GK-087:004) innan verndarsvæðis en á túnakorti Vatnagarða frá 1919 er skrifað ‘3 timburskýli fyrir fisk.“ Þau eru horfin, en á sömu slóðum er nú göngustígur. Á túnakort Akruhúsa eru sýnd þrjú sambyggð hús og skifað við þau „malir“. Þessi mannvirki eru öll horfin.

Innan heimatúnanna voru skráðar 19 þústir, í öllum tilvikum var talið augljóst að mannvistarlög leyndust þar undir sverði. Í mörgum tilvikum er líklega um útihús eða minjar tengdar sjósókn að ræða en nánari upplýsingar um hlutverk þeirra og aldur má aðeins fá með fornleifauppgreftri.

Minjar um sjósókn

Þrátt fyrir að ljóst sé að íbúar í Útskálasókn hafi ætíð stundað sjósókn samhliða búskap eru ekki hlutfallslega margar sýnilegar minjar um sjósókn innan verndarsvæðis. Slíkar minjar eru samtals 15 talsins. Ástæður þessarar fæðar eru að öllum líkindum tvær. Í fyrsta lagi gætu flestar minjar um sjósókn hafa horfið vegna landbrots og tíðra framkvæmda við sjávarsíðuna á 20. öld. Þetta á við um naust, fiskreiti, sundmerki o.fl. Í öðru lagi er ekki alltaf augljóst að mannvistarleifar hafi tengst sjósókn ef ekki eru til heimildir um notkun þeirra.

Best varðveittu minjar um sjósókn á verndarsvæðinu eru ruddar varir eða lendingar. Innan skráningarsvæðisins eru þrjár slíkar varðveittar og hafa verið merktar með skiltum á undanförnum árum af Guðmundi Garðarssyni og Vilhelm Guðmundssyni. Augsýnilega hefur mikil vinna verið lögð í að halda vörunum þokkalegum, enda líf manna komið undir því að hægt væri að ná landi líkt og kemur fram tillögu að verndarsvæði í byggð. Þetta eru Akurhúsavör (GK-082:007), Miðvör (GK-081:006) og Lónið (GK-080:020). Tvær aðrar lendingar eru innan skráningarsvæðis, Lambastaðavör (GK-078:003) og Króksvör (GK-080:019) en öll ummerki um þær eru horfnar. Á Lambastöðum voru umsvif konungsútgerðarinnar mikil á 16.-18. öld en lítil sem engin ummerki um hana varðveitt nema sjálf Lambastaðavör. Það er ljóst að þennan hluta atvinnu- og byggðasögu svæðisins þarf að rannsaka mun betur. Líklega er útgerðarsvæði Lambastaða komið í sjó, á 18. öld er búið að flytja bæinn vegna sjógangs. Í máldaga Útskála frá 14. öld sést að lendingar og uppsátur voru einnig við býlið Naust en það svæði er komið í sjó og engar upplýsingar aðar en ritaðar heimildir varðveittar um þá jörð og minjar þar.

Fjögur uppsátur eru merkt inn á Túnakort frá 1919 og Skipulagsuppdrætti frá 1954. Uppsátur (GK-080:140) er sunnan við Króksvör, suðurhlið þess er hlaðin og tvö bátaspil sjást þar enn. Þarna voru bátar úr Króksvör teknir á land. Í landi Lambastaða er uppsátur (GK-078:024), þar sér enn móta fyrir grónum kanti, sunnan við Lambastaðavör. Bátaspil (GK-081:013) er sýnt

á túnakorti nærri Lónshúsum en ummerki þess eru horfin undir byggingu. Hið sama má segja um uppsátur (GK-082:015) við Lónshúsavör sem komið er undir malbikað plan. Fiskimalir (GK-078:027) eru sýndar á túnakorti frá 1919 við Lambastaði en þess sjást ekki merki á yfirborði.

Einungis tvær þurrabúð eru þekktar á skráningarsvæðinu. Í Jarðabók Árna Magnússonar er minnst á konungsbúð á Lambastaðastöðum en ekki er vitað hvar hún var. Þurrabúð var gerð í bæjarhúsum Hofs um 1906 í kjölfar þess að bærinn var fluttur. Tóft þurrabúðarinnar er nú undir trébrú á göngustíg sem liggur meðfram sjávarsíðunni og ljóst að miklar brreytingar hafa orðið á eldri bæjarhól Hofs á síðustu 10 árum eða svo.

Samgönguminjar

Á skráningarsvæðinu eru 20 minjastaðir sem tengjast samgöngum, en stór hluti þeirra er horfinn vegna jarðræktar. Allt eru þetta leiðir sem flokka mætti sem styttri leiðir innan landareignar auk minjastaða sem tengjast samgöngum á sjó.

Garðskagaviti (GK-080:060) er reistur 1897 en nýrri viti var reistur árið 1944. Báðir vitarnir standa enn og eru orðnir eitt helsta kennileiti Garðs. Þrjú siglingamerki (GK-080:065, GK-080:066 og GK-079:025) eru innan skráningarsvæðis, á þeim öllum eru nú grjóthrúgur og rekaviðartré. Merkin eru fallin úr notkun en það væri áhugavert í ljósi sögu svæðisins að halda þeim við.

Aðeins einar reiðgötur (GK-080:067) voru skráðar innan úttektarsvæðis. Þær lágu sjávarmegin við Akurhús, á svæði sem kallaðist Sandaflatir. Þar mátti greina allt að 13 troðninga innan heimatúns sem bendir til þess að leiðin hafi verið fjölfarin en ekki er vitað hvert leiðin lá.

Á túnakortum frá 1919 eru teiknaðar traðir að sjö bæjum á svæðinu en hvergi sjást ummerki um þær lengur. Traðirnar lágu flestar til suðurs frá bæjunum en ekki í átt til sjávar, litlar sem engar heimildir hafa varðveist um sjávargötur. Í upphafi 20. aldar er því greinilegt að þungamiðjan í samgönguneti Út-Garðs hefur verið sunnan við heimatúnin, eftir vegi þar sem Skagabraut liggur enn. Ekki er ljóst hvort að svo hafi alltaf verið en heimildin um reiðgöturnar gefur til kynna að mikilvæg leið hafi áður verið norðar, nær sjó. Malarvegur er yfir tröðum (GK-079:12) að Hofi. Þær voru um 20 m breiðar og enduðu beint vestan við yngra bæjarstæðið. Traðir (GK-080:139) lágu til norðurs frá vegi (núverandi Skagabraut) inn á gróið svæði milli býlanna Fögruvalla og Sjávargötu. Á sama stað er nú vegslóði að Steinshúsi sem byggt var eftir 1920. Traðir (GK-078:008) lágu til suðurs frá Lambastöðum en á svipuðum slóðum er nú gróin lág í túni. Traðir (GK-080:131) lágu til suðurs frá Fögruvöllum, í gegnum kálgarða. Á þessu svæði eru nú gróin tún og engin ummerki traðanna merkjanleg. Frá Móhúsum lágu traðir (GK-080:025) að fyrrnefndum vegi sunnan við túnin en öll ummerki þeirra eru horfin í tún. Hið sama má segja um traðir (GK-083:003) sem lágu til suðurs frá Nýjabæ, þær eru komnar í tún og lítil sem engin ummerki þeirra sjást lengur. Traðir (GK-080:100) lágu til norðurs frá Nýlendu

að kálgörðum sem þar voru. Á Útskálum voru tvennar traðir, aðrar lágu til suðurs frá bænum (GK-080:011) að fyrrnefndum vegi og traðir (GK-080:013) til norðausturs að Naustahliði. Yfir þeim báðum eru akvegir í dag. Þetta eru einu „gömlu traðirnar“ sem liggja til norðurs innan skráningarsvæðisins.

Ýmsar aðrar götur eru teiknaðar inn á túnakort frá 1919. Götur eru einnig sýndar á túnakortum. Í landi Lónshúsa lágu götur (GK-081:011) til suðvesturs frá Lónshúsum að hliði sem þar var á túngarðinum. Göturnar sjásst ekki lengur. Leið (GK-082:008) er einnig merkt á túnakortið og lá til suðurs frá fiskimölum (GK-081:005) og lendingnum sem þar eru. Líkt og aðrar götur innan svæðis er hún horfin. Steypt stétt (GK-080:061) er sýnd á túnakorti frá 1919 frá Garðskaga að Garðskagavita, þar er enn vegur. Leið (GK-080:137) var fast vestan við Fögruvelli og lá inn á gróið svæði milli kálgarða Fögruvalla og kálgarða Hofs. Á sama stað er nú malarvegur að Efra-Hofi. Leið (GK-084:004) lá til suðurs fá Móakoti en þar er nú malarvegur að bænum.

Brunnar

Áberandi minjaflokkur á svæðinu eru brunnar en aðgangur að fersku vatn var víða erfiður á Reykjanesi. Allt vatn í Út-Garði var sótt í brunna en einnig var vatni safnað í þrær eða kör við hús. Sumir brunnanna sem voru skráðir voru aldagamlir meðan aðrir eru gerðir á 20. öld.[34] Alls voru skráðir 11 brunnar á svæðinu en enginn þeirra er enn í notkun. Brunnur (GK-083:005) var gerður á fyrrihluta 20. aldar og vatn leitt úr honum inn Nýjabæ. Þar sést nú einungis dæld á yfirborði. Brunnur (GK-080:155) sem var gerður árið 1929 við Nýlendu er horfinn en óljós ummerki þústar (GK-082:013) sem líklega eru leifar af brunn fundust í landi Akurhúsa. Á skipulagsuppdrætti frá 1954 er merktur brunnur (GK-086:004) í landi Garðhúsa en engin ummerki hans sjást nú í grónu túni. Hið sama má segja um brunn (GK-080:138) sem er merktur á túnakort frá 1919 vestan við Sæból, en hann er horfinn undir malarveg. Lónshúsabrunnur (GK-081:012) sést vel og er merktur með litlu skilti. Hliðar hans eru steyptar og plata er yfir opi hans. Hið sama má segja um brunn (GK-085:004) í Prestshúsum, steyptur kassi er umhverfis hann og járnhleri yfir. Ártalið 1938 er teiknað í steypuna en brunnurinn er í grunninn eldri, hann er sýndur á túnakorti frá 1919. Tveir brunnar (GK-087:006 og 007) eru í Vatnagörðum. Þar var tvíbýli og eru brunnarnir frá sitt hvorum bænum. Báðir eru þeir fullir af grjóti. Brunnur (GK-080:075) var sunnan við kirkjugarðinn á Útskálum, þar er gróin dæld sem ber honum vitni. Brunnur (GK-079:008) var í landi Hofs og þar er nú hólbunga yfir.

Margvíslegar annars konar minjar voru skráðar við úttekt á verndarsvæðinu og vísast að mestu til fornleifaskráningar um einstaka minjastaði þar sem sjaldan eru margir hverri gerð. Í lokinn er vert að minnast á tvo minjastaði sem láta lítið yfir sér en gætu engu að síður verið mjög

34 Jón Þ.Þór. 1998: 214.

merkir. Við skráningu vegna verndarsvæðis fundust tveir öskuhaugar, annar í Vatnagörðum en hinn í Miðhúsum. Ummerki um báða öskuhaugana fundust í rofi sem myndast hafði vegna ágangs hrossa. Öskuhaugur (GK-087:009) er norðan við nyrðri bæinn í Vatnagörðum. Þar er hólbunga innan við túngarðinn og mikill sandur í jarðvegi. Þar er rof í gróðurþekju og um 0,1-0,2 m þykkt lag af fiskibeinum blasir þar við. Ekki var hægt að greina ösku eða brennd bein þar. Öskuhaugur (GK-088:022) fannst norðan í svokölluðum Miðhúsahól, þeim hluta sem er innan verndarsvæðis. Hóllinn skagar til norðurs að Útskálasíki og þar er í rofi mikið af ösku og brenndum beinum. Bæjarhóll Miðhúsa GK-088 er fast austan við verndarsvæðið og hefur öskuhaugurinn tilheyrt þeim bæ.

Samantekt á niðurstöðum

Lengi hefur verið þéttbýlt á Garðskaga en svæðið sem hér er til skoðunar kallast í daglegu tali Út-Garður. Það samanstendur í grunninn af hinum fornu býlum Útskálum, Lambastöðum og hjáleigum þeirra. Skráningin náði yfir hin fornu heimatún þessara jarða og nánasta nágrenni. Hinir eiginlegu „úthagar“ voru ekki skráðir og þar af leiðandi ekki minjar af því tagi sem helst finnast á slíkum svæðum, s.s. sel, stekkir, beitarhús, o.s.frv.. Útskálahjáleigurnar, Lambastaðir og Hof eru merktar inn á túnakort frá upphafi 20. aldar ásamt kálgörðum og öðrum mannvirkjum sem þeim fylgdu. Túnakortin eru bestu tiltæku heimildirnar sem völ er til að veita innsýn inn í menningarlandslag svæðisins í upphafi 20. aldar, fyrir tíma stórvirkra vinnuvéla þrátt fyrir að byggðin hafi strax á þessum tíma verið farin að þenjast út. Þrátt fyrir að mikið jarðrask hafi verið á svæðinu undanfarna áratugi er með ólíkindum hversu vel hversu góða og nákvæma mynd túnakortin gefa af mannvirkjum og þá um leið hversu mikið af minjum er enn varðveitt. Minjarnar spanna að líkindum allt tímabil búsetu á svæðinu, allt frá landnámi og fram eftir 20. öld (en hluti minja sem skráður teljast ekki til fornleifa samkvæmt skilningi laganna).

Innan skráningarsvæðisins eru samtals þekktar 27 minjar og af þeim voru 110 staðir nýskráðir vorið 2019 en 157 staðir höfðu áður verið skráðir en voru nú mældir upp og skráningin endurskoðuð. Ástand minja á skráningarsvæðinu er sem fyrr segir gott, einkum í ljósi þess hversu þéttbýlt það er en aðeins um þriðjungur þekktra minjastaða reyndist alveg horfin. Á öðrum stöðum sáust einhver ummerki um minjastaði, þótt þau væru stundum brotakennd. Mikið rask hefur átt sér stað innan svæðisins á síðari árum samfara þéttingu byggðar s.s. við húsbyggingar og jarðrækt. Minjar hafa oftast horfið vegna niðurrifs og sléttunar eða vegna þess að ný mannvirki hafa verið byggð í stað þeirra gömlu. Minjar við ströndina hafa einnig horfið og skemmst vegna ágangs sjávar. Með gerð sjóvarnargaðs var að mestu komið í veg fyrir frekara landbrot á norðanverðu svæðinu.

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar innan fyrirhugaðs verndarsvæðis. Ákveðið var að meta það sem svo að uppistandandi hús teldust ekki í hættu. Aðrar minjar töldust allar vera

í almennri hættu vegna ábúðar en slíkt er vinnuregla með minjar í nágrenni jarða og innan þéttbýlis. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir innan verndarsvæðisins svo vitað sé en í þéttbýli og á athafnasvæðum er slík hætta ævinlega til staðar. Þó að fornminjar sjáist ekki á yfirborði er oftar en ekki hægt að finna leifar þeirra undir sverði og því kunna minjar að teljast í hættu þó að þær séu ekki lengur sýnilegar.

Í raun má kalla byggðina í Út-Garði „dreift þéttbýli“. Meginreglan um dreifingu minjastaða er sú að flestir þeirra eru í og við heimatún en þeim fækkar hlutfallslega eftir því sem fjær dregur bæ. Innan túns eru líkur á að mannvistarleifar leynist undir sverði einnig mun meiri en annars staðar. Því má gera ráð fyrir að til viðbótar við þær tæplega 280 fornleifar sem þekktar eru innan verndarsvæðis leynist áður óþekktar mannvistarleifar víða þar sem allt úttektarsvæðið er í raun innan heimatúna. Til að koma í veg fyrir að minjum verði spillt eða leggja þurfi út í mikinn kostnað við að bjarga fornleifum sem er ógnað er gjarnan mælt með að forðast allar umfangsmiklar framkvæmdir í heimatúnum gamalla jarða og er það ítrekað hér. Framkvæmdir nærri bæjarhól Útskála eru gott dæmi. Þar viku minjar sem voru skráðar árið 2005 án nokkurra rannsókna vegna byggingar sem aldrei var reist.

Akurlönd GK-080:035 eru eini friðlýsti minjastaðurinn innan svæðisins. Minjunum hefur engu að síður verið raskað á síðustu áratugum svo vart sér til þeirra lengur nema á litlu svæði norðan við Hólavöll. Hins vegar sjást fleiri ummerki um akurreiti á yfirborðslíkani sem gert var í þessari skráningu og á því má greina akurreinar til austurs allt að Hofi. Það gefur til kynna að ummerki um akrana séu enn varðveitt undir yfirborði þótt þau séu orðin illgreinanleg á yfirborði. Þetta þarfnast frekari rannsókna en ef rétt reynist gæti friðlýsingin Akurlanda náð til þessa svæðis og það haft áhrif á nýtingu þess.[35]

Nokkrar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar innan verndarsvæðisins á síðustu árum og hafa þær staðfest að búsetu á Útskálum fyrir 12. öld. Skagagarðurinn hefur einnig verið aldurgreindur og er frá 10. - 11. öld. Sá hluti Skagagarðsins sem liggur innan skráningarsvæðis sést ekki á yfirborði en líklega eru leifar hans merkjanlegar undir sverði og enn sér móta fyrir honum sunnan Skagabrautar. Við þessa skráningu fundust nokkur sambærileg garðlög sem kunna að hafa markað suðurhlið heimatúna á svæðinu og gætu þannig hafa gegnt svipuðu hlutverki og Skagagarðurinn. Brynjúlfur Jónsson teiknaði líklega hluta þeirra inn á uppdráttsinn frá árinu 1902. Ljóst er að það gæti orðið mjög áhugavert rannsóknarefni að kanna þetta forna net garðlaga, aldur þeirra og innbirgðis tengsl.

Minjarnar sem skráðar voru innan verndarsvæðis hafa mismunandi hlutverk en eiga það sammerkt að endurspegla eðli og nýtingu svæðisins. Algengustu minjarnar sem skráðar voru reyndust ýmiskonar hús. Þar vógu þyngst íveruhús af margvíslegum gerðum þ.e. bústaðir og býli enda lengi verið þéttbýlt á svæðinu en nokkur fjöldi útihúsa var einnig skráður. Talsverður fjöldi kálgarða var einnig skráður og sömuleiðis garðlög sem byggð voru í annars konar tilgangi,

35 Einnig er ljóst að ummerki um akurlöndin sjást sunnan Skagabrautar en ekki var farið í kortlagningu þeirra í þessari skráningu.

t.d. túngarðar, garðar sem reistir voru til að marka eignarrétt á minni jarðskikum og landamerki jarða. Túngarðarnir eru eflaust margir að stofni til fornir en kálgarðarnir frá síðari öldum. Kvikfjárrækt og garðrækt hefur verið talsverð á svæðinu og ber fjöldi garðlaga, túngarða og kálgarða þess vitni.

Sjávarútvegur hefur frá fornu fari verið aðalatvinnuvegur Garðverja en vægi hans endurspeglaðist ekki nema að litlu leyti í þeim minjum sem skráðar voru. Aðeins ein þurrabúð er varðveitt á svæðinu, á gamla bæjarhól Hofs. Á Lambastöðum voru mikil umsvið konungsútgerðar á 16.-18. öld en engin ummerki um hana eru varðveitt. Heimildir eru um fimm lendingar á svæðinu en tvær þeirra eru horfnar. Skráningin bendir til að mikið af minjum tengdum fiskveiðum hafi horfið í sjó á undanförnum áratugum og öldum.

Fornleifaskráning í þéttbýli verður, eðli málsins samkvæmt, nokkuð frábrugðin þeirri skráningu sem gerð er á bújörðum í dreifbýli. Þrátt fyrir að búið sé að safna mjög miklum fróðleik um minjar í Út-Garði má minna á að áður óþekktar mannvistarleifar geta enn komið í ljós við umrót.

Skráning minja í þéttbýli er mikilvæg til að skilja hvernig menningarlandslag hefur breyst og þróast í tímans rás. Fátt vegur þyngra þegar leggja á mat á ásýnd og verndargildi byggðar. Þá skiptir máli að átta sig á uppruna og einkennum sögulegrar byggðar til að meta á hvaða rótum byggingararfur á svæðinu hvílir. Þrátt fyrir að ásýnd byggðar og byggingararfur hafi tekið talsverðum breytingum á á liðinni öld hefur svæðið samt sem áður haldið mörgum af sínum helstu sérkennum. Þar er t.d. enn að finna mikið af garðlögum setja svip sinn á svæðið og höfðu ráðandi áhrif á skipulag svæðisins allt fram á 20. öld. Einhverra hluta vegna mikilvægi ekki farið hátt fram að þessu en vel mætti nota hugmyndir um verndarsvæði í byggð til að draga fram mikilvægi garðlaga á svæðinu, bæði landamerkjagarða, túngarða og akurgarða enda endurspeglast það í sjálfu nafni svæðisins. Ljóst er að megindrættir í búsetuþróun Út-Garðs voru dregnir snemma en að umfang byggðarinnar hafi aukist mjög mikið allt frá síðari hluta 19. aldar. Af túnakortum frá 1919 sem til eru af svæðinu má þó sjá að þar hafa þegar verið dregnir margir af helstu dráttum búsetulandslagsins þótt byggðin hafi vissulega þéttst mikið síðan kortið var gert. Á túnakortum eru jafnframt sýndar leiðir og hluti af þeim er í raun grunnur vegakerfis sem enn er notað. Á verndarsvæðinu má enn má sjá margvísleg merki um eldri byggð á svæðinu og verði tillagan að verndarsvæði í byggð samþykkt munþað vonandi stuðla enn betur en áður að varðveislu þess menningarlandslags sem þar er að finna

Ljóst er að minjar innan verndarsvæðisins eru merkar og í þeim er fólginn áhugaverður vitnisburður um sögu jarðarinnar og byggðarlagsins alls. Allra markverðustu minjarnar teljast líklega, auk sjálfra bæjarhólanna, vera akurreitir og fornir garðar sem geyma áhugaverða sögu sem ekki hefur verið sögð nema að hluta. Markverðar minjar er að finna um allt svæðið í formi tófta og húsagrunna, útihúsa og garða og annarra minja sem bera vitni um daglegt líf í Út-Garði um aldir.

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson. 2005. *Fornleifakönnun á Útskálum, Garði. Framvinduskýrsla*. FS282-05101. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ágústa Edwald. 2008. *Fornleifar á Garðskaga. Deiliskráning*. FS367-07221. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Árni Magnússon. 1955. *Chorographica islandica,* (Safn til sögu Íslands. Annar flokkur I, 2). Reykjavík.

Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 2005. Útskálar í Garði. Deiliskráning. FS291-05102. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárudóttir o.fl. 2008. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Rafnkellsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna)*. FS404-08011. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2017. Garður á Reykjanesi: fornleifaskránign vegna deiliskipulags. FS662-17241. Reykjavík: Fonrleifastorfun Íslands.

Brynjúlfur Jónsson. 1903. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1902*, bls. 31-52.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn og Reykjavík 1853-1976.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. 1983. Reykjavík: Sveinbjörn Rafnsson gaf út.

Friðlýsingarskrá. *Skrá um friðlýstar fornleifar.* 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd –Þjóðminjasafn Íslands.

Garðar Guðmundsson, Mjöll Snæsdóttir, Ian Simpson, Margrét Hallsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson og Kolbeinn Árnason. 2004. „Fornir akrar á Íslandi.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 2002-2003*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 79-106.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2006. *Fornleifakönnun að Útskálum*. FS303-06092. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Gunnar M. Magnúss. 1963. *Undir Garðskagavita. Héraðssaga Garðs og Leiru*. Reykjavík.

JÁM III: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III*. 1990. Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Jón Böðvarsson. 1988. *Suður með sjó: leiðsögn um Suðurnes*. Keflavík: Rótaríklúbbur Keflavíkur

Jón Þ. Þór. 1998. *Gerðahreppur 90 ára*. útg. Reykjavík: Gerðahreppur.

Kristján Eldjárn. 1977. „Skagagarður - fornmannaverk.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1977*, bls. 107-19.

Kristján Eldjárn. 2016. *Kuml og haugfé*. Adolf Friðriksson (ritsjóri). 3. útgáfa. Reykjavík: Mál og menning.

Magnús Grímsson. 1940. „Fornminjar á Reykjanesskaga.“ *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II, Ýmsar ritgerðir*. Reykjavík, bls. 243-62.

Skýrsla FÍ: 1868. *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* I. *1863-1866*, Kaupmannahöfn.

SSGK: , 1937-39. Sigurður B. Sívertsen, ‘Lýsing Útskálaprestakalls 1839.’ og ‘Viðbætir við lýsingu Útskálaprestakalls.’ *Sýslulýsingar og sóknalýsingar* (Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III), Reykjavík, bls. 156-88.

Stefán Ólafsson. 2014. *Lónshús í Garði. Framkvæmdavöktun.* FS551-1414. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Suðurnesjabær. Húsakönnun í Útgarði. 2018. Kanon Arkitektar, óútgefin skýrsla.

Þórgunnur Snædal. 2002. „Rúnaristur á Íslandi.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 2000-2001*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls 5-68.

Óprentaðar heimildir

Stúdentakort 1954: Uppmæling af þéttbýli í Garði árið 1954. Gerð af stúdentum í verkfræði. Frumrit varðveitt á skrifstofu sveitarfélagsins.

Ö-Garðskagi, Hof, Lambastaðir: Garðskagi , Hof og Lambastaðir [örnefnaskrá]. Sigríður

Jóhannesdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Ö-Gerðar, aths.: Gerðar. Athugasemdir. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Ö-Miðhús og Krókur: *Miðhús og Krókur* [örnefnaskrá], Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Ö**-Miðhús og Krókur, aths.:** *Miðhús og Krókur* [athugasemdir við örnefnaskrá]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Ö-Nýlenda, Akurhús, Lónshús: Nýlenda, Akurhús og Lónshús [örnefnaskrá], Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Ö-Útskálar. *Útskálar* [örnefnaskrá], Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Túnakort 1919: Túnakort fyrir Rosmhvalaneshrepp frá því um 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildamenn:

Ásgeir Hjálmsson. Fæddur 12.01.1943
Gestur Gestsson. Fædddur 17.01.1935.
Guðni Ingimarsson. Fæddur 30.12.1903.
Ingibjög Anna Gísladóttir. Fædd 15.06.1935.
Magnús Gíslason. Fæddur 05.08.1932.
Vilhelm Guðmundsson. Fæddur 15.07.1937.

Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93

Samtala	A	N
78002	320651.524	402748.320
78003	320632.862	402758.925
78004	320617.893	402631.347
78005	320747.113	402636.842
78006	320643.913	402619.122
78007	320667.824	402572.843
78008	320625.703	402718.549
78009	320730.927	402638.858
78010	320799.835	402678.825
78013	320227.085	402711.059
78017	320586.741	402611.763
78018	320698.500	402716.205
78019	320712.353	402718.847
78020	320714.461	402704.665
78021	320730.601	402624.927
78022	320627.377	402552.409
78023	320686.554	402739.606
78024	320612.731	402744.678
78025	320601.251	402759.625
78026	320635.340	402731.325
78027	320625.451	402737.516
78028	320631.883	402750.942
78029	320656.324	402738.239
78030	320668.786	402742.581
79001	320479.542	402791.186
79002	320476.931	402716.515
79003	320498.052	402788.965
79004	320549.032	402764.453
79005	320480.090	402780.975
79006	320428.478	402799.992
79007	320463.837	402675.182
79008	320444.050	402723.652
79009	320422.695	402801.284
79010	320334.650	402684.498
79011	320450.203	402699.507
79012	320465.900	402716.232
79013	320376.700	402796.424
79014	320380.672	402685.422

79015	320276.616	402863311
79016	320266.272	402865.920
79017	320553.215	402712.961
79018	320580.979	402644.238
79019	320575.794	402723.161
79020	320518.701	402666.979
79021	320486.897	402734.475
79022	320432.892	402784.004
79023	320310.540	402844.883
79024	320231.854	402733.490
79025	320318.505	402758.161
79026	320373.076	402803.024
79027	320406.605	402780.678
79028	320549.735	402678.091
79029	320418.899	402793.907
79030	320460.875	402727.591
80001	321176.128	402374.059
80002	321223.286	402387.963
80003	321168.917	402389.900
80004	321164.122	402356.498
80005	321162.428	402372.699
80006	321203.671	402350.784
80007	321215.208	402515.001
80009	321092.315	402582.348
80010	321317.447	402514.858
80011	321287.479	402445.074
80012	321345.059	402412.044
80013	321156.350	402303.988
80014	321354.202	402360.812
80015	321409.250	402545.109
80019	321474.587	402455.625
80020	320916.921	402687.514
80022	321371.301	402493.367
80023	320828.055	402421.357
80025	320820.764	402412.732
80026	320735.769	402512.950
80027	321244.696	402173.407
80028	321224.594	402182.547
80029	321230.575	402165.688
80030	321227.800	402170.356
80033	321109.443	402526.622

80035	320125.044	402797.200
80036	320954.827	402277.866
80038	321124.168	402426.493
80044	321395.732	402306.112
80048	320728.817	402492.321
80049	320802.235	402447.250
80050	320762.023	402564.746
80051	321202.792	402384.234
80052	320408.061	402606.219
80053	320477.120	402632.397
80054	320445.693	402585.858
80055	320410.430	402636.144
80056	320428.911	402628.891
80057	320433.308	402601.443
80058	320284.603	402692.717
80059	320423.061	402585.815
80060	319894.679	403024.796
80061	319930.037	403002.903
80062	320066.491	402859.521
80063	320082.928	402800.877
80064	320215.304	402731.380
80065	321068.548	402523.305
80066	321002.746	402378.164
80067	321085.348	402554.520
80069	320453.580	402627.492
80070	321083.170	402394.454
80071	321285.897	402277.280
80072	321321.838	402284.541
80074	320753.514	402592.805
80075	321293.891	402402.889
80076	319996.769	402744.506
80077	320222.768	402753.860
80099	321293.750	402506.374
80100	320761.956	402526.798
80101	321029.552	402361.642
80102	321057.411	402328.410
80103	321042.658	402344.448
80104	321070.189	402457.446
80105	321168.381	402547.755
80106	320126.047	402702.436
80107	320856.728	402416.741

80108	320426.218	402625.760
80109	321258.813	402203.198
80110	321206.496	402515.980
80111	320500.185	402559.133
80112	320481.005	402560.448
80113	320514.448	402550.672
80114	321246.290	402295.927
80115	320827.793	402511.684
80116	320757.431	402480.788
80117	321188.931	402107.335
80118	321257.366	402478.435
80119	321181.067	402470.346
80120	321301.313	402493.657
80121	320099.887	402871.763
80122	320092.426	402856.556
80123	320087.750	402866.084
80124	320100.699	402861.552
80125	320077.958	402857.749
80126	320220.679	402787.753
80127	320048.471	402844.397
80128	320022.835	402898.223
80129	320135.399	402772.714
80130	320180.870	402765.775
80131	320289.257	402663.115
80132	320270.468	402648.408
80133	320279.073	402696.198
80134	320385.196	402649.289
80135	320406.266	402619.598
80136	321261.471	402258.395
80137	320387.167	402594.834
80138	320397.278	402609.682
80139	320454.014	402610.048
80140	321468.614	402440.660
80141	321215.525	402171.910
80142	320594.980	402553.806
80143	320751.745	402494.880
80144	320730.520	402513.372
80145	321172.445	402149.594
80146	321165.675	402162.737
80147	321178.502	402365.037
80148	321359.741	402367.045


80149	321329.021	402417.396
80150	321364.393	402448.749
80151	321304.261	402286.482
80152	321323.292	402256.999
80154	321229.076	402392.728
81001	320855.576	402669.693
81002	320890.935	402636.828
81003	320929.022	402632.106
81004	320967.936	402627.692
81005	320937.722	402643.998
81006	320960.292	402685.730
81007	320803.676	402681.199
81008	320825.525	402673.599
81009	320777.588	402628.338
81010	320822.451	402569.582
81011	320821.767	402610.502
81012	320848.030	402597.189
81013	320975.734	402617.889
81014	320909.647	402648.601
81015	320889.967	402646.995
82001	320985.058	402519.181
82002	320999.211	402514.497
82003	320939.340	402512.716
82004	320917.676	402486.453
82006	321033.828	402486.040
82007	320973.905	402669.673
82008	320965.849	402573.791
82009	320906.259	402515.563
82010	320958.011	402511.666
82011	320918.174	402526.433
82012	321053.709	402467.086
82013	321054.028	402484.379
82014	320912.905	402466.654
82015	320961.741	402612.863
82016	321017.959	402586.359
82017	320975.229	402571.798
82018	320902.690	402521.647
82021	321039.868	402534.210
83001	320959.782	402397.660
83003	320925.890	402344.510
83004	321014.932	402391.596

83005	321032.270	402389.811
83006	321049.412	402394.089
83007	320983.591	402461.979
83007	320963.248	402456.087
83009	320975.277	402357.961
83010	320918.402	402335.629
83013	320916.371	402410.164
83014	320929.533	402341.619
83015	320941.887	402393.860
83016	320953.946	402389.036
83017	320976.635	402400.917
84001	321012.869	402299.619
84002	321009.267	402259.204
84003	321001.303	402278.928
84004	320999.451	402259.575
84005	321040.001	402315.965
84006	321047.821	402315.934
84007	320998.274	402271.702
84007	321029.399	402243.384
84009	321043.342	402307.282
84010	320997.390	402309.006
84012	321008.296	402301.402
85001	321076.784	402229.611
85003	321105.641	402249.963
85004	321124.012	402221.592
85005	321067.374	402264.770
85006	321099.139	402194.168
85007	321193.965	402291.479
86001	321190.756	402208.910
86002	321182.220	402196.294
86003	321155.818	402176.021
86004	321196.863	402219.034
86005	321150338	402191.589
86006	321201678	402224.789
86007	321175438	402176.252
86008	321129386	402197.978
86009	321192221	402202.678
86010	321165715	402212.162
87001	321499428	402359.786
87002	321490265	402389.924
87003	321512018	402345.702

87004	321526.154	402382.017
87005	321476.921	402409.558
87006	321475.809	402385.969
87007	321483.751	402373.060
87008	321522.254	402368.612
87009	321495.890	402407.971
87010	321504.455	402371.437
87011	321497.765	402397.849
88022	321411.286	402293.675
078010 2	320463.600	402659.790
078022 2	320744.489	402599.796
080008 1	321372.098	402493.661
080008 2	321368.586	402486.698
080008 3	321380.389	402462.279
080024 1	320883.131	402424.374
080024 2	320866.625	402409.760
080024 3	320887.004	402418.264
080035 2	320236.971	402829.689
080039 1	321206.267	402439.991
080039 2	321191.599	402444.625
080039 3	321188.777	402460.798
080039 4	321178.139	402451.201
080039 5	321173.084	402436.766
080115 2	320788.641	402498.159
082001 1	321002.542	402506.774
082001 2	321013.065	402517.472
082005 1	320985.575	402628.913
082005 2	320980.213	402625.096
082005 3	320969.322	402624.688
082005 4	320986.312	402625.680
082005 5	320986.342	402618.021
082019 1	321040.252	402453.282
082019 2	321040.680	402466.858
082019 3	321038.545	402458.554
082020 1	321022.701	402455.189
082020 2	320996.322	402462.006
082020 3	321023.720	402459.176
082020 4	320992.918	402460.388
083002 1	320959.626	402376.727
083002 2	320939.690	402388.741
083002 3	320945.453	402376.824

083002 4	320945.146	402372.346
083008 1	320894.594	402421.924
083008 2	320892.246	402417.690
083011 1	320917.379	402393.196
083011 2	320911.105	402397.921
084011 1	321054.363	402279.358
084011 2	321041.369	402255.879
085002 1	321037.392	402241.408
085002 1	321029.287	402233.069
085002 2	321080.084	402198.023
088014 1	321382.561	402255.062
088014 2	321283.784	402240.491
088014 3	321223.157	402138.695

Viðauki II: Minjakort





- Minjar
- Uppmæld lína
- Bæjarhóll
- Grjóthlaðnar minjar
- Steypa
- Grónar minjar
- þúst

0 50 100 150 200 m


Kort 1: Garðskagi og nágrenni.




Kort 2: Lambastaðir, Hof og nágrenni




Kort 3: Útskálar og nágrenni



Kort 4: Elstu garðlög og bæir innan verndarsvæðis á hnitsettu yfirborðslíkani með 50% hæðaskyggingu.
©Fornleifastofnun Íslands.



Kort 5: Fyrsta og annað skeið garðlaga og bæir innan verndarsvæðis á hnitsettu yfirborðslíkani með 50% hæðaskyggingu. ©Fornleifastofnun Íslands.



Kort 6: Öll garðlög og bæir innan verndarsvæðis á hnitsettu yfirborðslíkani með 50% hæðaskyggingu.
©Fornleifastofnun Íslands.